



Kristinn Gylfi Jónsson, einn eigenda Brúneggja, segir að fyrirtækið hafi misst alla sína viðskiptavini eftir umfjöllun Kastljóss, eða svo gott sem. Eigendur Melabúðarinnar í Reykjavík voru þeir fyrstu sem tilkynntu að þeir myndu taka egg Brúneggja úr sölu og á eftir fylgdu stóru verslunardeðjurnar. Starfsmenn Melabúðarinnar unnu við að fjarlægja Brúnegg úr hillum þegar Fréttablaðið bar að garði. – shá / sjá síður 6 og 8. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kristín Ingólfssdóttir skrifar um tækni og menntun. **11**

SPORT Ólafía hefur keppni á lokaúrtökumóti í dag. **14**

MENNING Jólafækja er innileg sýning en ekki of væmin. **26**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK • MARKAÐURINN • JÓLAGJÓF FAGMANNINS

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

SMÁKK BARINN
BISTRO BAR

**JÓLAMATSEÐILL
SMÁKKBARSINS**

**BORÐAPANTANIR
Í SÍMA 774 4404**

Klapparstígur 38, 101 Reykjavík

VIKING
GÆÐIRGJÓF

Glaesilegar
jólagnjafir

M
MICHELSEN
URSMIDIR

Komið í veg fyrir uppsagnir

KJARAMÁL „Þetta verður til þess að það verður engin útganga í dag eins og búíð var að skipuleggja,“ segir Ragnar Þór Pétursson, kennari í Norðlingaskóla.

Stór hópur kennara ætlaði að segja upp í hádeginu í dag. Af því verður ekki í ljósi þess að samið var um kjaramál kennara í gærkvöldi. Kosíð verður um nýja samninginn þarnaestu helgi. – ph / sjá síðu 4



Ragnar Þór Pétursson
kennari í
Norðlingaskóla

Slær í gegn á Norðurlöndum

DÆGURMÁL Lagið Way I'm Feeling, sem Eyjapeyinn Sindri Freyr Guðjónsson semur og flytur, hefur slegið í gegn í Noregi og Svíþjóð. Lagið hefur verið spilað yfir 400 þúsund sinnum á tónlistarveitunni Spotify og önnur lög á plötunni njóta einnig mikilla vinsælda. – bbh / sjá síðu 26



Sindri Freyr Guðjónsson
tónlistarmaður

Óvænt dauðsföll hafa nánast tvöfaldast

Tilkynningum um alvarleg atvik í íslensku heilbrigðiskerfi til Embættis landlæknis hefur fjölgað mikið síðustu ár. Í ár hefur verið tilkynnt um 28 tilvik sem leitt hafa til andláts en árið 2014 voru þau 15. Helmingur þessara 28 varð á Landspítala.

HEILBRIGÐISMÁL Tilkynningar um alvarleg atvik í íslensku heilbrigðiskerfi hafa aldrei verið fleiri en á þessu ári. Það sem af er ári 2016 hafa 35 tilvik verið tilkynnt og af þeim hafa 28 leitt til andláts, ýmist strax eða sem líkleg afleiðing skömmu síðar.

„Hátt í helmingurinn af þessum andlátum eru slys sem illmögulegt hefði verið að koma í veg fyrir,“ segir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri sviðs eftirlits og frávika hjá Embætti landlæknis.

Anna segir að þetta árið hafi Embætti landlæknis borist óvenjumið af andlátstilkynningum frá heilbrigðisstofnunum. Fjölgunina megi rekja til þess að heilbrigðisstarfsfólk er meðvitaðra um tilkynningarskylduna. Það sé til að mynda vegna málaferla hjúkrunarfræðingsins sem ákærður var fyrir manndráp af gáleysi í fyrra vegna starfa sinna. Anna segir að heilbrigðisstofnanir hafi tilkynnt í ár atvik sem þau hefðu ekki tilkynnt síðustu ár til þess að hafa allan vara á.

Alvarlegum atvikum sem koma á

Meginskýringin á þessari aukningu er sú að skráningin er að batna en við höfum á síðustu árum lagt á það ríka áherslu að starfsfólk tilkynni öll atvik


Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum



borð landlæknis hefur fjölgað mikið síðustu ár. Í fyrra voru þau 29, árið 2014 33, árið 2013 átta, og árin 2011 og 2012 níu.

„Meginskýringin á þessari aukningu er sú að skráningin er að batna en við höfum á síðustu árum lagt á það ríka áherslu að starfsfólk tilkynni öll atvik,“ segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum.

Alvarleg atvik sem hafa leitt til dauðsfalla



Það sem af er ári hafa fjórtán alvarleg atvik komið upp á Landspítalanum sem hafa leitt til dauðsfalls.

Í svari frá Ólafi segir að lögregla hafi verið kölluð til vegna níttján óvæntra dauðsfalla á Landspítalanum frá 1. janúar 2011. Eina ákæran sem hefur verið gefin út var í máli fyrrnefnds hjúkrunarfræðings en hann var sýknaður. – þh


**SKEMMTILEGAR
JÓLAVÖRUR**

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Hægur vindur og stöku skúrir eða él, en þurr á Austurlandi. Frost 0 til 7 stig, en hiti 0 til 5 stig sunnan heiða. Norðaustan 8-15 m/s og eljagangur við norðurströndina seint í dag. **SJÁ SÍÐU 22**

Stefna ríkinu vegna vanefnda

UMHVERFISMÁL Náttúruverndarsamtökin Landvernd og Fjöregg hafa stefnt íslenska ríkinu vegna vanefnda á að friðlýsa ákveðin svæði í Skútustaðahreppi. Segja samtökin að ljúka hefði átt friðlýsingunum fyrir tæpum níu árum samkvæmt ákvæðum laga um verndun Mývatns og Laxár. Fæst svæðanna hafi þó enn verið friðlýst. Meðal þeirra svæða sem ekki hafi verið friðlýst séu svæði þar sem ógn stafar af ágangi ferðamanna, eins og við Hverarönd og Leirhnjúk, og svæði sem deilur um lagningu háspennulína hafa staðið um, það er Leirhnjúkshraun. – jhh



Flugvél Primera Air á Reykjavíkflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

Leggja dagsektir á Primera Air

SAMGÖNGUMÁL Flugfélagið Primera Air hefur enn ekki greitt út bætur til farþega vegna tafa á flugi frá Tenerife til Keflavíkur þann 26. ágúst í fyrra. Samgöngustofa, sem gerði fyrirtækinu skylt að greiða þessar bætur, hefur því ákveðið að leggja dagsektir á flugfélagið.

Flugferðin sem um ræðir vakti mikla athygli fyrir gifurlega seinkun. Ferðalagið frá Tenerife til Keflavíkur, sem alla jafna tekur um það bil fimm klukkustundir tók rúman sólarhring. Flugfélagið hugðist upphaflega engar bætur greiða vegna seinkunarinnar, en farþegar voru sumir hverjir ósattir og kvörtuðu til Samgöngustofu. – sa

Opnun Ingólfssvells undirbúin



Vatni var sprautað á Ingólfstorg í gær en þar verður opnað skautasvell sem verður svo opið fram eftir desembermánuði. Svellið mun vafalítið setja mikið mark á bjarbraginn eins og venja er. Sennilegast veitir ekki af enda dimmasti mánuður ársins að fara í hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bjarni og Katrín ræðast við

STJÓRNMÁL „Við værum til í að tala við þau,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ætla að kanna möguleikann á samstarfi flokka tveggja í ríkisstjórn og hafa tilkynnt forseta það. Forsetinn upplýsti um þetta á vefsíðu sinni í gær. Þau verða hins vegar að leita samstarfs við fleiri flokka. Benedikt segist tilbúinn fyrir sitt leyti til þess að kanna grundvöll fyrir því að Viðreisn og Björt framtíð taki þátt í þessum viðræðum. – jhh



Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands

Kenna flóttamönnum íslensku í frítíma sínum

Sjö sjálfboðaliðar á Akureyri stunda nú það að kenna sýrlenskum flóttamönnum íslensku í frítíma sínum. Verkefnastjóri hjá Rauða krossinum segir verkefnið ganga vel og ný vinasambönd hafi myndast milli Sýrlendinga og Íslendinga.

SAMFÉLAGSMÁL Sjálfboðaliðar á Akureyri hafa síðasta mánuðinn kennt sýrlenskum flóttamönnum íslensku í frítíma sínum. Verkefnið hefur gengið vel að mati verkefnastjóra um móttöku flóttafólks hjá Rauða krossinum. Þetta tengi saman fólk af ólíkum uppruna og þétti tengslanet nýrra Akureyringa.

„Þetta er frábær leið til að kynna fólk og einnig finnst manni eins og maður sé að gera gagn,“ segir Hrönn Björgvinsdóttir, einn sjálfboðaliða Rauða krossins.

Hún hefur í rúman mánuð kennt sýrlenskrir konu íslensku með ágætum árangri. „Þau eru auðvitað í skóla á kvöldin þar sem þeim er kennd íslenska. Þetta er bara ofan á það nám,“ segir Hrönn og bætir við að þær hittist til skiptis heima hjá hvor annarri og spjalli fyrst um daginn og veginn áður en þær fari í íslenskuna.

„Ég er í fæðingarorlofi og hún heimavinnandi. Mér finnst við hafa tengst vel og erum ágætis vinkonur í dag. Til þess er leikurinn kannski gerður,“ segir Hrönn.

Ingibjörg Elin Halldórsdóttir, verkefnastjóri um móttöku flóttafólks hjá Rauða krossinum í Eyjafirði, segir verkefnið hafa gengið mjög vel. Rauði krossinn hafi ákveðið að auglýsa eftir sjálfboðaliðum þar sem áhugi flóttamanna á aukakennslu í íslensku var töluverður. „Viðtökurnar voru mjög góðar og nú höfum við sjö sjálfboðaliða sem vilja kenna íslensku í frítíma sínum. Verkefnið hefur gengið vel og ný vinatengsl hafa myndast sem er mjög mikilvægt.“

Alls komu 26 sýrlenskir flóttamenn til Akureyrar í janúar á þessu



Vinátta hefur tekist á milli Joumanaa og Hrannar. Kennslan hefur stundum siglt í strand vegna tungumálaörðugleika en þeim skiptum fer ört fækkandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Verkefnið hefur gengið vel og ný vinatengsl hafa myndast sem er mjög mikilvægt.

Ingibjörg Elin Halldórsdóttir, verkefnastjóri um móttöku flóttafólks á Akureyri



ári. Að sögn Akureyrarbæjar hefur ágætlega gengið fyrir fólkið að aðlagast breyttu lífi. Líklegt þykir að í hópinn á nýju ári bætist fimm manna fjölskylda sem hefur verið á flóttu í um fjögur ár.

„Við reynum allavega að hafa þetta praktískt,“ segir Hrönn. „Við reynum að tala um það hversdagslega til að styrkja þann orðaforða. Þannig aðlagast vonandi fólkið betur og getur notað íslenskuna til að tjá sig.“ sveinn@frettabladid.is



GOLFKLÚBBURINN
ODDUR

AÐALFUNDUR
Golfklúbbsins Odds 8. desember

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum í Urriðavatnsdölum fimmtudaginn 8. desember kl. 20.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Önnur málefni ef einhver eru.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta,

Stjórn Golfklúbbsins Odds.

Stúlkan nemur staðar þegar kunnuleg
tónlist berst gegnum næturregn.

ÚTI. REYKJAVÍK - NÓTT



GEYSIR

Þriggja daga þjóðarsorg lýst yfir í Brasilíu vegna flugslyss

KÓLUMBÍA Níu manna áhöfn og 72 farþegar voru um borð í flugvél af gerðinni British Aerospace 146 sem hrapaði í fjallendi í Kólumbíu í fyrrinótt, skammt frá borginni Medellín.

Fimm manns lifðu af flugslysið en 76 fórust.

Meðal farþeganna var brasilískt fótboltaíð, Chapecoense, sem var á leiðinni til Medellín í Kólumbíu, þar sem fyrri úrslitaleikur af tveimur við Atletico Nacional um Suður-Ameríkubikarinn, Copa Sudamericana, átti að fara fram í dag.

Forseti Brasilíu lýsti af þessum sökum yfir þriggja daga þjóðarsorg.

Þetta var í fyrsta sinn sem liðið komst í úrslit og í fyrsta sinn sem lið frá Santa Catarina-héraði í Brasilíu hefur komist í úrslit í alþjóðamóti í knattspyrnu.



Viða í Brasilíu var flaggað í hálfu stöng í gær vegna slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þrjú fótboltakappanna komust lífs af úr slysinu. Það voru markverðirnir Jackson Ragnar Follmann og Marcos Danilo Padilha ásamt Alan Luciano Ruschel. Þeir voru fluttir á sjúkrahús.

Einnig lifðu tvö úr níu manna áhöfn vélarinnar slysið af, þau Ximena Suárez flugfreyja og Erwin Tumiri flugvélstjóri. Þau voru einnig flutt á sjúkrahús.

Sjötti maðurinn, sem bjargað var úr vélinni og fluttur á sjúkrahús, lést þar stuttu síðar.

Neyðarkall vegna rafmagnsbilunar barst frá flugvélinni klukkan 10 á mánudagskvöld að staðartíma, eða þrjú að nóttu á íslenskum tíma. Björgunaraðgerðir í fjallendinu þar sem vélin hrapaði voru erfiðar vegna rigningar, þoku og myrkurs.

–gb

Flugslysið í Kólumbíu

Farþegaflugvél með níu manna áhöfn og 72 farþegum fórst í fyrrinótt.

3.00 að ísl. tíma, 29. nóv:

Farþegaflugvél á vegum bólvíska flugfélagsins Lamia sendir út neyðarkall vegna rafmagnsbilunar.



Um borð var brasilíska fótboltaíð Chapecoense, sem átti að keppa í dag við Atletico Nacional í úrslitaleik um Suður-Ameríkubikarinn

Heimildir: Fréttastofur



Greifinn á Akureyri.

Ræða sölu á Greifanum

VIÐSKIPTI Eigendur FoodCo hafa átt í viðræðum vegna sölu á veitingastaðnum Greifanum á Akureyri. Þetta staðfesti Jóhann Örn Þórarinnsson, forstjóri og einn eigenda FoodCo, í samtali við Vísi. Hann segir einnig að sögusagnir þess efnis að búið sé að selja veitingastaðinn séu rangar.

Greifinn var opnaður á Akureyri árið 1990 en FoodCo keypti staðinn árið 2006 og hefur rekið hann síðan. Ásamt Greifanum rekur FoodCo Eldsmíðjuna, Saffran, American Style, Pítuna, Aktu taktu og Roadhouse. –bo

Iceland sendir nefnd til Íslands

VIÐSKIPTI Verslunarkæðjan Iceland Foods mun senda sendinefnd hingað til lands til viðræðna við utanríkisráðuneytið um mögulega lausn á deilu íslenskra yfirvalda og verslunarkæðjunnar um vörumerkið Iceland

Greint var frá því fyrir skömmu að utanríkisráðuneytið hefði hafið lagalegar aðgerðir gegn Iceland Foods. Tilefnið er að um árabíl hefur verslunarkæðjan beitt sér gegn því að íslensk fyrirtæki geti auðkennt sig með upprunalandinu við markaðssetningu. –tpt

Kjarasamningurinn kemur í veg fyrir hópuppsögn kennara

Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga sömdu um kjaramál kennara í gærkvöldi. Fjöldi kennara ætlaði að segja upp störfum í hádeginu í dag en yfir hundrað kennarar hafa sagt upp í deilunni. Þetta er þriðji samningurinn sem er gerður á milli aðila. Verði hann felldur blasir við alvarleg staða.

KJARAMÁL „Það gefur augaleið að verði þessi samningur felldur þá verður það mjög erfið og flókin staða,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara. Samninganefndir Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga komust að samkomulagi um kjaramál grunnskólakennara í gærkvöldi.

Grunnskólakennarar hafa verið samningslausir frá 1. júní. Í tvígang hafa samningar náðst en í bæði skiptin hafa grunnskólakennarar fellt samningana í atkvæðagreiðslu. Samningurinn verður kynntur á trúnaðarmanafundi klukkan tíu í dag.

„Það var alveg ljóst að það urðu að nást samningar núna. Það var ekkert annað í boði,“ segir Ragnar Þór Pétursson, kennari í Norðlingaskóla. Ragnar er einn af yfir hundrað grunnskólakennurum á landinu sem hafa sagt starfi sínu lausu vegna kjaradeilnanna. Í fyrradag bættust níu kennarar Árbæjarskóla í hóp þeirra sem hafa sagt upp starfi sínu.

Nýi kjarasamningurinn á að gilda frá 1. desember í ár til 30. nóvember á næsta ári. „Ég held að tímalengd samningsins bendi til að hann sé gerður í trausti þess að það muni fara fram frek-



Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, fagnaði samningnum í húsnæði ríkissáttasemjara með því að fá sér gulrót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vonandi verður þetta til þess að þeir sem hafa sagt upp starfi geti hugsað sér að draga þær uppsagnir til baka.

Ólafur Loftsson, formaður FG

ari vinna í kjaramálum kennara. Það mun valda einhverjum vonbrigðum vegna þess að margir hafa fengið nóg af þessari deilu,“ segir Ragnar.

Hann telur samninginn vera skref í rétta átt og fagnar áfanganum. Hins vegar telur hann

tímalengd samningsins benda til þess að prósentuhækkningar séu ekki miklar. „Þetta hefði getað farið miklu verr en nú er bara að sjá hvernig þetta fer,“ segir Ragnar.

„Við auðvitað skrifum undir því við teljum samninginn vera ásættanlegan. Við vildum komast lengra í viðræðunum en þetta er niðurstaðan og við teljum að samningurinn verði samþykktur. Vonandi verður þetta til þess að þeir sem hafa sagt upp starfi geti hugsað sér að draga þær uppsagnir til baka,“ segir Ólafur.

Ragnar segir að stór hópur grunnskólakennara hafi ætlað að segja upp í hádeginu í dag. „Þetta verður til þess að það verður engin útganga í dag eins og búið var að skipuleggja. Því ber að fagna,“ segir Ragnar.

Kennarar felldu í haust samning sem fól í sér að laun þeirra áttu að hækka um 9,5 prósent á næstu þremur árum. Ásamt því hefðu kennarar fengið rúmlega áttatíu þúsund króna upp-bót tvisvar á ári. Ekki liggur fyrir hvað felst í nýja samningnum á þessari stundu. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um samninginn mun liggja fyrir mánudaginn 12. desember. thorgeirh@frettabladid.is

Nóttin sem öllu breytti
Söley Eiríksdóttir og Helga Guðrún Johnson
Sjónflóðið á Flateyri

„Ég klökknaði oft ... Falleg og áhrifamikil bók sem engin leið er að leggja frá sér og á erindi við alla.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Bókin er skrifuð af mikilli yfirvegum og vel er vandað til verka.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!



Rnr. 330423

RENAULT Clio Sport Tourer.
Nýskr. 07/15, ekinn 53 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 2.390 þús. kr.

Staðsetning: GE Bílar, Reykjanesbæ



Rnr. 192268

LAND ROVER Discovery 4 S.
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 10.190 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 340265

HYUNDAI IX35 Comfort.
Nýskr. 05/14, ekinn 98 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 3.980 þús. kr.

Staðsetning: GE Bílar, Reykjanesbæ



Rnr. 330455

AUDI SQ5.
Nýskr. 07/14, ekinn 17 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 9.980 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320687

BMW X1 Xdrive 18d.
Nýskr. 04/16, ekinn 33 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 5.890 þús. kr.

Staðsetning: GE Bílar, Reykjanesbæ



Rnr. 284072

PEUGEOT 208.
Nýskr. 08/14, ekinn 11 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 1.990 þús. kr.

Staðsetning: GE Bílar, Reykjanesbæ



Rnr. 370207

HYUNDAI I30 Classic Wagon.
Nýskr. 04/15, ekinn 36 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370259

HONDA Civic Sport.
Nýskr. 02/16, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 3.170 þús. kr.

Staðsetning: IB, Selfossi



Rnr. 152561

NISSAN X-Trail Acenta Plus 2.
Nýskr. 12/104, ekinn 69 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 4.190 þús. kr.

Staðsetning: IB, Selfossi



Rnr. 283872

HYUNDAI I30 Classic.
Nýskr. 04/15, ekinn 34 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.460 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1



Rnr. 320692

SUBARU Outback LUX. Nýskr.
11/12, ekinn 48 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 3.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152497

RENAULT Megane Sport Tourer.
Nýskr. 05/15, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 2.590 ÞÚS. KR.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320663

NISSAN Qashqai Acenta 4WD.
Nýskr. 06/15, ekinn 58 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 3.890 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320650

NISSAN Note Acenta Plus.
Nýskr. 07/15, ekinn 48 þ.km,
bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.390 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370261

HYUNDAI IX35 Comfort.
Nýskr. 06/15, ekinn 39 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152581

HONDA CRV Elegance.
Nýskr. 01/16, ekinn 37 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 4.890 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370251

DACIA Duster 4x4.
Nýskr. 05/15, ekinn 84 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.550 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370286

RENAULT Clio Dynamic.
Nýskr. 10/15, ekinn 12 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370191

CITROEN C4 Cactus.
Nýskr. 06/15, ekinn 17 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 2.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 360071

CHEVROLET Captiva.
Nýskr. 02/13, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 3.670 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11

**NÝ HEIMASÍÐA
STÆRRI BÍLAMYNDIR
www.bilaland.is**



bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

www.facebook.com/bilaland.is

Matvælastofnun telur verkferla sína vera fullnægjandi

LANDBÚNAÐUR „Við höfum settið á fundum með Matvælastofnun í dag til að fara yfir verkferla, úrræði og allt sem snýr að þessum málum. Stofnunin telur að verkferlar séu fullnægjandi,“ segir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Undir þetta tekur Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar. „Já, ég tel það vera. Við höfum fengið mun betri löggjöf með nýjum lögum um

dýravelferð og nýrri reglugerð um velferð alifugla. Þar eru mun betri heimildir til að koma á úrbótum og mun skýrari ákvæði um þá starfsemi sem við höfum eftirlit með,“ segir Jón.

„Við erum búin að fara yfir allt málið í dag og höldum áfram að gera það. Við erum líka að endurskoða lögum um Matvælastofnun og gert er ráð fyrir því að það komi frumvarp um það fram eftir áramótin,“ segir Kristján.

Kristján segir málið hafa komið inn í ráðuneytið með tölvupósti þann nítjándá desember árið 2013. Þáverandi skrifstofustjóri hafi falið einum starfsmanni skrifstofunnar að upplýsa málið og taka saman minnisblað. Sá starfsmaður hafi hætt störfum fimm vikum síðar. [Kristinn Hugason er umræddur starfsmaður – hann var rekinn og ætlar í mál þess vegna] Átti þá skrifstofustjórinn að fela öðrum starfsmanni málið.

Við erum búin að fara yfir allt málið í dag og höldum áfram að gera það.

Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri



„Þar hafa greinilega orðið mistök þannig að málið var ekki flutt yfir á annan starfsmann,“ segir Kristján.

Jón segir stofnunina hafa sent málið til ráðuneytisins. Var þá talið að málinu hafi verið komið í réttan farveg. Það hafi hins vegar ekki farið í þá úrvinnslu sem stofnunin gerði sér vonir um.

Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi landbúnaðarráðherra og núverandi forsetisráðherra, var ekki gert kunnugt um málið á þeim tíma. – þea

Viðburðaríkur gærdagur

Ólafur Arnarson,

formaður Neytendasamtakanna, segir grafalvarlegt að Brúnegg hafi ítrekað komist upp með að brjóta lög um velferð dýra.



Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra segir grafalvarlegt ef menn noti merki um að vara sé vistvæn til að blekkja neytendur.

Bónus, Krónan, Hagkaup og Mela-búðin tilkynna að egg frá Brúneggjum ehf. verði tekin úr sölu og viðskiptavinir geti skilað eggjunum.

Bændasamtök Íslands fordæma illa meðferð á dýrum í yfirlýsingu sem

Sindri Sigurgeirsson formaður sendi frá sér. Þar segir að slæmur aðbúnaður varphænsna valdi vonbrigðum.



Vigdís Hauksdóttir,

fyrirverandi þingmaður, gagnrýnir umfjöllun Kastljóss um Brúnegg og segir hana gerða til að knésetja landbúnað.



Félag eggjaframleiðenda biður neytendur afsökunar og segir aðbúnað og blekkingar gagnvart neytendum til skammar.

Kristinn Gylfi Jónsson, einn eigenda Brúneggja, segir rekstrargrundvöll enn fyrir hendi. Næstu skref verði að byggja upp trúverðugleika Brúneggja.

Kastljós sendir frá sér yfirlýsingu þar sem orð Vigdísar eru gagnrýnd og kölluð atvinnurögur.

Starfsmenn skiptiborðs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segja að Halldór Runólfsson, sem bar ábyrgð á því að málið týndist í ráðuneytinu, vísi fyrirspurnum til Matvælastofnunar. Ekki næst í hann í síma.

Lífraen ræktun gæti skaðast

Notkun fyrirtækja á innihaldslausri vottun um vistvæna framleiðslu gæti spillt fyrir þeim sem hafa allt sitt á hreinu og lúta ströngu regluverki lífrænnar framleiðslu. Lífræn vara lýtur ströngu eftirliti byggðu á ESB-reglum.

LANDBÚNAÐUR „Það hefur verið vandamál að fólk leggur þetta að jöfnu, og hefur ekki gert greinarmun á því sem er kallað vistvænt og þess sem er lífrænt. Himinn og haf er þó á milli,“ segir Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri hjá Vottunarstofunni Túni. Hún telur að ekki sé hægt að útiloka að umfjöllun Kastljóss um fyrirtækið Brúnegg geti haft neikvæð áhrif á þau fyrirtæki sem framleiða lífræna vöru þar sem almenningur hafi ekki alltaf skýra mynd af því hvað er hvað. Slíkt væri hins vegar mjög ómaklegt.

Eins og alþjóð veit fjallaði Kastljós á mánudagskvöld um fyrirtækið Brúnegg ehf. og samskipti þess við Matvælastofnun. Umfjöllun Kastljóss leiddi í ljós að um árabíl hefur fyrirtækið blekkst neytendur með sölu á eggjum undir merkjum vistvænnar framleiðslu á sama tíma og aðbúnaður dýranna var með öllu óásættanlegur, að því er gögn Matvælastofnunar sýna mörg ár aftur í tímann.

„Það er ekki hægt að kalla þetta vistvæna vottun, þegar engin vottun er að baki. Það er því sáralítið eða ekkert að baki þessari vottun þar sem enginn vaktaði að farið væri eftir reglum,“ segir Rannveig og minnir á að reglugerð um vistvæna vottun var felld úr gildi í fyrra, enda hafði ekki verið reglubundið eftirlit með þeim aðilum sem hana höfðu fengið.

Reglugerðin var reyndar merkingarlaus, og hafði verið það lengi eins og Fréttablaðið fjallaði um ítarlega sumarið 2014. Sú umfjöllun ýtti við kerfinu og vinna innan ráðuneytisins hófst við að endurskoða málið – þar sem niðurstaðan var að fella reglugerðina úr gildi. Þáverandi landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson forsetisráðherra, sagði á þeim tíma að ekkert væri því til fyrirstöðu að framleiðendur notuðu vottunina áfram þrátt fyrir að reglugerðarinnar nyti ekki lengur við.



Hænur Nesbúeggja í lífræna búinu að Miklholtshelli II hafa yfirbyggðan vetrargarð til umræða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það hefur verið vandamál að fólk leggur þetta að jöfnu, og ekki gert greinarmun á því sem er kallað vistvænt og þess sem er lífrænt.

Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri hjá Vottunarstofunni Túni



Rannveig treystir sér ekki til að meta hvort algengt sé að íslenskir framleiðendur haldi vistvænni framleiðslu á lofti – án innistæðu. Hins vegar séu þeir sem hafa vottun um lífræna framleiðslu undir ströngu eftirliti þar sem sýna þarf fram á að farið sé eftir ströngum reglum. Vott-

unarstofan Túni sé svo aftur undir alþjóðlegu eftirliti og allt byggi ferlið á regluverki frá Evrópusambandinu. Rannveig staðfestir að eini stóri lífræni eggjaframleiðandinn, Nesbú, hafi aldrei fengið athugasemdir frá vottunarstofunni, sem sé óvenjulegt því oftast sé um einhver atriði að ræða sem þarf að laga.

Stefán Már Simonarson, framkvæmdastjóri Nesbúeggja, segir að fyrirspurnum hafi rignt yfir fyrirtækið í gærmorgun vegna umfjöllunar Kastljóss. Spurt er um hvort eitthvað sé að marka vottun um lífræna framleiðslu.

Spurður um hvort umfjöllunin geti skaðað lífræna framleiðendur vegna misskilnings sem gæti um ólíkar vottanir segir Stefán Már að slíkt sé erfitt að meta. Hins vegar útlöki hann ekki að sitt fyrirtæki hafi misst viðskipti til fyrirtækis eins

og Brúneggja þar sem vistvænni framleiðslu var haldið á lofti. „Það kemur þá í ljós núna sannleikurinn í þessu máli, en hugmyndin að baki vistvænni framleiðslu var mjög góð. En apparatið til að hafa eftirlit með þessu brást. Þetta varð aldrei neitt neitt, og svo fóru menn einfaldlega bara að sækja vottunarstimpilinn á netið,“ segir Stefán sem umbedinn veitti heimild strax til að Fréttablaðið fengi að mynda í húsum fyrirtækisins.

Fram kom í frétt RÚV í gær að Nesbú kaupir um eitt tonn á viku af annars flokks eggjum frá Brúneggjum. Stefán segir þar að ekki sé búið að taka ákvörðun um hvort því verði hætt eftir umfjöllun Kastljóss á mánudagskvöld. Eggjin eru seld til fyrirtækja og bakaría, en fara ekki á almennan markað.

svavar@frettabladid.is

Ný lög um ellilífeyri

KYNNINGARFUNDIR

AKUREYRI 1. des. kl. 16.00 – Greifanum 2. hæð

ÍSAFJÖRÐUR 6. des. kl. 14.00 – Stjórnsýsluhúsinu 4. hæð

EGILSSTAÐIR 14. des. kl. 16.00 – Hótel Héraði

REYKJAVÍK 15. des. kl. 10.00 – BSRB salnum við Grettisgötu

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is



NÝR PEUGEOT 2008



KOMDU Í BRIMBORG Í DAG

Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lágsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.590.000 kr.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluæildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ljós og hiti

**MÚR
BÚÐAR
VERÐ**

TY2007W Vinnuljósastari á telescope fæti 400W ECO pera **5.390**

TY2007X Vinnuljósastari ECO perur 2x400W tvöfaldur á fæti **6.590**

TY2007K Vinnuljósastari m handf 400W ECO pera, 1,8m snúra **3.290**

T38 Vinnuljós **5.590**

SHA-2625 Vinnuljósastari Rone 28W m. innst. blár. 1,8m snúra **6.990**

SHA-8083 3x36W Halogen **16.990**

RAfmagnshitablasari 5Kw 3 fasa **12.830**

RAfmagnshitablasari 9Kw 3 fasa **17.990**

MURBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hafnar alfarið ábyrgð á brúneggjamáli

STJÓRNSÝSLA Kristinn Hugason, fyrrverandi starfsmaður atvinnuvegaráðuneytisins, hafnar því með öllu í viðtali við Fréttablaðið að hann beri á nokkurn hátt ábyrgð á því að málefni fyrirtækisins Brúnegg, sem Kastljós fjallaði um á mánudagskvöld, dagaði uppi í ráðuneytinu án aðgerða. Ábyrgð á málinu hvað varðar ráðuneytið liggir öll og óskipt hjá núverandi skrifstofustjóra, Halldóri Runólfssyni, og yfirmönnum hans.

Í umfjöllun Kastljóss kom fram að dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá Matvælastofnun lét atvinnuvegaráðuneytið vita 19. desember 2013 að Brúnegg uppfylltu ekki skilyrði vistvænnar vottunar því stofnunin vildi ekki að neytendur væru blekktir. Halldór Runólfsson skrifstofustjóri sendi erindið til Kristins samdægurs og bað hann að „fronta“ málið og fara ofan í saumana á því og gera tillögur um hvað gera skyldi. Í Kastljósi sagði að ekkert hefði gerst – málið sofnað.

Til þessa vísaði Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra í gær þegar hann var spurður um aðdrif málsins í ráðuneytinu, sem

þá var undir forvera hans, Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra. Gunnar Bragi talaði um að sá starfsmaður hafi hætt „sem var með málið og einhvern veginn í ósköpunum þá tynist málið, eða því er ekki sinnt í einhvern tíma,“ sagði ráðherra í viðtali við Vísi.

Kristinn, sem meðal annars kom að samningu lagafrumvarps um ný lög um velferð dýra, er afar ósáttur við að nafn hans sé bendlað við málið, enda hafi hann verið rekinn skömmu eftir að erindið barst til hans – eða í janúar. Mál þess vegna reki hann nú fyrir dómstólum.

„Nafn mitt má vissulega sjá á einum tölvupósti undir lok Kastljóss-þáttarins. Jafnframt því sem núverandi ráðherra hefur reynt að draga þetta inn sem skýringu á athafnaleysi ráðuneytisins; að starfsmaður ábyrgur fyrir málinu hefði hætt störfum – fallett orðfæri um að vera sparkað eftir margra ára vammlausan feril,“ segir Kristinn og minnr á að Rebekka Hilmarsdóttir lögfræðingur hafi einnig fengið málið á sitt borð, og starfar hún enn hjá ráðuneytinu. Hann hafi lengi

Ég vil að þessu sé til skila haldið og sætti mig ekki við neinar slettur neðan af Skúlagötu enda hringdi ég í Halldór Runólfsson þegar í morgun og fór yfir málið.

Kristinn Hugason, fyrrverandi starfsmaður atvinnuvegaráðuneytisins



unnið með Halldóri skrifstofustjóra, m.a. á meðan hann var hjá Matvælastofnun sem yfirdýralæknir – áður en hann varð skrifstofustjóri og yfirmáður hans í ráðuneytinu. Aldrei hafi á þeim tíma verið minnst á mál Brúnegg frá hendi stofnunarinnar. Halldór hafi þó verið „forveri Boggu [Sigurborg Daðadóttir] í starfi yfirdýralæknis og Brúneggsmál voru búin að velkast hjá Matvælastofnun í hans embættistíð,“ segir Kristinn og segir að enginn embættismaður gæti haft hreinni skjöld en hann. – shá

Margt að gerast í loftslagsmálum

Loftslagsfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur 2. desember kl. 8.30–10.
Spennandi fundur um loftslagsmál og grænar áherslur.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnr grænar áherslur borgarinnar í loftslagsmálum. Dr. Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræðum við HÍ, fer yfir áhrif Parísarsamkomulagsins og Marokkófundarins á stjórnvöld og fyrirtæki. Einnig mæla Finnur Sveinsson, formaður stjórnar Festu, Ragnhildur Geirsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum og Guðmundur I. Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar. Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, er fundarstjóri. Nýir þátttakendur í loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu verða teknir inn í hópinn. Samhliða fundinum verður sýning á veggspjöldum til kynningar á fjölbreyttum loftslagsverkefnum fyrirtækja, félagasamtaka og borgarinnar.

Reykjavíkurborg

Húsið verður opnað kl. 8 með morgunkaffi.

Gestir eru hvattir til að sækja fundinn á vistvænan hátt og ganga, hjóla eða taka strætó. Strætóleiðir nr. 1, 3, 6, 11, 12, 13 og 14 stoppa beint fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur. Einnig er aðstaða til að geyma hjól við húsið.

Fundurinn er opinn öllum og aðgangur er ókeypis.



PIVITA - HÚSBÍSYLA



Eigendurnir ætla ekki að selja vöru sína undir öðru vöruheiti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Búnir að missa alla kúnna

LANDBÚNAÐUR Kristinn Gylfi Jónsson, einn af eigendum Brúneggja, segir afar erfitt að takast á við þær aðstæður sem sköpuðust eftir að Kastljós fjallaði um málefni fyrirtækisins á mánudagskvöld. „Þetta hefur verið mjög erfitt fyrir okkur persónulega, bræðurna, vegna þess að við erum búnir að vera í landbúnaði alla ævi. Við þekkjum hvað það er að fara niður og verða gjaldþrota. Þá misstum við allar okkar eignir,“ segir Kristinn og útskýrir að þeir misstu frá sér fyrirtæki sem var umsvifamikil í kjótvinnslu, kjúklingum, eggjum og svínarækt. Úr þeim rústum hafi þeir byggt upp Brúnegg, en þeir áttu Nesbú frá 1999 til 2004 sem þá var stærsti framleiðandi landsins.


Kristinn segir að á einum degi hafi allir viðskiptavinir Brúneggja sagt sig frá viðskiptum við fyrirtækið, eða svo gott sem. Hann hafi skilning á þeim viðbrögðum, en einnig hafi þeim borist bréf frá almenningi þar sem því er lýst að á almenningi hafi verið brotið og hann blekktur.

Við berjumst núna fyrir lifi okkar fyrirtækis og það er mjög tvísýnt í augnablikinu.

Kristinn Gylfi Jónsson, einn eigenda Brúneggja



„Þetta gera menn á grundvelli þeirra upplýsinga sem komu fram í þættinum – það eru frávik og gefa ekki rétta mynd af okkar rekstri í dag. En þetta eru slæm frávik og við biðjumst afsökunar,“ segir Kristinn. „Það eina sem við getum gert til að bjarga okkur frá gjaldþroti er að opna okkar hús fyrir fjölmiðlum, verslunum og öðrum til að sýna að hlutirnir eru í lagi núna,“ segir Kristinn. – shá



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólguýðandi og verkjastillandi
munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt



Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rölega og láta leysast upp í munn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólarhring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitit til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARESMANNI

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Tvær öflugar og sérlega áhugaverðar námsbrautir fyrir þá sem vilja afla sér yfirlýsinga um þekkingar á stuttum tíma.



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI



EQM
VOTTUN

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

- Með sérstakri áherslu á stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstækni.

Hefst 14. febrúar • Kvöldhópur • Ein önn

UPPLIFUN NEMENDA

” Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.

” Lærði m.a. um markaðssetningu á netinu sem opnaði fyrir mér mjög skemmtilegan heim. Ég starfa í heilbrigðisgeiranum og langaði að bæta við mig þekkingu í markaðs- og sölufræðum. Námið var fjölbreytt og skemmtilegt og kennslan öll til fyrirmyndar.“
Birna Berndsen, markaðs- og sölunám

NÝTT

EINSTAKT VERÐ

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

- Sérlega víðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis - miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

FRAMVEGIS
Miðstöð símenntunar

EINSTAKT VERÐ

Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiðflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 84.000 kr., en heildarvirði er 580.000 kr.

FYRIR HVERJA?

Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU

Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vandinám sem gefur nemendum tækifæri til að læra á eigin forsendum.

Hefst 14. febrúar • Kvöldhópur • Tvær annir

Viðkvæm mál



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sundum fer íslenskt samfélag á hliðina á einu augabragði. Það gerðist síðast í gærkvöldi, og það mjög svo skiljanlega, þegar Kastljósið greindi frá herfilegum aðbúnaði hænna á búum Brúneggis. Hvilik hörmung fyrir lítið samfélag þar sem það ætti nú vart að reynast þrautin þyngri fyrir eftirlitsstofnanir og ráðuneyti að sinna hlutverki sínu með þeim hætti að aldrei ætti að þurfa koma til slíkrar smánar.

En skaðinn er skeður og nú keppast stofnanir og ábyrgir aðilar við að ræða um verklag og verkferla og hvað gat orðið til þess að skepnurnar máttu þola slíka hörmungar meðferð. Hverju það sætir að neytendum hafi verið blekkir stórkostlega árum saman og hvernig koma megi í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Minna er rætt um persónulega ábyrgð þeirra sem vissu hvernig málum var háttáð en gerðu lítið eða ekkert langtíðum saman.

En það er líka dapurlegt til þess að hugsa að þetta er ekkert nýtt. Í gegnum tíðina höfum við séð fjölda mála um illa meðferð á dýrum. Skammt er að minnast baráttu Dýravæðingarsamtaka Íslands fyrir því að ríkið felli niður styrki í gegnum búvörusamninga til aðila sem hafa orðið uppvisir að dýraníði. Samtökin skorudu á Alþingi að sjá til þess að innan samninganna yrði ákvæði sem gerði það heimilt að fella niður opinbera styrki vegna alvarlegs eða opinbers dýraníðs. Bændasamtök Íslands, Landssamband kúabænda og fleiri lögðust gegn ákvæðinu og því fór sem fór.

Það sem var hvað mest sláandi við að horfa á umfjöllun Kastljóssins í gærkvöldi var hversu svifa-seint kerfið er. Hvernig það virðist smíðað utan um hagsmuni þeirra sem eru í raun að bregðast skyldum sínum, bæði gagnvart neytendum sem og viðkomandi búfénaði. Að viðkomandi bú sé enn í rekstri og viðbrögð neytenda staðfestir svo ekki verður um villst að svona viljum við sem þjóð ekki standa að málum. En það sem mest er um vert þá sýnir það okkur líka að eftirlitsstofnanir og yfirvöld þurfa líka að starfa í umhverfi sem veitir þeim eftirlit og aðhald.

Það eftirlit verður að vera í höndum fjölmiðla fyrir hönd almennings sem á rétt á að vita hvaðan maturinn kemur sem er borinn á borð heimila um allt land. Það er í raun með ólíkindum að eftirlitsstofnun á borð við Matvælastofnun geti ein og sér tekið ákvörðun um það að leyna upplýsingum, halda þeim frá fjölmiðlum og þar með almenningsi, mánuðum og jafnvel árum saman. Stofnanir og í raun allir opinberir aðilar sem hafa sér með slíkum hætti þurfa að segja landsmönnum hvað þeim gengur til með slíkri leynd. Svára því hagsmuna hvern þeir eru að gæta. Því það eitt er víst að ekki eru það hagsmunir neytenda sem eru hafðir að leiðarljósi og hvað þá blessaðra dýranna.

Það virðist því miður vera að færest í vöxt að opinberir aðilar takmarki aðgang fjölmiðla að upplýsingum sem og viðburðum. Réttlættingin er oftast en ekki sú að hér séu á ferðinni viðkvæm mál, en þegar fjölmiðlar loks ná að miðla stöðu umræddra mála til landsmanna, kemur því miður í ljós að málið reyndist ekki fyrir viðkvæma. Þessu þarf að breyta.



Það virðist því miður vera að færest í vöxt að opinberir aðilar takmarki aðgang fjölmiðla að upplýsingum sem og viðburðum.

Halldór



Frá degi til dags

Eggjáhæra á Bessastöðum
Forseti Íslands sendi frá sér tilkynningu í gær þess efnis að formenn Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks hefðu hafið viðræður um myndun ríkisstjórnar. Flokkana tvo vantar einn þingmann til að hafa meirihluta á Alþingi og ætla að koma sér saman um helstu málamiðlanir áður en leitað verður til þriðja flokks. Á sama tíma er formaður Viðreisnar kindarlegur, en hann var búinn að segja spennur að meira væri í gangi á milli sín og Sjálfstæðisflokksins en fólk héldi. Viðreisn er greinilega ekki tengdadóttirin sem Bjarni væri til í að bjóða heim til landföðurins á Bessastöðum.

Hanastél
Kosningamyndbönd Katrínar og Bjarna vöktu verðskuldaða athygli fyrir kosningar. Bjarni sýndi ótvíræða hæfileika í að skreyta köku og Katrín blandaði kokteil af mikilli fágum. Eftir hót-anir um róttækar aðgerðir gegn samstarfinu bíða flokksmenn VG nú með öndina í hálsinum eftir því að sjá hvort Katrínu tækist að kenna Bjarna hvernig á að skipta kókunni með jöfnum og réttlátum hætti. Á sama tíma naga Sjálfstæðismenn sig í handarbókin af ötta við að Vinstri græn fari of geyst á fylleríu þannig að hellist úr glasinu. Það þarf svo að passa að öll brúnegginn lendi ekki í sömu körfunni.
snaeros@frettabladid.is

Fræðsla skilar árangri



Valdimar Leó Friðriksson framkvæmdastjóri Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna



Gardar H. Guðjónsson verkefnastjóri Eldvarnaáttaksins og Eldvarnabandalagsins

Eldvarnaáttak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fer fram um allt land um þessar mundir eins og mörg undanfarin ár. Slökkviliðsmenn heimsækja þá börnin í 3. bekk grunnskólanna og fræða þau um eldvarnir. Börnin fá með sér heim handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og söguma af Brennu-Vargi og Loga og Glóð. Þeim gefst jafnframt kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni en heppnir þátttakendur í henni fá jafnan afhent vegleg verðlaun á 112-deginum, 11. febrúar.

Auknar eldvarnir

Landssambandið hefur um langt árabil lagt áherslu á forvarnastarf og hefur haldið Eldvarnaáttakinu úti með dyggum stuðningi fjölmargra aðila í rúma tvo áratugi. Það er því gleðilegt að geta greint frá því að samkvæmt rannsóknnum sem Gallup hefur gert fyrir landssambandið og Eldvarnabandalagið skilar fræðsla af þessu tagi greinilegum árangri. Gallup hefur kannað ástand eldvarna á heimilum landsmanna á tveggja ára fresti undanfarin tíu ár og þróunin er ótvíræð; heimilin auka eldvarnir sínar jafnt og þétt. Æ færri hafa engan eða bara einn reykskynjara en að sama skapi fjölgrar þeim til muna sem hafa þrjá eða fleiri. Mun algengara er nú en fyrir tíu árum að slökkvítæki og eldvarnateppi séu á heimilum. Í könnun sem gerð var nú í haust kom fram að helmingur heimila er með allt í senn reykskynjara, slökkvítæki og eldvarnateppi en það er einmitt það sem okkar menn mæla með. Við eigum verk að vinna en þessar niðurstöður hvetja okkur sannarlega til dáða.

Sýnum aðgát á aðventunni

Fræðsla um eldvarnir á alltaf við en þó aldrei eins og nú í byrjun aðventu. Um leið og við hvetjum fólk til að hafa nauðsynlegan eldvarnabúnað á heimilinu leggjum við ekki síður áherslu á mikilvægi þess að fara varlega í daglegri umgengni á heimilinu. Á næstu vikum riður sérstaklega á að fara varlega með opinn eld, kertaljós og þviumlíkt. Og mundi að slaka ekki á klónni þótt jólahátíðinni ljúki og nýtt ár gangi í garð því reynslan sýnir að eldsvoðar á heimilum eru ekki síður algengir á fyrstu vikum ársins en á aðventu og um jól.
Gleðilega hátíð!



Fræðsla um eldvarnir á alltaf við.

THERA°PEARL
A NEW DEGREE OF RELIEF™

Jólagjöfin í ár

Thera°Pearl margnota hita- og kælipúðarnir eru hannaðir af læknum. Thera°Pearl eru með ól sem auðveldar meðferð meðan á vinnu eða leik standur.



SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Tækni og menntun – ógn eða tækifæri?



Kristín Ingólfssdóttir
fv. rektor HÍ,
gestaprófessor
við MIT



Það er í okkar allra þágu að ný kynslóð ungs fólks njóti krafta frábærra kennara og að hver og einn nemandi fái hvatningu til sköpunar og til að nýta hæfileika sína til fulls.

Fyrsta kynslóð barna til að hafa aðgang að tölvu frá vöggju er á leið í skóla. Því hefur verið spáð að 65% þeirra muni í framtíðinni vinna störf sem ekki eru til í dag, þ.e. störf sem á eftir að skapa. Ef fram fer sem horfir, mun tækniþróun leiða til margfalt umfangsmeiri og hraðari breytinga en iðnbýltingin. Hvernig ætlum við að mennta mannskapinn? Hvernig ætlum við að búa börn undir lífið þannig að þau geti nýtt tæknina sjálfum sér og samfélaginu til góðs?

Við munum upplifa veruleika á næstu árum sem í dag virðist fjarstæðukenndur. Breytingar eru fyrirsjáanlegar í ótalmörgum, ef ekki flestum, atvinnugreinum, sumar breytast og aðrar hreinlega hverfa. Í þessu samhengi hafa margir velt fyrir sér framtíð kennarastarfsins og hvort tækniþróunin ógni því. Hvort nemendur muni í framtíðinni sitja heima og læra af tölvuskjá, án mikilla samskipta við kennara og skóla.

Tækni veitir vissulega stórkostleg tækifæri til að miðla og örva með nýjum hætti. Með því að flétta saman hefðbundna kennslu og tölvuleiki, myndbönd, gagnvirk próf, forritun, þrívíddarskoðun og „sneringu“ gegnum sýndarveruleikataekni, er hægt að kafa dýpra í námsefnið og miða kennslu í ríkari mæli við einstaklingsþarfir – styðja þá sem stríða við námsörðugleika, þá sem þjást af námsleiða og þá sem eru gæddir mikilli námsgetu.

Þrátt fyrir alla þá gríðarlegu möguleika sem ný tækni skapar, getur hún þó aldrei leyst kennara af hólmi. Kennara sem miðla, hvetja, svara spurningum, rækta gagnrýna hugsun, sköpunargetu og siðferðilega afstöðu. Kennara sem eru næmir á félagslegar aðstæður nemenda sinna. Börn og unglingar óðlast sannarlega nýja færni og nýja hæfileika með aðgengi að tækni. En sitinging við tölvu og snjallsíma frá unga aldri skapar um leið ýmsar nýjar þarfir. Þetta er meðal þátta sem breyta starfi kennarans, kalla á nýja færni og auka enn á mikilvægi kennarastarfsins.

Nýjar kröfur til kennara

Við hljótum öll að vera sammála um að frammistaða metnaðarfullra kennara og persónuleg sam-

skipti þeirra við nemendur skiptir sköpum um hvernig ungt fólk fer nestað úr skóla út í lífið. Tækniþróunin gerir þó nýjar kröfur til kennara. Líkt og mörg önnur störf mun kennarastarfið taka breytingum, en það er jafn ljóst að það verður áfram eitt allra mikilvægasta starf í samfélaginu.

Í Finnlandi er aðsókn í kennaranám svo mikil að Háskólinn í Helsinki þarf að hafna 8 af hverjum 10 umsækjendum. Ég spurði rektor háskólans eitt sinn um hverju þetta sætti. Hvort launin væru svona há? Hann sagði að launin væru í meðallagi góð, en það sem mestu skipti um vinsældir námsins væri að kennarastéttin nyti svo mikillar virðingar í Finnlandi. Getum við lært af þessu, nú þegar horfir til kennaraskorts í landinu? Getum við hjálpað að við að hefja starfið til verðskuldaðrar virðingar? Getum við sýnt hvernig ný tækni gerir kennarastarfið í senn mikilvægara og eftirsóknarverðara?

Nú þegar staða í ríkisfjármálum hefur batnað ætti að nota hverja krónu sem aflögu er til að bæta nettingu í öllum byggðum landsins til að tryggja jafnan aðgang skólábarna og kennara að tækni, uppfæra tölvubúnað, stórefla kennaranámið og auka verulega stuðning við starfandi kennara. Í kjaramálum verður að koma málum þannig fyrir að góðum kennurum finnist kröftum sínum vel varið.

Það er í okkar allra þágu að ný kynslóð ungs fólks njóti krafta frábærra kennara og að hver og einn nemandi fái hvatningu til sköpunar og til að nýta hæfileika sína til fulls. Við verðum að gera kennurum fært að vinna með nýja tækni til að auðga kennslu og hjálpa börnum að finna gott jafnvægi í tækni-notkun, þannig að hún verði tæki í höndum þeirra en stýri ekki lífi þeirra og háttum. Það er nauðsynlegt fyrir samfélagið að kennarar geti í senn leiðbeint um nýtingu þeirra tækifæra sem tæknin skapar og jafnframt tekið þátt í að móta holla samskiptahætti manna við tölvu og tækni.



MMC ASX Intense / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.

Fullt verð: 4.990.000 kr.

Afsláttur

500.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jóln!

Skoda Rapid Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk.

KJARAKAUP 2.450.000 kr.

Fullt verð: 2.890.000 kr.

Afsláttur

440.000 kr.

TAKMARKAÐ
MAGN



Audi A4 B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 8.595.000 kr.

Fullt verð: 9.550.000 kr.

Afsláttur

955.000 kr.



VW Passat Highline 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.430.000 kr.

Fullt verð: 5.330.000 kr.

Afsláttur

900.000 kr.

**NÝIR
BÍLAR**



VW Cross Polo 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 3.190.000 kr.

Fullt verð: 3.580.000 kr.

Afsláttur

390.000 kr.

KOMDU Í
REYNSLU
AKSTUR



VW Amarok Double Cab 2.0 TDI / Dísil / Beinskíptur*

KJARAKAUP 4.990.000 kr.

Fullt verð: 5.840.000 kr.

Afsláttur

850.000 kr.

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR
FÁ!



FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



Heimspekkt hönnun –

Eames Lounge Chair
Verð frá 899.000 kr.



Eames DAW
Tilboðsverð 66.900 kr.
verð áður 82.900 kr.
Charles og Ray Eames, 1950



Eames House Bird
Verð 19.900 kr.



Sunburst
Tilboðsverð 43.900 kr.
verð áður 53.900 kr.
George Nelson, 1948-1960

frábært verð



Rotary Tray
Verð 6.900 kr.
Jasper Morrison, 2014



Eames DSR
Tilboðsverð 39.500 kr.
verð áður 45.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1950



Uten Silo Minna
Tilboðsverð 36.900 kr.
verð áður frá 46.900 kr.
Dorothee Becker, 1969

FRÉTTABLAÐID
SPORT

Nýjast

Enski deildabikarinn í fótbolta

Liverpool - Leeds 2-0

1-0 Divock Origi (76.), 2-0 Ben Woodburn (81.).

Hull - Newcastle 0-0

Leikurinn var framlengdur og ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

Í dag

19.05 Grindav. - Skallagrím. Sport 3**19.40 Arsenal - Southampt.** Sport2**19.55 Man. Utd - West Ham** Sport**19.15 Stjarnan - Njarðvík** Ásgarður**19.15 Snæfell - Valur** Stykkishólm.**19.15 Grindavík - Skallagr.** Grindvík**19.15 Haukar - Keflavík** ÁsvellirStutt og hnitmiðuð fótboltaferð
á frábæru verði!LIVERPOOL
EÐA MAN.CITY?Flug og hótél
frá kr.**78.900**
m/morgunmatMiði á leik
frá kr.
22.500

20. janúar í 2 nætur

Langar þig að sjá Liverpool eða
Manchester City spila?

Heimsferðir bjóða beint flug til Liverpool og ferðir til Liverpool og Manchester 20.-22. janúar 2017. Báðar borgirnar eru frábærar heim að sækja og tilvaldar fyrir stutta helgarferð! Það er gott að versla í báðum borgunum en veitingastaðir og barir eru á hverju strái og oft mikið líf og fjör. Laugardaginn 21. janúar er svo unnt að fara á leik en þá spila bæði Liverpool og Manchester City. Liverpool tekur á móti Swansea kl. 12.30 á Anfield en Manchester City leikur gegn Tottenham kl. 17.30 á Etihad.

LIVERPOOL

Hotel Campanile

Frá kr. 79.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í herbergi.

Miði á leik Liverpool - Swansea frá 22.500 kr.
Einnig í boði Premier Club miði á 29.000 kr.

MANCHESTER

Hotel Britannia

Frá kr. 78.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 78.900 m.v. 2 í herbergi.

Miði á leik Man. City - Tottenham frá 26.900 kr.

Flugið er til Liverpool föstudaginn 20. janúar kl. 08.00
og til Keflavíkur sunnudaginn 22. janúar kl. 19.00.Ætlar
bara að
halda
sér í
núinu

GR-ingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir nýtti sér góð ráð reyndari kylfinga þegar hún bjó sig undir lokaúrtökumótinu fyrir sterkustu atvinnumótaröð kvenna í golfi sem hefst í dag.

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir stígur stórt skref fyrir íslenska kylfinga í dag þegar hún hefur keppt á lokaúrtökumótinu þar sem 157 kylfingar keppa um tuttugu laus sæti á sterkustu atvinnumótaröð kvenna. Í þessum sporum hefur íslensk kona aldrei staðið áður.

Ólafía Þórunn spilar fyrsta hringinn á Hills-vellinum og slær hún fyrsta höggð í dag klukkan 14.17 að íslenskum tíma sem er klukkan 9.17 að staðartíma.

Reynir að vera afslöppuð

„Mér líður bara vel. Ég ætla að fara inn í þetta mót alveg eins og hin tvö stigin. Reyna að vera afslöppuð með engar væntingar, þolinmód og gera mitt besta,“ segir Ólafía. Hún lék á fimm höggum undir pari á fyrsta úrtökumótinu (5. sæti) og á þarinnu á öðru stiginu (12. sæti). Hún hefur með árangri sínum á öðru stiginu þegar tryggt sér keppnisrétt á Symetra-mótaröðinni sem er næststerkasta mótaröðin.

„Ég mætti snemma á staðinn til að venjast grasinu og hefja hörkuæfingar. Svo núna er komið að því bara að halda æfingunum við og spara kraftana. Þetta er svo rosalega langt mót að það er mjög mikilvægt að hvíla sig síðustu tvo dagana fyrir keppni,“ segir Ólafía.

Hún skipulagði tímann vel fram að móti. „Ég fékk ráðleggingar frá nokkrum leikmönnum sem hafa spilað hérna áður og komist inn á mótaröðina. Þær mæltu með því að spila ótrúlega mikið snemma í vikunni og æfa vel. Svo taka bara níu holar síðustu tvo dagana fyrir mótið og léttar æfingar. Þannig að ég er búin að spila fjórum sinnum 18 holar,“ segir Ólafía.

Hvar ert þú
búin að vera?

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir fór umhverfis hnöttinn frá 4. október til 16. nóvember þar sem hún keppti bæði á úrtökumótum í Bandaríkjunum sem og á mótum á LET-mótaröðinni sem fóru fram í Kína, á Indlandi og í Abú Dabí. Hún náði að koma heim í fimm daga áður en hún flaug aftur til Bandaríkjanna til að undirbúa sig fyrir lokaúrtökumótið. „Það er alltaf gaman að koma heim og sjá alla og þá sérstaklega eftir svona langan tíma í burtu. Viktoria Katrín, litla frænka mín, var samt að skamma mig og spurði: „Hvar ert þú búin að vera? Ég er ekki búin að sjá þig í nokkur ár!“ Henni fannst sjö vikur vera rosa langur tími,“ segir Ólafía.

Hún talaði bæði við Cheyenne Woods sem var með henni í Wake Forest og svo hitti hún tvo kylfinga á mótum hjá LET. „Það var gott að staðfesta að það sem ég var að gera var best í mögulegi undirbúningurinn,“ segir Ólafía.

Vandræði eftir klukkan níu

Hún hefur spilað mjög mikið golf síðan hún kom út 21. nóvember síðastliðinn. „Ég er í vandræðum með að halda mér vakandi lengur en til níu á kvöldin. En það er fint því þá get ég byrjað daginn snemma,“ segir Ólafía og bætir við: „Líkaminn er ágætur, en hefur verið betri. En ég þarf bara að vera dugleg

að teygja og gera léttar æfingar. Ég fór líka í nudd,“ sagði Ólafía.

Hún þurfti tíma til að venjast öðruvísi grasi en var til dæmis á golfvöllunum á Evrópumótaröðinni. „Hérna er bermúdagras. Það er mjög þétt gras og því öðruvísi að slá úr því. Maður þarf að vera extra ákveðinn,“ segir Ólafía.

Hún hefur líka notað tímann til að læra á vellina tvo þar sem lokaúrtökumótið verður að þessu sinni. „Hills-völlurinn er talinn þrengri og flatirnar þar eru pinulítlar. Jones-völlurinn er aðeins opnari og flatirnar með miklu landslagi. Þetta eru báðir skemmtilegir vellir,“ segir Ólafía sem heldur vel utan um allt leikskipulagið sitt. „Ég skrifa niður á hverja einustu síðu mið af teig og punkta svo aukalega niður ef það er eitthvað sem ég þarf að hafa í huga,“ segir Ólafía en taktíkbókin hennar er aldrei langt undan.

Ólafía fór heilan hring í kringum hnöttinn á 48 dögum en fékk síðan smá tíma heima á Íslandi. „Það var frábært að komast heim. Ég er reyndar aldrei uppteknari en þegar ég er á Íslandi enda með alveg fulla dagskrá,“ segir Ólafía. Ólafía kynntist ýmsu á mótum sínum í Asíu.

Hugsa sem minnst um það

„Ég tel alla reynslu vera góða reynslu. Bæði góðu hlutina og slæmu hlutina sem hafa gerst á golfvöllinum. Maður lærir af öllu,“ segir Ólafía en hvaða þýðingu hefi það fyrir hana að komast inn á LPGA-mótaröðina í Bandaríkjunum?

„Ég reyni að hugsa sem minnst um það núna. Bara að halda mér í núinu og svo sjáum við til,“ sagði Ólafía að lokum. ooj@frettabladid.is

Ég tel alla reynslu vera góða reynslu. Bæði góðu hlutina og slæmu hlutina sem hafa gerst á golfvöllinum.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 31




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. nóvember 2016

46. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Skeljungur aftur í Kauphöllina

Almennu hlutafjárútboði Skeljungs lýkur í dag og í framhaldinu verða bréf félagsins skráð í Kauphöllinni. Þetta er eina skráning ársins á aðallista og búist er við að þátttaka fjárfesta verði góð. » 4



Sjónmælingar eru okkar fag

KAUPAUKI

Með öllum margskiptum glerjum* fylgir annað par FRÍTT með í sama styrkleika. Tilvalið sem sólgleraugu eða varagleraugu.



* Margskipt gler á við Varilux, Multifocal, Progressive og tvískipt gler.



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKUR
FLUGVÉL

Ryksugurisi þróar rafmagnstannbursta

Breski ryksugurisi Dyson hefur sótt um einkaleyfi fyrir rafmagnstannbursta. The Memo greinir frá því að tannburstinn myndi hreinsa munn notenda með vatnsbun-tækni.

Dyson er eitt af þekktustu vörumerkjum heims og framleiðir, auk ryksugna, meðal annars mjög öflugar handþurrkur. Nýverið sendi fyrirtækið frá sér Dyson Super-sonic háþurrku sem hefur fengið

mjög góðar viðtökur. Samkvæmt einkaleyfisumsókninni myndi tannburstinn vera með færanlegt handfang og alls konar tækni til að dreifa vatni um muninn. Tannburstinn myndi einnig geta sprautað upp annaðhvort hefðbundnu tannkremi eða öðrum vökva til að hreinsa munninn.

Líkur eru á að háþróuð sogtækni fyrirtækisins gæti komið sér vel við tannburstun. – sg



Dyson er meðal annars þekkt fyrir vélmennaryksugur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vikan sem leið

524

þúsund brottfarir

Á fyrstu tíu mánuðum ársins voru brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli komnar upp í 450 þúsund samkvæmt tölum Ferðamálastofu. Ísavia reiknar með að rúmlega 74 þúsund bætist við á síðustu tveimur mánuðum ársins. Þá munu brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli vera komnar upp í 524 þúsund á árinu í heild, sem er metfjöldi frá upphafi.

113

milljóna hagnaður

Frá 2013 til 2015 nam hagnaður eggjaframleiðandans Brúneggja 113 milljónum króna. Í umfjöllun Kastljóss á mánudagskvöld kom fram að fyrirtækið Brúnegg blekkti neytendur á sama tíma og fyrirtækið stóð frammi fyrir vörslusviptingaraðgerð Matvælastofnunar á hænum í eigu fyrirtækisins. Frá árinu 2010 hefur fyrirtækið hagnast um 219 milljónir króna.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

merking

....framleiðir

....Vörur úr plexigleri

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044



Verg landsframleiðsla hefur litið aukist á Kúbu síðustu áratugi, tækifæri eru þó til útflutnings. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þróun efnahagslífsins óljós eftir dauða Castro

Skiptar skoðanir eru um hvaða áhrif fráfall Fidels Castro muni hafa á efnahagslífið á Kúbu. Líklega verða ekki róttækar breytingar á næstunni. Hagvöxtur jókst lítið frá 1959 til 1999 en umbætur hafa orðið frá því að Raul Castro tók við 2008.

Eftir fráfall Fidels Castro, fyrrverandi forsætisráðherra Kúbu, á föstudaginn eru margir farnir að velja því fyrir sér hvaða áhrif dauði hans muni hafa á hagkerfi eyjunnar. Skiptar skoðanir eru á stærðargráðu áhrifanna, en svo virðist sem flestir séu sammála um að ekki verði snörp breyting. Frá árinu 2008 þegar Raul Castro, bróðir Fidels, tók við hafa orðið umbætur í hagkerfinu og talið er líklegt að sú þróun haldi áfram.

Margir telja að Fidel Castro hafi í sinni fimmtíu ára valdatíð valdið miklum efnahagslegum skaða í

landi þar sem miklir möguleikar eru á hagvexti. Ellefu milljónir íbúa Kúbu hafa þurft að búa við fátækt, að mati sumra, vegna sósíalismans. Árið 1959 þegar Castro kom til valda var landsframleiðsla á mann á Kúbu um 2.067 dollarar á ári, þetta var þá um tveir þriðju af meðaltalinu innan Rómönsku Ameríku og aðeins hærra en í Ekvador. Árið 1999 var landsframleiðslan tiltölulega óbreytt eða um 2.307 dollarar á mann á Kúbu, til samanburðar var hún orðin 5.618 dollarar í Panama og 3.809 í Ekvador samkvæmt tölum Forbes.

Al Jazeera greinir frá því að ólíklegt sé að fráfall Castros hafi í för með sér róttækar breytingar á eyjunni, til skamms tíma lítið. Tomas Bilbao, ráðgjafi hjá Engage Cuba samsteypunni, segir í samtali við fréttaveituna að fráfall Castros gæti auðveldað umbætur á Kúbu en hins vegar muni skriffinniska og íhaldssemi hjá hluta ríkisstjórnarinnar sennilega draga úr hraða þeirra.

Á síðustu átta árum hefur Raul Castro opnað fyrir frumkvöðlastarfsemi í landinu og rólega breytt hagkerfinu. Kúbverjar hafa getað rekið eigin veitingastaði og gistirými, og fengið hærri laun fyrir betri afköst. Einnig hefur hann unnið að því ásamt Obama Bandaríkjaforseta að

liðka fyrir viðskipti milli ríkjanna. Í frétt Telegraph um málið segir að líkur séu á að hann verði enn djarfari eftir fráfall Fidels. Jaime Suchlicki, prófessor við Miami háskóla í Bandaríkjunum, telur þó að Raul muni ekki opna Kúbu fyrir markaðnum þar sem hann sé sósíalisti í hug og hjarta.

Bandarískir greiningaraðilar hafa trú á að samband ríkjanna tveggja muni halda áfram að batna og að hagkerfi Kúbu muni halda áfram að þróast úr sósíalísma í markaðshagkerfi.

Margir óvissuþættir ríkja þó enn. Donald Trump mun taka við sem forseti Bandaríkja, en hann hefur talað fyrir því að bæta ekki viðskiptasamband Bandaríkja og Kúbu nema pólitískt og trúarlegt frelsi aukist á Kúbu. Um 4,3 prósentu hagvöxtur mældist á Kúbu árið 2015 en það dró hins vegar úr honum á þessu ári. Árið 2013 var gefið loford um að sameina gjaldmiðlanna tvo sem notaðir eru á Kúbu en enn hefur það ekki tekist.

Al Jazeera greinir frá því að helsta útflutningsgrein Kúbu síðustu ár hafi verið læknar sem hafi þjónustað ríkari lönd og skilað milljörðum dollara í ríkiskassann. Þörf sé á að efla útflutning á öðrum sviðum til að bæta efnahagsástandið, tækifæri séu til að mynda í landbúnaði. saeunn@frettabladid.is



Fidel Castro stjórnaði Kúbu í tæp fimmtíu ár og var mjög umdeildur.

Á döfinni

Miðvikudagur 30. nóvember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Verðmæti sjávarafla, janúar–ágúst 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Útungun alifugla í október 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Gistinætur og gestakomur á hótélum í október 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vísitala framleiðsluverðs í október 2016

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–október 2016

HB GRANDI

- Þriðji ársfjórðungur 2016

Fimmtudagur 1. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Þjónustuviðskipti við útlönd, 3. ársfjórðungur 2016, bráðabirgðatölur

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Brúartafla vöruviðskipta, þjónustuviðskipta og greiðslujafnaðar

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Íslyklar og innskráningarpjónusta Ísland.is

Mánudagur 5. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu

Þriðjudagur 6. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Vöruviðskipti við útlönd, nóvember 2016, bráðabirgðatölur

Miðvikudagur 7. desember

HAGSTOFA ÍSLANDS

- Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

SEÐLABANKI ÍSLANDS

- Útgáfa Fjármálainniðna

Föstudagur 9. desember

LÁNAMÁL RÍKISINS

- Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins

keldan
dægtal viðskiptalífis

visir Allar markaðsupplýsingar



Hlutfjárútboð í Skeljungu

Almennt útboð á hlutabréfum í Skeljungu hf.

Lýkur kl. 16.00 í dag.

Útboð á 23,5–31,5%

Útboðið tekur til 493.401.798 hluta eða 23,5% í félaginu í eigu SF IV slhf. og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 3.010 milljónum króna. Arion banki hf. og SÍA II slhf. áskilja sér rétt til að stækka útboðið í allt að 661.368.368 hluti (31,5%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 4.034 milljónir króna. Markmið útboðsins er meðal annars að það geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði, að hlutirnir verði seldir á sem hagstæðustu verði og að félagið verði ákjósanlegur fjárfestingarkostur á eftirmarkaði.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en endanleg ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Tilboðsbók A

Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr.

Verðbil 6,1–6,9 kr./hlut

Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B

Tilboðsbók B

Hver áskrift yfir 10.000.000 kr.

Lágmarksverð 6,1 kr./hlut

Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 1. desember. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 7. desember og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 9. desember.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið birti 14. nóvember 2016 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna má nálgast á vef Skeljungu, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar og á skrifstofu félagsins að Borgartúni 26 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (www.arionbanki.is) eða hjá verðbréfaþjónustu Arion banka í síma **444 7000** og tölvupóstfangi skeljungur-utbod@arionbanki.is.



Skeljungur



Arion banki
- fyrir framtíðina



Skeljungur var í Kauphöll Íslands frá árinu 1994 til 2003. Félagið snýr nú aftur á skráðan hlutabréfamarkað að loknu almennu útboði sem lýkur í dag. Markaðsvirðið er á bilinu 13-14 milljarðar. FRETTLADID/GVA

Skeljungur aftur á hlutabréfamarkað

Almennu hlutfjárútboði Skeljungs lýkur í dag. Traustur og stöðugur rekstur einkennir félagið. Sérfræðingar telja bréfin nokkuð sanngjarnt verðlögð en búast ekki við flugeldasýningu í kjölfar skráningar. Viðskipti í Kauphöll munu væntanlega hefjast 9. desember.

Hafliði Helgason
hafliði@frettladid.is



Skeljungur verður skráður á markað í kjölfar útboðs sem lýkur í dag klukkan 16. Þetta verður eina nýskráning í Kauphöll Íslands á þessu ári og eftir skráningu verður Skeljungur annað olíufélagið í Kauphöll Íslands. Í raun má tala um endurkomu Skeljungs á markað fremur en nýskráningu, en félagið var skráð í kauphöll frá 1994 til 2003.

Verðbil í A hluta útboðsins sem er 6,1 til 6,9 krónur á hlut, en í þeim hluta útboðsins gefst fjárfestum kostur á að kaupa fyrir fjárhæðir á bilinu 100 þúsund krónur upp í tíu milljónir. B hlutinn er ætlaður fagfjáfestum, en þar eru lágmarkskaup 10 milljónir króna.

Langt frá síðustu skráningu
Til sölu eru 23,3% af heildarhlutfélagins en seljendur áskilja sér rétt til að stækka útboðið í 31,5%

af heildarhlutfé. Söluandvirði miðað við lágmarksverð yrði þrjú milljarðar miðað við 23,3% og fjórir milljarðar kjósi seljendur að stækka útboðið.


Mat sérfræðinga á markaði er að fagfjáfestar muni taka skráningunni opnum örmum. Langt er frá síðasta útboði og rými fyrir nýtt skráð félag í bókum fagfjáfesta. Þá séu þetta ekki háar fjárhæðir í samanburði við önnur félög á markaði, en markaðsvirði Skeljungs er á bilinu 13 til 14 milljarðar eftir því við hvaða verð í bilinu er miðað.

Greiningaraðilar á markaði hafa metið virði félagsins á gengi í kringum sjö krónur á hlut. IFS greining metur hlutinn til að mynda á 6,9 sem er hámark útboðsgengis, en Landsbankinn metur félagið á 7,05 sem gefur afslátt í útboði frá 2,2% í efstu mörkum og 15,5% miðað við neðstu mörk.

Skeljungur og N1 ólík félög
Þegar olíufélag fer í útboð er nærtækt að miða það við það olíufélag

Heildareignir Skeljungs í milljónum króna

■ Færeyjar
■ Ísland




65

Fjöldi bensinstöðva á Íslandi. 11 stöðvar eru í Færeyjum


EBITDA/Framlegð á fyrstu níu mánuðum árs.

■ Skeljungur ■ N1



Framlegð í milljónum króna á fyrstu níu mánuðum árs.

■ Eldsneyti ■ Aðrar vörur ■ Alls





Snjóbrettavörur og búnaður fyrir börn og unglinga hafa verið mjög vinsæl á debe.is en þar fást meðal annars snjóbretti fyrir þau allra yngstu, minnstu brettin eru áttatíu sentimetrar að lengd. MYND/BURTON

ALLT Í JÓLAPAKKANN Á DEBE.IS

Débé kynnr Burton er eitt vandaðasta vörumerki innan snjóbrettaheimsins, en á næsta ári eru fjörutíu ár frá því að fyrsta snjóbrettið leit dagsins ljós. Burton hefur allt frá upphafi verið leiðandi framleiðandi snjóbretta og búnaðar sem tengist þeim.

Débé Bretti og stíll ehf. er með einkaumboð fyrir Burton á Íslandi og hefur fyrirtækið rekið vefverslunina debe.is síðastliðið ár. Á síðunni er að finna breitt úrval af vörum frá Burton ásamt fleiri merkjum en áherslur fyrir-tækisins eru á vörur og fatnað tengdan snjóbrettum, almennri útivist og jóga. debe.is sendir vörur út um allt land, og er enginn sendingarkostnaður á pöntunum sem eru yfir tíu þúsund krónur.

BÆÐI SNJÓBRETTI OG JÓGA

„Hjá okkur er að finna jólagjafir fyrir alla fjölskylduna. Við erum með vandaðan fatnað allt frá sokkum og upp í útivistarfatnað sem þolir hvaða veður sem er. Auðvitað erum við með allt sem brettafólk- ið þarfnast og gott úrval af búnaði og fatnaði fyrir börnin. Að auki bjóðum við gott úrval af vönduðum jóga- og lífsstílsfatnaði, og frábærar jógaútnur úr hrágúmmí,“ segir Dagný Björk Reynisdóttir, eigandi debe.is.

Burton-vörumerkið er einnig með töskulínu, frá snyrtiveskjum og einföldum pokum upp í stórar brettatöskur, græjutöskur og allt

þar á milli. Hægt er að fá bakpoka sem henta öllum, meðal annars sérstaklega hannaða fyrir konur, og minni bakpoka fyrir yngri kynslóðina.

BREIÐ ALMENN FATALÍNA

Að sögn Dagnýjar geta allir í fjölskyldunni fundið eitthvað við sitt hæfi á debe.is, og áhugi eða ástundun á snjóbrettum er alls ekkert skilyrði. „Það kemur skemmtilega á óvart hversu breið fatalínan frá Burton er. Gæði á fatnaðinum eru mikil og sérstaklega má nefna að allur útífatnaður á börn, er þannig búinn að hægt er að lengja skálmar og ermar á úlpum og buxum þannig að flíkin vex með barninu.“

Í haust- og vetrarlínunni má finna hversdagsúlpur og -jakka, goretex-útivistarfatnað með öndun og ýmsum skemmtilegum lausnum, eins og vatnshelt hulstur fyrir farsímamann. „Burton tekur ábyrgð á goretex-flíkum, á líftíma þeirra en ábyrgðin nær meðal annars yfir goretex-húðina. Vandað er til vals á efnum í fatnaðinum frá Burton, og er hugað vel að smáatriðum,“ útskýrir Dagný.



Débé bretti og stíll ehf. rekur vefverslunina debe.is og er fjölskyldufyrirtæki í eigu þeirra Björgvins Hólm Birgissonar, Dagnýjar Bjarkar Reynisdóttur, Reynis Birgissonar og Birgis Arnar Tómassonar.

BÚNAÐUR FYRIR BÖRN VINSÆLL

Snjóbrettavörur og búnaður fyrir börn og unglinga hafa verið mjög vinsæl á debe.is en þar fást meðal annars snjóbretti fyrir þau allra yngstu. Minnsta brettastærðin sem fæst er áttatíu sentimetrar.

„Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á útivistarfatnaðinum bæði fyrir börn og fullorðna. Parka-úlpur hafa líka komið sterkar inn en við erum með nokkrar útgáfur, fyrir konur og karla. Ýmist fylltar með dúni, sem aflað er eftir vott-

uðum og síðferðilega ábyrgum leiðum, eða með gervifyllingu sem er mjög hlý. Loðkragar sem eru á flíkunum eru allir úr gervifeldi,“ segir Dagný og bætir við að hettupeysur hafi líka verið vinsælar. „Sérstaklega „soft shell“ peysurnar okkar, sem eru bæði vatns- og vindheldar og eru frábærar í fjallið eða útivistina þegar sólin fer að hækka á lofti á ný, og í mildara veðri.“

SÝNING UM HELGINA

Um næstu helgi verður hægt að skoða hluta af vörunum sem fást á debe.is, í aðstöðu Brettafélags Hafnarfjarðar, að Flatahrauni 14. „Þar verðum við með vel valdar vörur frá Burton og stefnum á að hafa gott úrval af vörum fyrir yngri kynslóðina og útivistarfatnað fyrir fullorðna. Að sjálfsögðu eru brettin og það sem þeim tilheyrir með líka. Einnig ætlum við að vera með brot af því besta og vinsælasta í jógafatnaðinum og að sjálfsögðu dýnurnar frábæru frá JadeYoga,“ segir Dagný.

Nánari upplýsingar um viðburðinn er á [Facebook](#), [debe.is pop-up](#) í borginni.



Marentza Poulsen, eigandi Flórunnar í Grasagarðinum. MYNDIR/ANTON BRINK

LJÚFFENGIR JÓLARÉTTIR

Flóran Café kynnir Mikið jólaævintýri verður í boði í Grasagarðinum yfir aðventuna. Hér gefur Marentza Poulsen nokkrar uppskriftir.

Veitingastaðurinn Flóran í Grasagarði Reykjavíkur er opinn um helgar yfir aðventuna. Þar verður boðið upp á girnilega skandinavíska jólarétti á borð við smurbrauð, síld og jólaplatta, milli kl. 11 og 17 á laugardögum og sunnudögum. Á föstudags- og laugardagskvöldum er hins vegar boðið upp á sannkallað jólaævintýri fyrir bragðlaukana segir Marentza Poulsen eigandi Flórunnar. „Þetta er ekki hefðbundið jólahlaðborð eins og flestir þekkja heldur komum við með hlaðborðið að borðum gestanna. Þeir geta því notið andrúmsloftsins, notalegs umhverfis undir ljúfum

hörpuleik á meðan við færum þeim ljúffenga rétti á borð við smásnuttur, steikta síld með sinnepi, rauðrófugrafinn lax, reykt önd, síðubita af grís með puru, andalæri og fjölbreytta eftirrétti svo nokkrir réttir séu taldir upp.“

Hér gefur Marentza nokkrar ljúffengar uppskriftir en þær eiga það flestar sameiginlegt að vera í boði í Flórunni yfir aðventuna auk þess sem hægt er að panta þær og sækja niður í Grasagarð.

Nánari upplýsingar um Jólaævintýri Flórunnar má finna á www.floran.is.



Hangikjötstartar og grænerturemúlaði með passar vel við laufabrauðið.

HANGIKJÖTSTARTAR

Tvíreykt og venjulegt hangikjöt blandað saman til helminga, skorið í litla teninga og bragðbætt með góðri olíu, graslauk og steinselju.

GRÆNERTUREMÚLAÐI

225 g rjómaostur
2 msk. franskt sætt sinnep
4 tsk. karrí
150 g sweet relish
1 bolli grænar baunir. Best að nota frosnar en afþíða þær fyrst

Allt hráefni sett í matvinnsluvél og blandað saman.

RAUÐKÁL FLÓRUNNAR

Rauðkálshaus, meðalstór
Safi úr 2 appelsinum
1 kanilstöng
3 stjörnuanisar
3 lárviðarlauf
120 g sykur
3 dl Ribena-saft
2 dl kryddedik
4 dl rauðvín, má gjarnan vera óáfengt
2 tsk. salt

Rauðkálið skorið fínt og sett í pott ásamt restinni af hráefninu. Látið sjóða við vægan hita í 1 klukkustund með lok á pottinum.

RAUÐLAUKSSULTA

8 rauðlaukar
100 g púðursykur
1 dl rauðvínседик
2 græn epli
2 msk. rifið fersk engifer

Skrælið laukinn og eplin og skerið í grófa bita. Allt hráefni sett í pott og látið malla þar til laukurinn og eplin eru orðin mjúk.

STEIKT SÍLD

Fersk síld hreinsuð, velt upp úr rúgmjöli og steikt upp úr smjöri eins og annar fiskur. Kælið.

Síldarlögur
1 lítri kryddedik
½ lítri vatn
½ kg sykur



Frá vinstri er sultaður rauðlaukur, trönuberjasinnep og rauðkál Flórunnar.



Súkkulaðimús með súkkulaðikaramellu og karamellupoppi.

1 laukur, afhýddur og skorinn í sneiðar
1 msk. heill svartur pipar
½ msk. sinnepsfræ
½ msk. dillfræ
2 lárviðarlauf

Allt sett í pott og látið suðuna koma vel upp. Þá er lögurinn kældur og honum helt yfir kalda síldina. Látið standa í minnst fimm daga í kæli.

SÚKKULAÐIMÚS

½ lítri rjómi
2 ½ lítri nýmjólk
400 g dökkt súkkulaði
4 matarlímsblöð

Matarlímsblöðin sett í vel kelt vatn í 5 til 7 mínútur. Mjólkinn sett í pott og suðan láti koma upp. Þá eru matarlímsblöðin tekin upp úr kalda vatninu og sett út í heita mjólkina. Hærið vel í pottinum. Þar næst er súkkulaðinu bætt út í heita mjólkina og brætt þannig. Rjóminn er létt þeyttur og blandað varlega saman við súkkulaðiþönduna. Músin sett í skál eða form og látin standa þar til hún er orðin stíf.

SÚKKULAÐI KAREMELLA

300 g sykur
Smá kalt vatn
150 g smjör
300 ml rjómi
200 gr súkkulaði

Vatn og sykur er látin sjóða varlega þar til orðið að sírópi. Ekki má hræra í pottinum á meðan. Þegar sykurrinn er orðinn gullinbrúnn er smjörinu bætt út í og síðan súkkulaðinu.

REYKT BLEIKJUPATÉ & SJÁVARETTAPATÉ

Árstíðabundnar vörur sem hafa slegið í gegn

Tilvalið í veisluna eða á hlaðborðið.
Fást í öllum helstu matvöruverslunum og í fiskborði stórmarkaðanna.


FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Skeifan 6 / Harpa / Laugarvegi 70 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



menu

LAKRIDS
BY JOHAN BULOW

normann
COPENHAGEN

Joseph
Joseph

ROSENDAHL

GEORG JENSEN

FÆRIR FRIÐSÆLD Á AÐVENTUNNI

Jólplatan Hátíð með Þórhildi Örvarsdóttur er nýlega komin út. Af því tilefni verður söngkonan með tónleika í Reykjavík annað kvöld og á Akureyri á sunnudagskvöld. Platan á að færa fólki friðsæld á annasamri aðventunni.

Lilja Björk
Hauksdóttir

liljabjork@365.is



Deir sem leggja leið sína á útgáfu-tónleika söngkonunnar Þórhildar Örvarsdóttur annað kvöld klukkan átta í Fríkirkjunni í Reykjavík eða á sunnudag í Akureyrarkirkju á sama tíma mega eiga von á kyrrri og notalegri stemningu, jafnvel svolítið hátíðlegri. Það er að sögn Þórhildar, eða Hildu eins og hún er kölluð, meginhugsunin á bak við plötuna, að hún færi fólki friðsæld á aðventunni sem annars á það stundum til að verða svolítið annasöm. „Það má jafnvel greina skammdegið í þessari músík en líka gleðina og vissuna yfir hækkandi sól,“ segir hún.

Í SAMVINNU MEÐ FAGFÓLKI

Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af útgáfu jólplötunnar Hátíð sem Þórhildur vann með Atla bróður sínum sem er kvikmyndatónskáld og hefur búið árum saman í Bandaríkjunum en er nýlega fluttur heim. „Með okkur var upptöku- og mixermaður frá London, Steve McLaughlin. Inn á plötuna spila svo algjörlega frábærir listamenn, Eyþór Ingi Jónsson á orgel, Kristján Edelstein á gítar, Einar Scheving á trommur, Greta Salóme á fiðlu, auk þess sem hún á einn texta á plötunni, og Ásdís Arnardóttir á selló.“

Það var lengi búið að vera á stefnuskránni hjá Þórhildi að taka

upp plötu og þar sem hún hefur verið að vinna við ólíka hluti í tónlist síðustu árin segist hún hafa verið svolítið að leita að grundvelli til að sameina þá þætti. „Mig langaði að skapa einhvern heim, eins og í kvikmyndatónlistinni og ná líka mikilli nánd eins og oft verður í lifandi flutningi, til dæmis við kirkjuathafnir. Mér fannst jólin einmitt ná að sameina þetta. Það lá því beinast við að leiða saman þrjá af mínum helstu samstarfsmönnum síðustu árin, þá Atla, Eyþór og Kristján, til að vinna að þessu með mér,“ segir Þórhildur.

Innblástur fyrir plötuna sótti Hilda í skandinavíska jólatónlist sem hún hefur verið alveg heilluð af. „Það er svo fallegur þjóðlagakennur blær á þessari tónlist og eitthvað við hana sem endurspeglar norðrið, einhvers konar sameiginlegur reynsluheimur þjóðanna. Samstarfskona mín og vinkona, Helga Kvam, hefur verið óþreytandi að finna og kynna mig fyrir þessari músík og vann mikið að gerð plötunnar með mér. Við fengum fallega íslenska texta við erlendu lögin frá Kristjáni Hreinssyni, Gretu Salóme og Sigurði Ingólfssyni. Við þetta blanda ég svo nokkrum íslenskum lögum sem eru mér afar kær.“

FROSTRÓSIR Í SUMARHITA

Söngkonan segist vera mikið jólabarn og hefur henni alltaf fundist jólin vera yndislegur tími. „Mínar minningar um jólin þegar ég var barn eru yndislegar, ég kem úr



Söngkonan Þórhildur Örvarsdóttur heldur útgáfutónleika annað kvöld klukkan átta í Fríkirkjunni í Reykjavík og á sunnudag í Akureyrarkirkju klukkan átta í tilefni af útkomu jólplötu hennar, Hátíð. MYND/AUÐUNN NIELSSON

stórum systkinahópi og það var oft mjög glatt á hjalla. Það var ekki mikil áhersla á stórar gjafir þegar ég var að alast upp en samveran og gleðin var mikil og hún er alltaf stærsta gjöfin. Þegar við eldumst munum við ekki svo mikið hvað við fengum að gjöf en við munum stundirnar og samveruna og það er dýrmætara en allt annað. Ég hef reynt að færa mínum börnum þessar upplifanir af samveru og gleði í

kringum jólahaldið og reyni að kenna þeim að njóta hvernar mínútu og það að fara á tónleika er algjörlega órjúfanlegur þáttur af jólahaldinu.“

Jólplatan var unnin í sumar og haust og segir Hilda að það hafi verið bæði skrítið og skemmtilegt. „Sérstaklega þar sem veðrið var með eindæmum gott á meðan við vorum í upptökum. Haustið var líka alveg einstakt, með sumarhita fram

í október, og því stundum svolítið skrítið að vera að skoða frostrósir og snævipaktar myndir fyrir alþingið, hlusta aftur og aftur á lögin og skipuleggja markaðssetningu á jólplötu, þetta var stundum dálítið spaugilegt. En við tókum mikið upp í Akureyrarkirkju og þar er alltaf hátíðlegt að koma og bara hljómurinn einn og sér færir manni jólastemningu,“ segir Hilda með bros á vör.



Töfrastund sem varðveitist

Gjafakort í Þjóðleikhúsið gleður unga sem aldna, enda ávísun á upplifun og ævintýri.

Hafðu samband við miðasölu Þjóðleikhússins í síma **551 1200** eða á **leikhusid.is**



Jólagjöf fagmannsins

30. nóvember 2016

KS TOOLS

Jólagjöf *Jólatilboð*
atvinnumannsins

3.000 kr.
verðlækkun

16.560

Ath!

Takmarkað
magn



179 stk.

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Hlýir sokkar og vettlingar góðar gjafir

Sóley Rut Jóhannsdóttir hefur alltaf haft mikinn áhuga á smíðum og er núna á námssamningi hjá litlu trésmíðafyrirtæki. Hún starfar við alls kyns húsasmíðar og hefur auk þess stundað nám í húsgagnasmíði. Sóley Rut lagfærir það sem þarf að gera við og smíðar nýtt.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Sóley Rut segist alltaf hafa verið frekar handóð. „Mér finnst gott að geta gert hlutina sjálf. Ég eyddi mörgum sumrum sem barn í bústað hjá ömmu og afa í Grímsnesi og þau voru bæði dugleg að dytta að húsinu. Ég fékk að saga og negla eins og mig lysti eða allt þar til ég sagaði í löppina á mér, fannst það samt ekkert mál og hélt áfram að saga og negla fram á kvöld þrátt fyrir mótmæli frá ömmu og er í dag með skemmtilegt ör eftir tennurnar á söginni á sköflungnum til minningar. Einnig fékk ég að fara á smíðavöllinn í Austurbæjarskóla eitt sumarið,“ segir Sóley Rut þegar hún er spurð um þennan áhuga.

Sóley Rut er að læra smíðar hjá fyrirtæki sem heitir Trésmíðja Haraldar. „Við vinnum við alls konar húsasmíðar. „Kosturinn við það að vera á fámennum á vinnustað er að ég fæ að prófa að gera allt og strákarnir eru ekkert að hlífa mér vegna kyns. Þeir sjá til þess að ég reyni allt og í langflestum tilfellum er ég fullfær um að spjara mig. Ég þarf helst aðstoð þegar það hamlar mér að vera styttri og léttari en þeir,“ segir hún.

Gefur gömlum hlutum nýtt líf

Þegar Sóley er spurð hvaða hluti sé nauðsynlegt að eiga heima til að geta gert við eða lagfært, er hún fljót til svars. „Trélím og málningarteip kemur manni ansi langt. Almenna „hús-settið“, s.s. skrúfjárn, hamar og töng er líka gott að eiga. Ég hef meðal annars smíðað lítinn baðskáp, grannan standandi skáp með skúffu og hurð, ruggustól í anda Ole Wansher og stækkanlegt snyrtiborð á hjólum sem ég hannaði sjálf sem lokaverkefni mitt í húsgagnasmíði. Það að smíða hlutina frá grunni, teikna þá upp, ákveða mál, velja efni og dunda við að skapa eitthvað nýtt er líklega það skemmtilegasta sem ég geri. Það er samt líka skemmtilegt að gera upp hluti því það er oft svo lítið sem þarf til þess að gefa hlutum nýtt líf. Smá húsgagnahreinsir og lituð viðarolía eða viðarfyllir og lakk getur gert gæfumuninn. Að láta loksins verða af því að taka „ónýta“ stólinn í sundur, hreinsa út gamla límið og líma aftur og jafnvel endurbólstra setuna er minna mál en maður heldur. Ég er hálfgerður „púristi“ og er frekar illa við húsgögn sem eru bara máluð í hvítum háglans þegar hægt er að meðhöndla spón og heilvið á margan ótrúlega fal-



Sóley Rut er að læra húsasmíði og er á námssamningi hjá Trésmíðju Haraldar.

legan hátt. Hver hlutur úr viði er einstakur og að mínu mati er synd að fela einkenni hans undir þykku lagi af málningu nema vera búinn að kynna sér aðra möguleika fyrst,“ segir Sóley Rut.

Hún segist halda mikið upp á körfustól sem hún á úr Pier. „Hann er fallegur og tímalaus í hönnun og er ótrúlega þægilegur en sethúsgögn finnst mér glötuð ef þau eru ekki þægileg, þá frekar sit ég á gólfinu. Einnig á ég fallegan danskan hægindastól sem ég



Sóley fór fyrst í húsgagnasmíði og á þessari mynd er ruggustóll í vinnslu hjá henni.

fékk í Góða hirðinum en ég stefni á að endurbólstra hann sjálf við tækifæri.“

Langar í skrúfvél

Það eru líklega ekki margar konur sem biðja um jólagjöf eins og Sóley. „Mig langar mikið í létta en sæmilega öflugra skrúfvél, held að það sé efst á óskalistanum. Hef augastað á tveimur frá sitthvoru fyrirtækinu en hef ekki alveg gert upp hug minn enn þá,“ segir hún. „Ég hef afnot af öllum helstu

verkfærum í vinnunni og hef því ekki þurft að fylla litlu leiguíbúðina mína af verkfærum,“ segir hún og hlær en bætir síðan við: „Hins vegar þegar ég hugsa um framtíðina sé ég samt fyrst og fremst fyrir mér stóran bílskúr fullan af öllum mögulegum verkfærum og vélum.“

Hvaða hlut notar þú mest?

„Veit nú ekki hvað það heitir réttu nafni, hef heyrt það kallað lítið klaufjárn eða pólskan lykil. Það smellpassar í vasa og má nota til að lyfta upp plötum, ná undir naglahausa/skrúfuhausa og þess háttar, það er eiginlega hægt að pota því hvar sem þarf að komast að og er án efa mest notaða verkfæri sem ég hef notað.“

En hvað finnst henni að ætti að vera jólagjöf fagmannsins?

„Góðir sokkar og hanskar. Íslenskir smíðir vinna úti í öllum veðrum allt árið um kring og því mikilvægt að vera í hlýjum og góðum sokkum. Kaldar tær og kaldir puttar eru algjör óþarfa leiðindi, ég komst að því í fyrra vetur. Mæli einnig með ullarleppum í skóna, það virkar vel fyrir mig. Svo eru til dæmis litlir handheflar, nýir blýantar, góð sporjárn og vasabækur hagnýtar gjafir.“

JÓLAGJÖF FAGMANNINS.

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BÆTA Í VERKFÆRAKASSANN FYRIR JÓLIN!



FLIR ONE – FLIR Ex

Kynnið ykkur möguleika á hitamyndavélum fyrir síma og þessum harðgerðu sem smell passa í verkfærakassann.



EXTECH EX350

Rafmagnsmælir með björtum og stórum skjá. Meðal nýjunga er snertilaus spennugreinir og LoZ.



EXTECH MO257

Þessi eini sanni kúlumælir sem mælir rakagildi allt að 4cm inn í byggingarefni. Margar gerðir rakamæla til.



STREAMLIGHT LJÓS

Gædaljós í miklu úrvali, handljós með allt að 850 lum ljósstyrk og höfuðljós með allt að 635 lum ljósstyrk.



SPECTRA LT58

Spectra laserar í miklu úrvali. Fyrir alla verktaka og idnaðarmenn

15% afsláttur af öllum laserum til áramóta

f / ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS

SÍÐUMÚLA 28
108 REYKJAVÍK
SÍMI 5105100

ÍSMAR
...Við mælum með því besta

HÖRÐU PAKKARNIR FÁST HJÁ SINDRA



14.821 m/vsk

7.534 m/vsk

7.900 m/vsk



1.990 m/vsk

3.190 m/vsk

5.944 m/vsk



2.970 m/vsk

2.614 m/vsk

5.320 m/vsk



4.712 m/vsk

4.441 m/vsk

8.198 m/vsk



7 SKÚFFUR

283 verkfæri 154.020 m/vsk



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

12.252 m/vsk

Fullt verð 17.502



5 SKÚFFUR

157 verkfæri 119.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skruvírn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

18.509 m/vsk

Fullt verð 28.476




VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.

vnr IBTGCAI130B

19.900 m/vsk

Fullt verð 29.435



TILBOD

VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

21.657 m/vsk

Fullt verð 30.910



www.sindri.is / sími 575 0000

Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Hvert verkfæri á sinn vísa stað

Sigurjón P. Stefánsson á vel skipulagðan bílskúr sem sumir staðhæfa að sé svo snyrtilegur að þar megi framkvæma skurðaðgerðir. Sigurjón slær á slíkar yfirlýsingar en viðurkennir að hann eigi ógrynni af verkfærum til ýmissa verka. Þá eigi hvert verkfæri sinn stað.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Sigurjón, sem er sölustjóri Vinnuvéla, segir áhugann á verkfærum, vélum og smíði hafa vaknað snemma. „Þabbi var mikið í útgerð á vörubílum og vélum og ég ólst því upp í kringum tól og tæki. Raunar svo mikið að ökukennaranum fannst ég grunsamlega góður að keyra þegar ég fór í fyrsta ökutímann,“ segir Sigurjón glettinn en hann eignaðist sitt fyrsta mótörhjól sextán ára. „Það var Kawasaki 5 með tvígengisvél.“ Mótörhjólunu fylgdu síðan, eins og vill verða, bæði viðgerðir og vélagrúsk.

„Ég hef alltaf viljað eiga góð verkfæri og keypti mér þau snemma. „Í fyrstu ferðinni sem ég fór til útlanda, sextán ára gamall, keypti ég fyrstu verkfærin, borvél og ýmsa lykla.“

Sex mótörhjól í skúrnum

Mótörhjólááhuginn hefur síst minnkað með árunum en Sigurjón og kona hans eiga samtals sex hjól í bílskúrnum. Fimm af gerðinni Kawasaki og eina Hondu. „Við notum þau mikið og ferðumst innanlands og utan.“

Sigurjón segist kaupa sér flest sín verkfæri sjálfur. Sum hafi hann þó fengið að gjöf frá börnum sínum í gegnum tíðina.

En hvað á hann mörg verkfæri? „Meinarðu í kílóavís eða stykkjatali?“ spyr hann glettinn, greinilega ekki með fjöldann á hreinu. Hann segist þó eiga mjög mikið af verkfærum til allra verka.

Hann segist einnig alla tíð hafa haft mikinn áhuga á smíði. „Ég smíða mikið, og við hjónin bæði. Hún gefur mér ekki tommy eftir í því,“ upplýsir Sigurjón og tekur sem dæmi að þau hjónin hafi að mestu smíðað húsið þeirra sjálf, bæði innan og utan. „Síðasta sumar hentum við svo stórum hluta úr lóðinni hjá okkur og smíð-

uðum risaverönd í staðinn og girtum hana alla af. Það gerðum við bara tvö á kvöldin og um helgar með vinnu.“

Gott skipulag

Bílskúr Sigurjóns er þaulskipulagður. „Ég vandist á þetta ungar, þegar ég var vélstjóri í nokkur ár. Það er mikið skipulag í vélarúmmum á skipum. Þar á hvert verkfæri sinn sess í hillu eða skáp enda margir sem þurfa að nota verkfærin og menn þurfa að geta gengið að þeim á vísnum stað. Ég hef tileinkað mér þennan kæk og fært yfir í skúrinn hjá mér. Hér á hvert verkfæri sinn krók, nagla eða hillu,“ segir Sigurjón sem smíðaði auðvitað sjálfur allt skipulagið.

Sigurjón segist dvelja í skúrnum í tórnum. „Stundum hef ég tekið eldgömul mótörhjól og rífið þau í frumeindir og gert þau eins og ný. Þá er maður heilu og hálfu dagana í skúrnum.“


Langar í rennibekk

En á hann sér uppáhaldsverkfæri? „Mér þykir vænst um verkfærin sem ég handsmíðaði þegar ég var í Vélskólanum á sínum tíma. Þetta eru hamarshaus og fleira sem ég á enn í dag.“


Sigurjón segist annars helst kjósa að eiga vönduð verkfæri fremur en ódýr. „Svo vel ég líka verkfæri eftir verkum. Ef ég er í mikilli óþverravinnu nota ég ákveðin verkfæri, en spariverkfæri í fínni vinnu.“ En hvað notar hann mest? „Líklega lykla og skrufjárn.“

Sigurjón segist fremur íhaldsamur á að lána verkfærin sín. „Það er dálítið algengt að fá lánað og gleyma að skila. Ég reyni því að halda verkfærunum heima við.“

En er eitthvað sem vantar í safnið? „Mig hefur alltaf dreymt um að eiga lítinn rennibekk. Ég læt það kannski rætast einhvern tíma.“



Sigurjón á afar vel skipulagðan bílskúr enda á hann fjöldann allan af verkfærum sem þarf að koma vel fyrir. MYNDIR/ERNIR



Sigurjón hannaði og smíðaði sjálfur veggina sem verkfærin eru hengd á.



Verkfærin sem Sigurjón handsmíðaði.

Tímalausar gjafir undir jólatrénu

Góð verkfæri eru tímalausar gjafir sem henta frábærlega í jólapakkann fyrir fagfólk jafnt sem grúskarann heima fyrir.

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla býður upp á gott úrval verkfæra frá mörgum þekktum vörumerkjum á góðu verði.

Í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla er mikið úrval af verkfærum af ýmsum stærðum og gerðum til notkunar í öllum mögulegum tilgangi fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Á meðal þekktra vörumerkja sem verslunin selur má nefna Stanley, Yato, Lund, Powerup, Kingstorm og Sthor. „Við höfum verið að taka inn nokkuð af nýjum vörum í stærri kantinum undanfarið,“ segir Ingvar Árni Óskarsson, starfsmaður Rafvörumarkaðarins, og bætir við að þar megi helst nefna stórar læstar verkfærakistur, sverðsagir, iðnaðarbrotvélar til að brjóta steypu og ýmislegt fleira, og LED-kastara. „Allt eru þetta alvöru verkfæri fyrir alvöru iðnaðarmenn, fagfólk jafnt sem grúskara heima fyrir.“

Vörur í jólapakkann

Sigurður Davíð Skúlason stendur einnig vaktina í Fellsmúlanum með Ingvari. „Hjá okkur er fullt af vörum sem gætu hentað í jólapakkana fyrir fagmennina því úrvalið er mikið,“ segir hann. Borvélar og skrufvélar þykja klassískar til gjafa enda verkfæri sem þarf á hverju heimili að sögn Sig-

urðar Davíðs. Einnig nefnir hann fjölnota sög, flísa sög, brotvélar og upphengjanleg ljós sem er hægt að tengja í USB. Sigurður Davíð nefnir réttilega að ekki eru öll verkfæri til stóra verka. „Á meðal verkfæraanna okkar er gott úrval af minni verkfærum í smærri viðfangsefni og ekki síður í fönðurvinnuna heima fyrir. Þar má m.a. nefna stingsög, fönðurslípiset og ýmis handverkfæri. Ekki má gleyma LED-vasaljósum af ýmsum stærðum.“

Gæðavörur á góðu verði

Báðum finnst þeim auðvitað algjör toppur að fá nýja og góða græju í jólapakkanum. „Verkfæri eru tímalausar gjafir sem endast lengi og gagnast alltaf vel. Verkfærin hjá okkur í Rafvörumarkaðinum eru frá gæðaframleiðendum og eru á góðu verði. Það er svo sannarlega hægt að gera kostakaup hjá okkur í Rafvörumarkaðinum.“

Rafvörumarkaðurinn er til húsa við Fellsmúla í Reykjavík. Opíð er virka daga frá 9-18, laugardaga frá 10-16 og sunnudaga frá 12-16. Nánari upplýsingar á Facebook undir Rafvörumarkaðurinn.




Sigurður Davíð Skúlason (t.v.) og Ingvar Árni Óskarsson standa vaktina í Rafvörumarkaðinum í Fellsmúla. MYND/ANTON BRINK

Jólagjöf fagmannsins er hágæða vinnuföt frá Snickers



DUNDERDON



Mikið úrval af
kraftmiklum **HILTI**
handverkfærum

Öryggisvörur

uvex MILLER OTTER TOE GUARD

Timberland PRO Honeywell SOLID GEAR

Vinnuskór • Heyrnahlífar • Öndunargrímur
Vinnuvettlingar • Eyrnatappar • Gleraugu
Hjálmar • Fallvarnarbúnaður

Tæki og múrfestingar



Lasermælar • Höggborvélar • Skurðar-/Slípivélar
Demantsbor-/skurðarvélar • Batterísvélar
Skot-/Gasbyssur • Brunapétiefni
Skrúfvélar • Múrfestingar • Byggingafrauð

HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S: 414-3700 • hagi@hagi.is



„Á þessum tæplega áratug eru pennarnir sjálfsgagt orðnir nokkuð hundruð en ég hef í raun enga tölu á þeim,“ segir Finnbogi Unnsteinn Gunnlaugsson, handverksmaður frá Grindavík.



Mikil vinna er á bak við hvern penna.



Úrvalið er mikið hjá Finnboga og fjölbreytnin er mikil.

Engir tveir eins

Finnbogi Unnsteinn eyðir stærstum hluta frítíma síns í bílskúrnum heima í Grindavík. Þar býr hann til fallega penna úr ólíkum viðartegundum og dýrahornum.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Grindvíkingurinn Finnbogi Unnsteinn Gunnlaugsson hefur undanfarinn áratug átt sér skemmtilegt áhugamál í bílskúrnum. Hann smíðar skefti fyrir penna úr ýmsum viðartegundum sem vakið hafa nokkra athygli á handverkshátíðum og í skúrnum heima þar sem gestir og gangandi geta komið og skoðað úrvalið.

Sjálfur hefur hann starfað við ýmislegt um ævina, t.d. sem vöru- og flutningabílstjóri, verslunarmaður í byggingavöruverslun og við smíðar. „Ég hef hins vegar alltaf haft mikinn áhuga á verkfærum og vélum. Fyrsta rennibekkin, sem var tengdur við bor-



„Mér tekst nú reglulega að selja einn og einn penna. Það skiptir mig þó minna máli því gleðin sem ég fæ út úr því að búa þá til skiptir öllu máli.“

Finnbogi Unnsteinn Gunnlaugsson

vél, fékk ég í jólagjöf fyrir mörgum árum en hann hentaði frekar í smærri verkefni.“

Enga tölu á fjölda

Smátt og smátt jókst áhugi Finnboga og verkefnin urðu stærri og metnaðarfullri. „Fyrir tæpum tíu árum keypti ég mér gamlan og stærri rennibekk sem er mjög góður. Hann er frá NOVA og með honum fylgdu hlutir í pennarennisli. Og þá byrjuðu hlutirnir að gerast fyrir alvöru og áhugamálið um leið að verða miklu skemmtilegra enda eyði ég talsverðum tíma úti í bílskúr þar sem ég hef komið mér upp ágætari aðstöðu.“

Finnbogi er sjaldnast búinn að ákveða fyrirfram hvernig endanleg afurð mun líta út. Hugmyndin fæðist iðulega þegar hann byrjar að verka viðinn. „Það tekur tíma að fá réttan við í hús. Síðan þarf að þurrka hann svo hann náí réttu rakastigi. Ég saga viðinn niður og passa vel upp á að hann springi ekki og eyðileggist í þurrkinum. Viðinn þarf nefnilega að verka ansi lengi svo hann sé í lagi því

ef það er smá raki eftir í honum myndast sprungur og þá rifnar hann. Ég nota ýmsar viðartegundir, bæði íslenskar og erlendar, og einnig ýmis horn, t.d. hreindýra- og buffalóhorn. Fyrir vikið eru engir tveir pennar eins. Á þessum tæplega áratug eru pennarnir sjálfsgagt orðnir nokkuð hundruð en ég hef í raun enga tölu á þeim.“

Vekja athygli

Hann segist ekki hafa verið sérlega duglegur að koma sjálfum sér á framfæri. Stöku sinnum hafi hann kynnt pennana á handverksmörkuðum og sett inn myndir á Facebook-síðu sína. „Um síðustu helgi var ég t.d. á handverksmarkaði í Keflavík. Pennarnir vekja alltaf athygli og mér tekst nú reglulega að selja einn og einn penna. Það skiptir mig þó minna máli því gleðin sem ég fæ út úr því að búa þá til skiptir öllu máli. Það sem er síðan helst fram undan hjá mér er að halda áfram að gera betri, fjölbreyttari og fallegri penna sem vonandi eiga eftir að vekja lukku eins og þeir eldri.“

Öll helstu verkfærin á einum stað

Verkfærasalan er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í sölu og þjónustu á verkfærum og áhöldum fyrir fagmenn.

Verkfærasalan var stofnuð árið 1997 og hefur alla tíð verið á sama stað, í Síðumúla 11. Í nóvember var opnuð ný verslun í Dalshrauni 13 í Hafnarfirði og að sögn Marteins Guðbergs Þorlákssonar, sem sér um innkaup og markaðsmál, verður það til þess að þjónusta við viðskiptavinum Verkfærasölnnar eykst enn meir. „Fyrirtækið vill vera leiðandi í að bjóða fjölbreytt vöruúrval frá traustum og viðurkenndum framleiðendum og hjá Verkfærasölnni fæst mikið af verkfærum fyrir fagmenn. Þar má helst nefna verkfærin frá Milwaukee sem hefur verið brautryjandi á sínu sviði.“

Milwaukee býður upp á stærstu línuna í rafhlöðuverkfærum, yfir áttatíu vélar sem ganga fyrir sömu rafhlöðunni í 18 volta og yfir sextíu vélar í 12 volta línunni. „Meðal nýjunga frá Milwaukee eru 6Ah og 9Ah rafhlöður og Bluetooth-tenging við nýjustu vélarar sem kallast ONE-KEY. ONE-KEY appið gerir notanda kleift að halda utan um allar vélar á vinnustöðum. Hver vél er skráð í kerfið,



Benedikt og félagar hjá Verkfærasölnni eru alltaf tilbúnir til að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf við val á verkfærum og áhöldum. MYND/GVA

„Fyrirtækið vill vera leiðandi í að bjóða fjölbreytt vöruúrval frá traustum og viðurkenndum framleiðendum og hjá Verkfærasölnni fæst mikið af verkfærum fyrir fagmenn.“

hægt er að uppfæra kaupdag fyrir ábyrgð með því að skanna inn kvittun, skrá í hvaða verki vélin er, staðsetja vélin, skrá týndar vélar í kerfið og læsa stolnum vélum. Appið er bæði fyrir iOS og Android,“ útskýrir Marteinn.

Hann nefnir líka að í ONE-KEY appinu sjáist notkun á hverri vél fyrir sig og þannig sé möguleiki á að breyta stillingum eins og snúningshraða og átaki á borvélum, bankvélum og herslulyklum og

fylgjast með stillingum á pressvélum fyrir vatnsfittings og kapalskó. Það henti til dæmis vel fyrir sjálf-snittaðar skrúfur þar sem hægt er að stilla á réttan hraða og afl.

„Svo erum við með Ryobi-verkfæri í miklu úrvali sem hafa sannan sig sem verkfæri fyrir þá sem vilja gera meira fyrir minna. Þar getur þú keyrt yfir fimmtíu vélar á sömu rafhlöðunni, allt frá borvél til sláttuvélar.“

Hjá Verkfærasölnni má einnig finna mikið af verkfærum og tækjum frá öðrum framleiðendum, jafnt til heimilisnota sem fyrir fagmanninn. Allt eftir þörfum hvers og eins. Má þar nefna handverkfæri frá Bessey, Wera, Hultafors, Gedore og Knipex, rafsuðuvörur frá Telwin og loftpressur frá Fini. „Við erum líka með mikið af aukahlutum fyrir þau verkfæri sem eru í sölu hjá okkur og má þar nefna sagarblöð, bora, slípivörur og festingarvörur,“ segir Marteinn og bætir við að tekið sé vel á móti öllum í Verkfærasölnni og fagleg ráðgjöf veitt við val á verkfærum og áhöldum.

VERKFÆRA SALAN

Þú finnur jólagjöf
fagmannsins hjá okkur



Milwaukee

Tilboð

14.990

Áður 19.990.-

Slípirokkur AG 10 E

Stærð mótors 1000W og
125mm skífa.

MW 4933451220



Milwaukee

Tilboð

64.900

Áður 79.900.-

Borvél og herslúlykill 18V M18 BPP2G-402B

Nett 18V hleðsluborvél með höggi,

átak 50Nm og herslúlykill 1/2" 240Nm.

2 x 4.0Ah rafhlöður, hleðslutæki og peysa fylgja.

MW 4933459037



Milwaukee

Tilboð

45.990

Áður 59.990.-

Borvél M12 + hátalari

Kolalaus m/höggi, átak 44Nm,

13mm patróna. 4,0 Ah og

2,0Ah rafhlöður. Bluetooth hátalari fylgir.

MW 4933451121



Wera

Tilboð

13.990

Áður 16.990.-

Topplyklasett 1/4" 26stk

Topplyklasett 1/4", toppar 5,5-13mm.

Fíntent skrall með snúanlegum haus.

Langir bitar í helstu stærðum.

WERA er þýsk gæðavara.

WERA 051045



Wera

Tilboð

6.490

Áður 8.990.-

Skrúfjárnasett Kraftform Kompakt VDE

Vandað skruvufjárnasett frá WERA.

Stærðir: PH 1, PH 2, Mínus 2,5mm, 3,5mm, 4,0mm, 5,5mm

WERA 003470



Tilboð

4.990

Áður 7.990.-

Topplyklasett 1/4" 46stk

Sterkt topplyklasett 1/4".

Toppur, djúpir toppur, skrall, bitar

framlengingar, átaksskaft og liður. 46 stk.

RT MS246-1



Tilboð

39.990

Áður 44.900.-

Verkfæraskápur 6 skúffur

Flottur verkfæraskápur

með sterkum brautum.

TJ TBR3006-X



Tilboð

10.990

Áður 16.900.-

Topplyklasett 1/2" 10-36mm

Sterkt topplyklasett 1/2".

Toppur, skrall, framlengingar,

átaksskaft og liður. 23 stk.

RT MS423



Gastæki

Frábær í bílskúrinn eða minni verkefni

Einnota kútar Engin leiga

Tilboð með kútum kr 24.990

MADE IN ITALY

PROVIDUS Technic

Íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Verkfæralaus vélvirki

Ásta Marý Stefánsdóttir, vélvirki hjá Marel, á sitt uppáhaldsmerki í verkfæraflórunni eins og títt er um iðnaðarmenn. Hún segir sig vanta ýmislegt og í raun hálf vandræðalegt að vélvirki eigi ekki allt til alls.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Ég er alltaf að bíða eftir því að eignast flotta verkfærakistu. Ég er með verkfærakistu í vinnunni en á ekki fyrir mig sjálfa heima. Það gengur ekki að vera verkfæralaus vélvirki. Ef ég ætti verkfærin heima væru þau að sjálfsögðu í stanslausri notkun,“ segir Ásta Marý Stefánsdóttir, vélvirki hjá Marel.

„Í vinnunni sýð ég saman hluti sem verða svo að fullbúnum vélum. Stundum er ég í samsetningunni og tek þá á móti hlutum sem búið er að sjóða og set saman. Þau verkfæri sem ég nota í vinnunni eru lykjar, toppar og skrall, hamrar og svo nákvæmnisverkfæri eins og skíðmát. Ég nota mikið vinkla þegar ég er að sjóða til að passa upp á að allt sé þræðbeint og rétt. Suðuvélina og suðuhjálminn nota ég líklega mest. Pabbi gaf mér einmitt bleikan suðuhjál með rósamunstri fyrir nokkrum árum þegar ég fór í sveinsprófið,“ segir Ásta spök. „Hjálmurinn vekur alltaf mikla athygli þegar ég set hann upp og fyrstu dagana voru vinnufélagarnir mjög forvitnir að vita hvar svona hjálmur fengist. En nú nota ég bara hjálm sem er skaffaður hér í vinnunni. Þetta var orðið gott með þann bleika,“ segir hún og viðurkennir að eiga sér uppáhaldsmerki í verkfæraflórunni eins og títt sé með iðnaðarmenn.

„Í mínu tilfelli væri það Kraftwerk, þau verkfæri finnst mér flott. Pabbi á einmitt þannig tösku og mig langar mikið í eins. Ég veit að það er allt í henni sem ég þarf. Það að taskan er fallega vinnrauð hefur kannski líka eitt-hvað með það að gera,“ segir hún létt.

„Ég var reyndar að ræða við félagá minna hér í vinnunni um í hvað þá langaði helst í jólagjöf. Það nefndu allir batterísborvél. Ég segi það líka að ef ég ætti slíka sjálf væri ég alltaf að nota hana, ég væri til dæmis búin að hengja upp allar myndir heima hjá mér. Annars er ég er svo heppin að ég get gengið í verkfærin hans pabba en hann er með vélaverkstæði. Mesta snilld-



Ásta Marý Stefánsdóttir, vélvirki hjá Marel, á sér draumamerki í verkfæraflórunni og myndi ekki fúlsa við bílalyftu ef hún ætti bílskúr. MYND/ANTON BRINK

in á verkstæðinu hans er reyndar bílalyftan. Alveg sama hvað þarf að gera, skipta um dekk eða olú þá bara hífir maður bílinn upp og þá verður þetta ekkert mál.“

Er slík lyfta kannski líka á óskalistanum? „Ef ég ætti bílskúr og nógan pening, þá væri það ekki spurning.“

Milli þess sem Ásta sýður saman vélarhluti stundar hún

nám í óperusöng við söngskóla Sigurðar Demetz og syngur í hljómsveit. Aðventan verður því annasöm. „Ég er í trúínu Borgarfjarðardætrum og við stefnum á jólatónleika í Borgarfirði í desember. Svo syng ég í ballhljómsveit með félögum mínum af Skaganum og er að undirbúa óperusýningu í janúar með skólunum. Það er nóg að gera.“

SÍÐUMÚLA 28
9. DESEMBER
KL. 16-19

ÞÉR ER BOÐIÐ
Í AÐVENTUFAGNAÐ
ÍSMAR 2016

Þú er tvíreykta hangkjótið komið á borðið og jólin nálgast. Að því tilefni langar okkur til að bjóða þér til aðventufagnaðar í verslun okkar föstudaginn 9. desember milli 16-19. Góðir afslættir verða í boði til jóla.

Björn Thoróðsson mættir á svaðrið og spilar fyrir gesti. Glæsilegar veitingar og ljúf tónlist.

Hlökkum til að sjá þig.

ISMARICELAND • WWW.ISMAR.IS

SÍÐUMÚLA 28
TÖB RETTKRANJE
SÍMÉ 5203000

ISMAR
...MÍM MARIUM MÓÐURÞEITTI

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

INHOPE
ins@ite

S A F T

TILKYNNNA ÓVIÐEIGANDI
EÐA ÓLÖGLEG TEFNI
Á NETINU

Gæðaverkfæri í pakkann!



Bjóðum fjölbreytt úrval af verkfærum frá þýska framleiðandanum Haupa. Allt fyrir rafvirkjann.

Úrval af Haupa-töskum með og án verkfæra. Töskur með sérstöku hólfi fyrir fartölvu og með verkfærahólfum sem hægt er að renna af.



haupa®



SMITH &
NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



... og þú hélt að við seldum bara snyrtivörur!



Varta rafgeymir 56Ah 480a
17.990 kr. 14.390 kr.



Varta rafgeymir 60Ah 540a
20.990 kr. 16.790 kr.



Varta rafgeymir 95Ah 830a
31.790 kr. 25.390 kr.



Varta rafgeymir 70Ah 630a
23.990 kr. 19.190 kr.



Lampa startkapall 200 amp
3.890 kr. 3.095 kr.



STP bensínbætur og rakaeyðir
200 ml.
1.290 kr. 990 kr.



STP bensín innspýtingarhreinis
200 ml.
1.290 kr. 990 kr.



10K spissahreinsir
1.490 kr. 1.190 kr.



Comma Xstream G30 frostlögur 1 l.
1.745 kr. 1.390 kr.



WD-40 200 ml – ekki hægt
að vera án þess.
990 kr. 790 kr.



Varta LED vatnshelt vasaljós með
liðamótum, rafhláðan endist
í allt að 35 klst.
4.990 kr. 3.990 kr.



Varta LED Outdoor Pro vasaljós
í útvistina, rafhláðan endist í allt að 60 klst.
12.990 kr. 10.390 kr.



Varta LED Sportsman vasaljós,
dregur 60 m.
8.990 kr. 7.190 kr.



Varta LED, einstaklega sterkt
og endingargott vatnshelt vasaljós,
dregur 183 m.
8.990 kr. 7.190 kr.



Coast höfuðljós, 125 g, rafhlöður fylgja.
Rafhlöðurnar endast í um tólf tíma.
4.990 kr. 3.990 kr.



Victorinox, frábær fyrir björgunarsveitarfólk.
19.990 kr. 15.990 kr.



Victorinox Spartan, með vinsælustu hnifum
sem framleiddir eru.
4.990 kr. 3.990 kr.



Coast fjölnota vasahnifur
með LED ljósi að framan og aftan.
8.590 kr. 6.890 kr.



Coast Tuff-Task hnifur.
Hágæða veiðihnifur með
beltisfestingu.
2.990 kr. 2.390 kr.



Coast LED Pro Pocket fjölnotahnifur
með tveimur LED ljósum.
Hnifsblað úr ryðfríu stáli.
8.790 kr. 6.990 kr.



Coast Chost hnifur með
tvöfaldr læsingu.
3.590 kr. 2.880 kr.



Coast Dark Force, smellist inn
í skaptið, vegur 140 g.
5.990 kr. 4.790 kr.



Victorinox, með dósaopnara,
síl, tappatögara og upptakara.
7.990 kr. 6.390 kr.



Victorinox Bantam, einfaldur,
nettur og flottur.
4.990 kr. 3.990 kr.



Victorinox Classic, lítill og nettur –
flottur sem lykklappa
4.290 kr. 3.390 kr.

- » Stærsta íslenska vefverslunin.
- » Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
- » Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu!

Gildir á meðan birgðir endast



www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700



Bólstrarinn Sigurjón umkringdur fallegum leðurvörum sem hannaðar voru á Leðurverkstæðinu. MYND/GVA



Belti og axlabönd hafa verið búin til á Leðurverkstæðinu frá upphafi eða í áttatíu ár. Nú hafa slaufur bæst við framleiðsluna.



Drifa Skúladóttir við axlabandavélina góðu. Drifa á mestan heiðurinn af búið Leðurverkstæðisins að sögn Sigurjóns.

Starf bólstrarans er alltaf fjölbreytt

Sigurjón Kristensen bólstrari segir fjölbreytnina halda sér gangandi í starfi. Hann tók við rekstri áttatíu ára gamals leðurverkstæðis fósturafa síns þar sem hann meðal annars vinnur vörur úr afgangsléðurbútum sem falla til við húsgagnaframleiðslu hans.

ANY GIVEN WEDNESDAY

WITH BILL SIMMONS

VIKULEGUR SPJALLÞÁTTUR UM ÍPÞRÓTTIR, DÆGURMÁL, LISTIR OG MARGT FLEIRA. ÖLL MIÐVIKUDAGSKVÖLD Á STÖÐ 2 SPORT

besta sætið

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Bólstrarinn Sigurjón Kristensen notar alls kyns verkfæri á degi hverjum, bæði við húsgagnaframleiðslu og á leðurverkstæði sínu. Hann segir bólstrara nota ýmis tæki og tól eins og saumavélar, heftibyssur, límkönnur og handverkfæri. Áður fyrr hafi sérstök tól tilheyrð bólstrum, eins og hamrar með segli, bordastrekkjarar og fleiri tól.

Allt nýtt

Fyrir þremur árum keypti Sigurjón rekstur Leðurverkstæðis Reykjavíkur sem var í eigu fósturafa hans og hefur verið til í áttatíu ár. „Ég hef haft Leðurverkstæðið í hjáverkum og haldið áfram þeirri framleiðslu sem þar var, til dæmis gerð axlabanda og belta. Nýlega ákvað ég að blanda saman bólstruninni og Leðurverkstæðinu því þegar ég framleiði mikið af húsgögnum úr leðri fellur mikið af bútum til sem ekki er hægt að nota í húsgögnin. Ég safnaði þeim alltaf og safna enn og nú erum við farin að nota þetta og búum til vörur sem við seljum svo á Leðurverkstæðinu,“ útskýrir Sigurjón.

Vörubrúin í gangi

Í síðustu viku var opnuð í fyrsta skipti í áttatíu ára starfsemi Leðurverkstæðisins verslun þar sem vörurnar sem þar eru framleiddar eru til sölu. „Við vorum að frumsýna nokkrar línur sem við búum til úr leðri sem annars færi

í ekki neitt. Til dæmis svuntur og slaufur úr afgangnum.“

Sigurjón segir Drifu Skúladóttur eiga mestan heiðurinn af slaufugerðinni og opnun verslunarinnar en hún er nýlega farin að starfa með honum, bæði á Leðurverkstæðinu og við bólstrunina. „Með þessu náum við að nýta það sem fellur til í bólstruninni. Það er gaman að því í góðærinu að nýta búta og vera umhverfisvæn um leið. Við erum að þreifa okkur áfram með ýmsar nýjar vörur svo sem buddur og hálfgerða sjópoka. Sjópokinn hefur til dæmis verið í fæðingu í nokkrar vikur en hann er úr eins konar segli sem er vísun í gamla sjópokann og svo blöndum við saman við hann leðurbútum sem falla til af verkstæðinu. Pokinn er svolítið grófur en við erum líka að gera minni týpur og í fleiri litum.“

Gömlu tækin enn notuð

Verslunin er skreytt með skemmtilegum verkfærum sem eru orðin ævagömul en þau notaði afi Sigurjóns á Leðurverkstæðinu. „Nýjasta græjan er frá 1988 og það er vél sem heggur framán af beltum og gerir götin. Það er Atari tölva í þeirri græju þannig að þetta var eina tækniundrið á staðnum,“ segir Sigurjón í léttum dúr. Aðspurður segist hann nú hafa uppfært verkfærakassann aðeins. „Við erum samt sem áður enn að nota sumar af skurðarvélunum og ýmis verkfæri sem var hætt að nota þegar ég fæddist.“

Hönnunarvinnan skemmtilegt ferli

Sigurjón var beðinn um að lýsa daglegu starfi bólstrarans. „Við

erum fjögur hér í húsgagnaframleiðslunni og fáum timbur- og járnagrindur sem þarf að undirvinna. Það þarf að setja fjaðrasystem í grindurnar eða teygjudúka, það er ýmiss konar. Eitt verkferlið felst í því að setja þetta saman. Síðan eru aðrir í því að sníða og svo er þetta saumað saman, skotið á þetta og endanlega skrúfað saman. Þannig er ferlið í framleiðslunni hjá okkur en svo erum við líka að klæða gömul húsgögn og ég lærði það á sínum tíma. Þá þarf einhver að taka að sér að rífa þau í sundur og það vinnur hjá okkur smiður sem er í því. Hann tekur líka tréverkið og límir það upp og þussar og litar eða lakkar. Síðan þarf að byggja upp setuna eða hvernig sem það er. Það er misjafnt hvernig uppbyggingin á húsgagninu er.“

Það skemmtilegasta við starf bólstrarans segir Sigurjón vera fjölbreytnina en hann er með húsgagnaframleiðslu þar sem meðal annars er framleitt fyrir Sýrússon og Á. Guðmundsson. „Fjölbreytnin heldur manni gangandi. Það skemmtilegasta sem ég geri er að búa til nýjar týpur og vinna þær með hönnuðunum. Það kemur alltaf sprenging eftir áramótin hjá okkur þegar hönnuðirnir eru að fara að frumsýna nýjar vörur á HönnunarMars. Þá þarf að liggja yfir prótótýpunni í margar vikur og það er mjög skemmtilegt ferli, það er að segja ef þetta er ekki allt á síðustu stundu. Oft tek ég þátt í að búa til prótótýpur af allt að fimm nýjum hlutum.“

JÓLAGJAFIR HANDVERKSFÓLKXSINS FINNUR ÞÚ HJÁ IÐNVÉLUM



**Bandsög
HBS230HQ**
63.763 kr.



Rennibekkur D300F
64.312 kr.



**Verkfæra- og topplykasett
108 hlutir**
49.331

Rennijárn H6TLG
25.196 kr.



Beta skrúfbitasett
6.512 kr.



Holzmann handfræsari
15.872 kr.



**Slönguhjól - vatn
með veggveiflu**
12.800 kr.



**Slönguhjól - þrýstiloft
með veggveiflu**
10.900 kr.



Holzmann handfræsitanasett
5.920 kr.



**Snúruhjól - rafmagn
með veggfestingu**
12.900 kr.



**Brýnsluvél f. hnífa, skæri
og bora 3-15 mm**
15.279 kr.



**Verkfæraskápur með
210 Beta Easy verkfærum**
• Verkfæraskápur C24S
• 210 vönduð verkfæri
• 7 skúffur með mottum
• Burðarþol 800 kg.

179.800 kr.

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is



Heyrnartól fyrir fagmanninn

Heyrnartól hafa sjaldan verið betri en í dag. Gæðin eru frábær og því eru heyrnartól ákjósanleg jólagjöf fyrir fagmanninn. Hægt er að fá allar gerðir heyrnartóla, þráðlaus eða með þræði, allt fer eftir efnum og aðstæðum hversu dýr tæki eru keypt. Sumir ganga svo langt að kalla þetta gullöld heyrnartólanna þar sem úrvalið er einstakt. Þráðlaust heyrnartól sem eyðir umhverfishávaða og eru með Bluetooth og NFC sem einfaldar tengingu við síma eða önnur Bluetooth-tæki eru trúlega á vinsældalista marga. Verðið er misjafnt og þess vegna ætti fólk að gera verðsamanburð.

Minni heyrnartól eru frábær fyrir þá sem eru í ræktinni en þau stærri henta vel hvort sem er heima eða í vinnunni. Þróunin er ör á þessu sviði og bestu og dýrustu tækin hafa svo góðan hljómburð að það er eins og eigandiinn sé í tónleikasali. Ef fólk ferðast mikið er nauðsynlegt að eiga góð heyrnartól.

Fyrir þá sem eru duglegir að mæta í líkamsræktarstöðina eða fara í hlaup eða göngur utanhúss fást sérstök æfingaheyrnartæki. Það eru litlir hátalarar sem fara inn í eyrnagöngin og sum eru með púlsmæli og skrefateljara.

Betra að halda sig við eitt merki

Þegar keypt eru rafmagns- og batterisverkfæri er góð regla að halda sig við eitt gott merki sem maður treystir. Þannig má spara bæði peninga og pláss. Sérstaklega á þetta við um batterisverkfæri því oft er hægt að nota sama batterið fyrir mismunandi tegundir verkfæra. Þannig getur fólk átt eitt eða tvö góð batteri en notað mun fleiri verkfæri.

Þegar þarf að bæta við verkfæri er gott að geta keypt þau án batterisþakka enda eru góð batteri dýr auk þess sem þau taka einnig þó nokkurt pláss.

Nú er það oft þannig að fólk á verkfæri af ýmsum toga og mismunandi merkjum. Til hægðarauka ættu þeir að huga að því að velja eitt af þeim merkjum sem hefur reynst vel og halda sig við það í framtíðar verkfæra kaupum.

Mikilvægt er að velja merki sem gera ráð fyrir að hægt sé að nota bæði gamlar og nýjar týpur af verkfærum með sömu batteriunum.



ALLT Í RÖÐ OG REGLU

Það er fátt meira pirrandi en að róta eftir skrúfjárnunni eða skiptilykli í verkfærakassa sem er allur í drasli. Það borgar sig því að gefa sér tíma í að þrifa hann og skipuleggja eins og annað enda mun skemmtilegra að umgangast verkfærin þannig.

1. Byrjaðu á því að hella innihaldinu á flöt sem auðvelt er að þrifa. Til dæmis steipt gólf, gamalt teppi eða handklæði
2. Þvoðu verkfærakassann vel og vandlega. Stundum getur þurft að nota terpentínu til að nudda burt málningsarslettur eða aðra erfiða

bletti. Þá er gott að skrúbba kassann með grófum skrúbbi, sápu og vatni.

3. Farðu yfir verkfærin og hentu þeim sem eru óþörf eða ónýtt
4. Þurrkaðu af hverju verkfæri fyrir sig með rakri tusku
5. Raðaðu verkfærunum aftur í verkfærakassann. Best er að hafa hann hólfaskiptan og geyma smáhluti eins og nagla og skrúfur í litlum hólfum eða boxum.
6. Til þess að kassinn haldist í góðu standi sem lengst er best að þurrka af og ganga frá verkfærunum strax eftir notkun.



8. DESEMBER 2016

JÓLAHÁTÍÐ

FATLAÐRA

Fimmtudaginn 8. des. verður Jólahátíð fatlaðra haldin í 34. sinn á Hilton Reykjavík Nordica kl. 20


Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn Ásu Berglindar Hjálmarsdóttur leikur létt lög frá 19:15

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

Húsið verður opnað klukkan 19:00 og dagskrá lýkur um klukkan 21:30



Laddi



Alda Dís



Raggi Bjarna



Þór Breiðfjörð



Gunni & Felix



Jón Jónsson



Hreimur



Sigmundur Ernir



Jónína Aradóttir



Heiða Ólafs.



Ingó Veðurguð



Sveppi



André Bachmann



Jóhannes Guðjónsson



Bjarni Þór

Kynnir er Sigmundur Ernir Rúnarsson rithöfundur
Hljóðstjórn er í höndum Jóns Skugga og sviðsstjóri er Friðgeir Bergsteinsson
Heiðursgestir: Björgólfur Jóhannesson forstjóri Icelandair Group & Magnea Pórey Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki.

FULL BÚÐ

AF GLÆSILEGUM FATNAÐI




COSMO
Kringlunni

Gjafurlegar gjafir

GERÐU VEL VIÐ STARFSFÓLK OG VIÐSKIPTAVINI

Láttu okkur sjá um fyrirtækjagjafirnar - einfalt og þægilegt



Karfa nr. 1

Castello ananas-ostur,
Jóla Yrja,
Jóla gráðaostur,
Serrano hráskinka,
hindberjasulta,
belgískt gæðasúkkulaði,
Carr's kex,
karfa og skreyting
kr. 3.900



Karfa nr. 2

Camembert Royal,
Coeur de Lion - franskur Brie,
Jóla gráðaostur,
Castello svartur,
Trio Espanol hráskinka,
bláberjasulta, Carr's kex,
belgískt gæðasúkkulaði,
karfa og skreyting
kr. 4.900



Karfa nr. 3

Castello ananasostur,
Castello hvítur,
Coeur de Lion - franskur brie,
Castello Blue, Kolibrie geitaostur,
Serrano hráskinka,
bláberjasulta, Mini toasts,
Snillingur, belgískt gæðasúkkulaði,
karfa og skreyting
kr. 7.890



Kassi nr. 1

Jóla gráðaostur,
Kolibríe geitaostur,
Castello ananas-ostur,
Coeur de Lion - franskur brie,
Jóla Yrja, Crackers kex,
Camembert Royal, bláberjasulta,
Snillingur, pepperoni stubbar,
Tapas snack,
léttreyktur lambahryggur,
kalkúnabringa í salvíusmjöri,
gjafakassi
kr. 9.900



Íslensk karfa

Íslensk ostakarfa

Dalahringur,
bláberjasulta,
Urta SvartkeX (Black Lava),
Jóla gráðaostur, Jóla Yrja,
Höfðingi blár,
Camembert,
Villisveppaostur,
Kastali hvítur,
karfa og skreyting
kr. 6.800



Kassi nr. 2

Jóla Yrja,
Coeur de Lion - franskur brie,
Castello ananas-ostur,
Castello Blue, franskur Camembert,
Castello Golden, Crackers keX,
Mini toasts, bláberjasulta,
innbakað sveitapaté,
pepperoni stubbar, Snillingur,
hamborgarhryggur, hangikjöt,
2 stk. belgískt gæðasúkkulaði,
gjafakassi
kr. 14.990



PANTIÐ TÍMANLEGA
síðasti pöntunardagur fyrir jól er föstudagurinn 9. des.

Körfurnar eru
innpakkaðar og tilbúnar til afhendingar.
Láttu okkur sjá um málið...

Mesti auður
hvers fyrirtækis
er starfsfólkið og
viðskiptavinirnir

Dekraðu við þig og þína

Þjóðum upp á frábært ostaúrval, girnilegt kjötborð, nýskorið álegg
og alls konar spennandi góðgæti í einni
glæsilegustu sælkerabúð landsins.

Hvort sem þú vilt gera vel þig, halda matarboð
eða glæsilega veislu, höfum við allt sem þarf

í leiðinni...



Opið

mánud. - föstud. kl. 11-18

laugard. kl. 11-16



BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111




M.BENZ S 500 4matic long . Árgæð 2005, ekinn 94 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000 Rnr.134229. Mjög vel búinn. Er á staðnum. Umboðsbíll frá Öskju uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgæð 2010, ekinn 105 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.133112. Er á staðnum. Bíll með öllu. Uppl 696-1001

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>



NÝJASTA DJÁSNIÐ!!!

'16 TOYOTA LC 150 GX. EK 45P.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...BESTA VERÐ Í HEIMI Á ÍSLANDI 8.680 PÚS!!! #480031. S: 580 8900



LÁTTU DRAUMINN RETAST!

'12 TOYOTA LC 150 35". EK 72 P.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...KOMDU OG KÍKTU Á ÞETTA MONSTER!!! ÁSETT 8.980 PÚS!!! #471373. S: 580 8900



KLASSÍ KAGGI!!!

'12 TOYOTA LC 200 VX 7 MANNA. EK 73 P.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...BÍLLINN SEM ÞÚ VILT!!! ÁSETT 13.780 PÚS. #452271. S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



GLÆSILEGT EINTAK.

LAND ROVER Discovery 4 SE. Árgæð 2012, ekinn 102 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 7.950.000. Rnr.222273. Seljandi skoðar skipti.



SPARIBÁUKUR

VW Golf Bluemotion. Árgæð 2012, ekinn 108 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.110788.



EKKI BÍLALEIGUBÍLL.

TOYOTA Rav4 VX. Árgæð 2014, ekinn 23 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Mjög vel búinn. Verð 5.350.000. Rnr.222375.



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



EINN EIGANDI !

TOYOTA Avenis Wagon Sol. Árgæð 2005, ekinn 177 P.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 990.000. Rnr.211218.



LÍTID EKKINN.

AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgæð 2008, ekinn 65 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.211139.

Höfðabílar
Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



MMC Pajero Instyle, 2/2007, ek 222 þús km, bensín, sjk, leður, beisli, 7 manna, gott viðhald og snyrtilegur bíll, ásett verð 1990 þús, er á staðnum raðnr 100105.

100 bílar ehf
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfröi
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

NISSAN NOTE

- ✓ Dísel 1461cc
- ✓ 90 Hestöfl
- ✓ Eyðsla 3,6L
- ✓ Beinskiptur
- ✓ 15" álfelgur
- ✓ Snertiskjár
- ✓ Leiðsögukerfi
- ✓ 6 hátalara hljóðkerfi
- ✓ Bluetooth
- ✓ USB

90%
fjármögnun
36.414 kr. á mánuði

Nýr bíll 2016

VERÐ KR. 2.290.000



KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2 Sími 5773777 www.bill.is



» Peir sérfræðingar sem rætt hefur verið við telja að eftirspurn verði eftir bréfum Skeljungs.

» Búast má við því að endurfjármögnunin hafi jákvæð áhrif á arðgreiðslugetu Skeljungs. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir að árlegur sparnaður af þessari ráðstöfun skili á milli 110 og 140 milljónum króna til félagsins.

manna haldi þó eitthvað á móti sífellt sparneytnari ökutækjum.

Starfsemi Skeljungs er ekki bara á Íslandi. Félagið rekur 11 bensinstöðvar í Færeyjum undir vörumerkinu Magn. Magn sinnir ekki einungis eldsneytissölu fyrir ökutæki og smásölu, heldur er um helmingur framlegðar félagsins af olíusölu til húshitunar. Kostur þess rekstrar er að hann er fyrirsjáanlegur, stöðugur og stór hluti sölunnar er greiddur fyrirfram. Styrking krónunnar hefur ekki hjálpað að undanfögnu í þessum rekstri, en til lengri tíma litið stuðlar starfsemin að áhættudreifingu.

Við þetta bætist að í samræmi við erlendar tekjur hyggst félagið endurfjármagna sig og mun það leiða til lægri fjármagnskostnaðar og betri afkomu. Búast má við því að endurfjármögnunin hafi jákvæð áhrif á arðgreiðslugetu Skeljungs. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir að árlegur sparnaður af þessari ráðstöfun skili á milli 110 og 140 milljónum króna til félagsins.

Arðgreiðslufélag

Skeljungur hefur sinnt afgreiðslu þotueldsneytis eftir að hafa unnið þau viðskipti í útboði. N1 hafði þessi viðskipti áður, en fram kom hjá N1 að það að missa þessi viðskipti hefði ekki mikil áhrif á framlegð félagsins. Sú virðist líka raunin. Sala þotueldsneytisins virðist því bera lága framlegð, en er líkleg til að vaxa að umfangi.

Sérfræðingar sem Markaðurinn hefur rætt við segja að félagið ætti að vera ágætur kostur fyrir fjárfesta sem vilja stöðugt sjóðstreymi og arðgreiðslur. Arðgreiðslustefna félagsins er að 30 til 50% af hagnaði félagsins verði komið til hluthafa með arðgreiðslum eða niðurfærslu hlutafjár. Stjórnendur gera þó ekki ráð fyrir arðgreiðslu á næsta ári.

Stöðugt og fylgir hagvexti

Eins og fyrr segir búast sérfræðingar við að áhugi á útboðinu verði mikill. Félagið sé traust og stöðugt og henti vel inn í vel dreifð eignasöfn. Fjárfestingu í hlutabréfum fylgir alltaf áhætta, en starfsemi félagsins er næm fyrir hagvexti og hagvaxtarhorfur eru góðar á Íslandi. Starfsemi í Færeyjum eykur áhættudreifingu í gjaldmiðlum og stada félagsins á markaði í Færeyjum er sterk.

Þegar fjárfestingar eru annars vegar ber hver og einn ábyrgð á sínum ákvörðunum og mikilvægt að vera meðvitaður um áhættu af slíkum fjárfestingum. Skeljungur er sterkt og vel rekið félag og verðlagningin er að mati sérfræðinga sanngjörn. Þeir sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við telja ólíklegt að bréfin rjúki upp og því ekki miklar líkur á að útboðið sé til þess fallið að krækja sér í jölabónus. Um það er auðvitað ekkert hægt að fullyrða, en fyrir fjárfesta með góða áhættudreifingu er mat sérfræðinga að félagið sé ágætur kostur til meðallangs eða lengri tíma.

sem fyrir er á markaðnum. Sé horft til þess er afsláttur útboðsgengis miðað við N1 mun meiri eða 10-25% lægri en mat markaðarins á N1. Félögin eru á margan hátt ólík. N1 er með meiri sölu í sinni starfsemi í öðru en olíuvörum og er auk þess ríkara af fasteignum. Sérfræðingar telja að fasteignir N1 séu talsvert verðmætari en bólkfært verð þeirra segir til um. Skeljungur hefur valið þá leið að útvísta smásölustarfsemi á stöðvum sínum og einbeita sér að sölu á eldsneyti. Í smásöluverslun á Íslandi er félagið í samstarfi við verslunarkæðjuna 10-11 sem sér um megnið af smásölu á stöðvum Skeljungs

Meiri fjárfestingarþörf er einnig fyrir hendi hjá Skeljungu en hjá N1. Verðmót Skeljungs taka tillit til þessa. Markaðurinn metur N1 á yfir nífalda rekstrarhagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), en hjá Skeljungu er sami margfaldari milli sjö og átta. Út frá þeim mælikvarða er Skeljungur því mun ódýrari. Munurinn liggur fyrst og fremst í ólíkri starfsemi félagsanna.

Búist við eftirspurn

Þeir sérfræðingar sem rætt hefur verið við telja að eftirspurn verði eftir bréfum Skeljungs. Verð útboðsins sé sanngjarnt, en ekki megi búast við mikilli sveiflu strax eftir skráningu. Þeir benda á að ekki sé mikils vaxtar að vænta í sölu á eldsneyti. Fjölgun ferða-



Juliet er nýsjálensk og hefur áður kennt áfanga í Afríku, Ástralíu og Suðaustur-Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Telur Ísland ekki svo ólíkt Nýja-Sjálandi

Juliet Newson, nýr framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans, flutti í byrjun nóvember til Íslands. Hún er sérfræðingur í jarðvarmaíðnaði og er frá Nýja-Sjálandi. Utan vinnunnar fer hún á skíði og stundar siglingar og sund.

SVIPMYND

JULIET NEWSON

„Ísland er ekki svo ólíkt Nýja-Sjálandi, bara aðeins kaldara,“ þetta segir Juliet Newson. Hún er nýr framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans við Háskólann í Reykjavík. Hún er nýflutt til landsins en hún hefur undanfarin árin unnið í jarðvarmaíðnaði á Nýja-Sjálandi og unnið hjá Alþjóðlega jarðvarmasambandinu (e. International Geothermal Association)

„Ég hef verið að vinna hér síðustu þrjár vikur en kom til Íslands þann fimmta nóvember. Aðlögunin hefur hingað til ekki verið erfíð. Starfið hefur verið mjög áhugvert fram að þessu og ég er virkilega að njóta þess. Ég er enn þá að setja mig inn í starfið þar sem það er mikið sem maður þarf að læra,“ segir Juliet.

„Starfið snýr mikið að leiðandi stöðu Íslands þegar kemur að endurvinnanlegri orku. Það snýst um að gera nemendum okkar kleift að vera hluti af umskiptunum yfir í endurnýjanlega orku. Þeir ættu að geta leitt

þessa yfirfærslu út um allan heim þar sem við erum með marga alþjóðlega nemendur.“

Að mati Juliet eru mikil tækifæri í iðnaðinum. „Ég held að það sé mikilvægt að allur heimurinn skipti yfir í endurnýjanlega orku. Við verðum að gera það og við erum að undirbúa nemendur okkar undir að vera hluti af því.“

Starfið hjá Orkuháskólunum er fyrsta langtímarstarf Juliet utan Nýja-Sjálands, hún hefur þó reynslu af alþjóðavettvangi og hefur kennt áfanga tengda jarðvarma í Suðaustur-Asíu, Afríku og Ástralíu.

„Háskólar eru almennt áhugasamir um þetta svið en ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa sterkan innlenda iðnað, og enn þá mikilvægara er að hafa góðan stuðning við rannsóknir og að ríkisstjórnir sjái hag sinn í að rannsaka þennan iðnað,“ segir Juliet.

Sem fyrr segir flutti hún nýverið til landsins. Maður hennar er Harry og eiga þau þrjú uppkomin börn. Yngsti sonurinn flutti með henni til Íslands ásamt fjölskyldukettinum. Margir

myndu telja að þetta væri löng flutningaleið fyrir kött og er Juliet sammála því. „Restin af fjölskyldunni kemur innan árs, en eldri börnin mín eru uppkomin þannig að þau koma bara í heimsókn.“

Után vinnunnar er Juliet og öll fjölskyldan raunar mikið skíðafólk. „Ég hef líka mjög gaman af siglingum af því að ég er nýsjálensk, og mér finnst gaman að róa á kajak. Ég var dugleg að róa á kajak heima.“ Hún segist spennst fyrir að iðka þessar íþróttir á Íslandi sem og að halda áfram að synda reglulega.

„Hingað til er vinnan frábær og ég hef verið að kynna Íslendingum, ég tók nýlega þátt í GEORG Geothermal vinnustofunni og hitti nýverið Konur í orkumálum í kokteil. Mér er að byrja að liða eins og heima hjá mér. Þetta hefur í það minnsta verið góð reynsla fram að þessu,“ segir Juliet. „Ég er kannski ekki komin með íslenskuna á hreint, en ég ætla að byrja í íslenskutímum í janúar þannig að við sjáum til hvernig það gengur, ég mun gera mitt besta.“

saeunn@frettabladid.is

Fylgjast þarf með fasteignalánunum

Mikilvægt er að fylgjast vel með auknum umsvifum lífeyrissjóða í útlánunum til heimila. Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein tveggja sérfræðinga Fjármálaeftirlitsins og birtist í Fjármálum, vefriti FME. Greinarhöfundar benda einnig á að færsla húsnæðislána frá bönkum til lífeyrissjóða kunni að auka áhættu lánasafns þeirra. Fasteignaverðtryggð lán lífeyrissjóða til heimila og fyrirtækja jukust um 15,5% á fyrri hluta þessa árs og nema nú 240 milljörðum króna.

Loftur Hreinsson, sérfræðingur í áhættugreiningu, og María Finnsdóttir, sérfræðingur í fjárhagslegu eftirliti, rita greinina. Höfundar segja lífeyrissjóðina bundna af lögum um



Fasteignalán lífeyrissjóða vaxa hratt og er ástæða talin til að fylgjast með þróuninni.

hámarksveðhlutföll og eignadreifingu en önnur stjórnþæki hafi ekki tilætluð áhrif til að hamla útlánvexti þeirra. Sveiflujöfnunarauki sem lagður er á fjármálastofnanir hafi til að mynda ekki áhrif á lífeyrissjóði. Greinarhöfundar taka þó fram að hegðun lífeyris-

sjóða til þessa hafi ekki gefið tilefni til að hafa áhyggjur af áhrifum á fjármálastöðugleika.

Fram kemur í greininni að undanfarin ár hafi lífeyrissjóðir auknið við óhefðbundnar fjárfestingar, en erfitt sé að meta áhættu vegna slíkra þátta. – hh



Nýsköpun

Katrín Olga Jóhannesdóttir
formaður Viðskiptaráðs Íslands

Fyrstu metrar nýrrar ríkisstjórnar

Samkvæmisleikurinn um samsetningu næstu ríkisstjórnar hefur verið í algleymingi síðastliðinn mánuð. Aðstæður í efnahagslífinu eru góðar og minna hefur verið rætt um þau verkefni sem bíða nýrra stjórnvalda. Þó eru blikir á lofti um mögulega ofpenslu og skarpan samdrátt í kjölfarið. Þótt ný ríkisstjórn sé ekki upphaf og endir alls getur hún haft mikil áhrif á útkomuna. Þar ber þrjú mál hæst: mótun efnahagsstefnu, stöðugleika á vinnumarkaði og forgangsröðun hjá hinu opinbera.

Mótun efnahagsstefnu er efst á listanum. Skortur á slíkri stefnu hefur lengi verið íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum Bráundur í Gótu. Samráðsvettvangur um aukna hagsæld var stofnaður til að bæta úr þessu. Þar ræðir breiður hópur fólks tillögur um leiðir til að bæta lífskjör Íslendinga með langtímahugsun og heildarhagsmuni að leiðarljósi. Arfleifð nýrrar ríkisstjórnar veltur að miklum hluta á því hve vel tekst að halda áfram með vinnu af þessum toga.

Næst ber að nefna vinnumarkaðinn. Laun hafa hækkað hratt síðustu misseri á meðan framleiðni hefur staðið í stað. Þetta skapar hættu á sársaukafullri aðlögun með gengislækkun. Þá hringrás þekkja Íslendingar orðið alltof vel.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt í umsvifamikla vinnu við að koma okkur út úr þessum víta-hring með nýju fyrirkomulagi kjarasamningagerðar. Sú vinna er nú í uppnámi af tveimur ástæðum: lífeyrisréttindi hafa ekki enn verið jöfnuð og nýlegar ákvarðanir kjararáðs eru á skjön við ramma samkomulagsins. Ný ríkisstjórn þarf að bregðast hratt við til að koma í veg fyrir að illa fari.

Þriðja verkefnið er forgangsröðun hjá hinu opinbera. Stóraukin útgjöld voru meginstefið í loforðum margra stjórnmaðlaflokka í nýafstöðnum kosningum. Verði staðið við þau mun ný ríkisstjórn ýta undir ofpenslu á versta mögulega tíma. Óflug heilbrigðisþjónusta, bætt fjármögnun háskóla-kerfisins og markviss uppbygging innviða eru verkefni sem eiga að njóta forgangs á næstu árum. Á móti þarf ný ríkisstjórn hins vegar að draga úr öðrum útgjöldum með þrennum hætti: lækka vaxtagreiðslur með sölu opinberra fyrirtækja, draga úr verkefnum sem snúa að samfélagsmótun og nýta fyrirbyggjandi tækifæri til að auka hagkvæmni í opinberum rekstri.

Spennandi verður að sjá hvernig ný ríkisstjórn verður samsett. Mikilvægara er þó að hún sam-einist um góð verkefni. Það er von mín að þessi mál verði þar ofarlega á blaði.

Nýr gjaldmiðill í Simbabve



Á dögunum kynnti ríkisstjórn Simbabve í Afríku nýja skuldabréfaseðla til að vinna gegn skorti á reiðufé. Maður heldur hér á nýjum tveggja dollara seðlum, gjaldmiðillinn verður sambærilegur bandarískum dollara. Yfirvöld í Simbabve tóku ríkisgjaldmiðilinn úr umferð árið 2009 og fóru að nota erlenda gjaldmiðla eftir að virði gjaldmiðils landsins hafði lækkað verulega í ódaverðbólgu. Reiðufjárskortur hefur meðal annars ríkt undanfarið vegna lítills útflutnings. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ef það virkar fyrir fisk virkar það fyrir ferðamenn



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Stóran hluta efnahagsbatans á Íslandi síðan 2008 má eigna gríðarlegri fjölgun ferðamanna til landsins. Í síðustu viku birti Isavia nýjustu spá sína um fjölda ferðamanna til landsins með flugi árið 2017. Isavia spáir því að hin mikla fjölgun ferðamanna haldi áfram á næsta ári. Undanfarin ár hefur komum ferðamanna til Íslands fjölgað um 30% á ári. Árið 2017 býst Isavia við að 5,7 milljónir ferðamanna komi til Íslands (í gegnum Keflavíkurflugvöll). Velgengni íslensku ferðaþjónustunnar hefur sannarlega verið góð

frétt og það er vissulega mjög góð ástæða til að fagna henni. Hins vegar láta æ fleiri Íslendingar í ljós áhyggjur af hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum af þessari sprengingu í ferðamennsku.

Ég er vissulega enginn sérfræðingur í umhverfismálum og ég hef mjög litla þekkingu á því hver sé umhverfislega sjálfbær fjöldi ferðamanna sem Ísland getur tekið við, en það er ljóst að það eru takmörk. Mörkin fara auðvitað eftir því um hvers konar ferðamennsku er að ræða og almennum innviðum á Íslandi, en það er ekki erfitt að færa rök fyrir því að það gæti haft (of) neikvæð áhrif á umhverfið ef ferðamenn flæða yfir allt Ísland.

Þetta er auðvitað það sem hagfræðingar kalla úthrif. Yfirleitt hafa stjórnvöld reynt að fást við úthrif með tilskipunum og stjórnun. En hagfræðingar kjósa fremur að nota hvatningu til að takast á við úthrifavandamál. Einfaldasta leiðin er að skattleggja það sem veldur úthrifunum. Ef við vildum hemja fjölda ferðamanna til Íslands gætum við þannig ein-

faldlega skattlagt ferðamennsku. Ísland hefur að vissu leyti slíkan skatt nú þegar. Það er gistinátt-agjaldið. Ég held hins vegar að það sé til betri leið.

Framseljanleg flugsæti

Mín tillaga er að líkja eftir best heppnaða og hagkvæmasta umhverfisverndarkerfi Íslands – framseljanlega fiskveiðikvótanum.

Ég legg til að við tökum upp „framseljanleg flugsæti“, það er að segja að til dæmis einu sinni á ári verði tiltekinn fjöldi leyfa til að koma til Íslands með flugi boðinn upp. Fjöldi leyfa sem seldur er skal ákveðinn af sjálfstæðum hópi sérfræðinga á grunni mismunandi raunhæfra kennistærða eins og ástands innviða, loftmengunar, átroðnings á helstu ferðamanna-stöðum o.s.frv.

Þetta myndi þýða að flugfélögin myndu bjóða í þann „sætakvóta“ sem þau þyrftu fyrir tiltekið tímabil. Verðið á kvótanum færi eftir framboði og eftirspurn. Þetta hefði ótvíræða kosti umfram „ferðamannaskatt“. Segjum, til dæmis, að hægja myndi á hinu

hnattræna hagkerfi og „eftirspurnin“ eftir ferðum til Íslands minnkaði þá myndi verðið á sæta-kvótanum lækka. Auk þess myndi kvótakerfi tryggja að skilvirkustu flugfélögin og þeir ferðamenn sem hefðu mesta löngun til að koma til Íslands væru þeir sem borguðu. Það væri rökrétt að losa sig við gistináttgjaldið ef slíkt kerfi væri tekið upp.

Ég hef áður lagt til að stofnaður yrði náttúruauðlindasjóður á Íslandi. Eðlilegt væri að setja tekjurnar af sölu ferðamannkvóta í þennan sjóð. Hugsanlega væri líka hægt að eyrnamerkja hluta af tekjunum fyrir fjárfestingar í innviðum.

Ferðamennskan á Íslandi er gríðarlega mikilvæg fyrir íslenska hagkerfið en henni fylgja nokkur úthrif. Það er mjög mikilvægt að allar tilraunir til að stjórna fjölda ferðamanna séu framkvæmdar þannig að þær skemmi ekki ferðaþjónustuna og verndi um leið umhverfið á Íslandi. Framseljanlegir ferðamannkvótar munu tryggja að þessum viðskiptum sé stjórnað á sem skilvirkastan hátt öllum Íslendingum til hagsbóta.

Ísland hið góða



Hin hliðin

Herdís Jónsdóttir
CFO Happy Campers ehf.,
stjórnarkona í FKA

Lífið fer í hringi. Enn og aftur er svartasta skammgeið skolið á með öllum þeim stóru og smáu verkefnum sem bíða okkar, stjórnarmyndun, hugsanlegum kennaraverkföllum, uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og fleiri stórum málum sem fylgja okkur

inn í veturinn, að viðbættum litlum verkefnum eins og að velja jólagjöf handa Friðu frænku, setja vetrardekk undir bilinn og fleira. Við Íslendingar höfum það alla jafna gott, búum við tjáningarfrelsi sem skilar sér aldrei betur en núna þar sem samfélagsmiðlar, sem eru tiltölulega nýir af nálinni, hafa rutt sér til rúms.

Á spítalinn að fara eða vera, flugvöllinn burt eða ekki, laga vegi og þá hvaða vegi, skattleggja meira eða minna, hvernig skal vinna með fjölgun ferðamanna

og svona mætti lengi telja upp. Við lestur allra þessara nútímamiðla, hættir okkur til að draga upp frekar gráleita mynd, og sumir reyndar mjög dökka mynd af ástandinu á Íslandinu góða. En kannski er ekki allt sem sýnist.

Glögg er gests augað segja sumir, og kannski er eitthvað til í því. Heimsóknir útlendinga til Íslands hafa aldrei verið fleiri frá upphafi byggðar, og ekki koma þeir hingað að ástæðulausu.

Fæðingarárið mitt 1965 voru Íslendingar um 193.000, en í dag


um 330.000, sem er um 70% aukning á hálfri öld. Árið 1965 komu 28.879 ferðamenn til landsins og árið 2015 voru þeir 1.289.140 eða um 4.350% aukning og ekkert lát á skv. spám. Skv. Alþjóðaferðamálastofnun var Evrópa vinsælasti heimshlutinn hjá ferðalöngum árið 2015, um 610 milljónir manna heimsóttu álfuna eða um 52% af heildarfjölda ferðalanga. Og hvers vegna streyma ferðalangar til Íslands spyrja margir. Ég held að margt tinnist til. Gott markaðsstarf ferðaþjónustunnar, stórkost-

leg náttúra, samfélagsmiðlarnir sem ferðamenn nota, öruggt land að heimsækja, menning, hreint loft, græn orka, og fleira.

Að þessu sögðu sjáum við kannski að þrátt fyrir öll litlu og stóru verkefni sem bíða okkar, og grámann á samfélagsmiðlunum þá ættum við kannski að líta í eigin barm og vera þakklát fyrir það að búa í jafn gjöfulu landi sem Ísland er, landinu sem er í fyrsta sæti ár eftir ár skv. friðarvísitölunni (GPI), og horfa bjartsýn fram á veginn.

SOFÐU LITLA BARNIÐ MITT

UNDURFAGRAR VÖGGUVÍSUR VIÐ UNDIRLEIK
JÓNS ÓLAFSSONAR



Á TAKKANN
OG SYNGDU MEÐ





iPad var vinsæll á Black Friday hjá Argos. FRÉTTABLAÐID/AFP

Minecraft leikföng og raftæki vinsælust

Á svörtum föstudegi (e. Black Friday) var nóg að gera í Bretlandi eins og í öðrum ríkjum sem hafa tekið upp afsláttardaginn að amerískum sið.

BBC greinir frá því að vinsælustu vorur smásöluans Argos á þeim degi hafi meðal annars verið Minecraft-leikföng, Frozen-Lego sett, raftæki, meðal annars heyrnartól, spjaldtölvur og hágæða sjónvörp. Einnig voru ódýrar hárburrkur vinsælar.

Talið er að sölumet hafi verið slegið og að salan hafi farið yfir tvo milljarða breskra punda á föstudaginn.

IKEA íhugar ódýrari efnivið

IKEA í Bretlandi íhugar að nota bambus og önnur efni í húsgögn sín til að lækka vöruverð. Vonir eru um að þetta muni vinna gegn neikvæðum áhrifum lækkunar á gengi pundins.

IB Times greinir frá því að sala hafi aukist hjá IKEA í Bretlandi síðustu fimm árin. Lækkun á gengi pundins gagnvart öðrum gjaldmiðlum síðustu mánuði hefur hins vegar neytt marga smásöluans í Bretlandi, til að mynda Unilever og Typhoo Tea, til að hækka verð sitt.

Gillian Drakeford, framkvæmdastjóri IKEA í Bretlandi, segir í samtali við IB Times að hægt væri að vinna gegn þessari lækkun með því að nota ódýrari efnivið. Drakeford segist ekki geta lofað því að verð hækki ekki í Bretlandi en að sænski húsgagnaframleiðandinn leggi sig fram um að bjóða besta verðið.

Olían lækkar

Markaðir eru ekki trúaddir á að niðurstaða fundar olíuframleiðenda í dag skili minnkandi framleiðslu á olíu. Sérfræðingar telja að ef ekki náist samstaða muni olían fara hratt niður í 40 dollara á tunnu og sumir telja að hún muni halda áfram að lækka niður í 30 dollara.

Tunna af Brentolíu lækkaði um 3,57% í gær og endaði verð tunnunnar í 46,52 dollurum. Áhrif lækkunarinnar birtust á hlutabréfamörkuðum þar sem olíufyrirtæki lækkuðu í verði. BP og Raul Dutch Shell lækkuðu um tvö prósent í gær. FTSE vísitalan lækkaði um 0,4%.

41%

AUKNING

Í október voru 98 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta. Gjaldþrotum fyrirtækja síðustu 12 mánuði, frá nóvember 2015 til október 2016, hefur fjölgað um 41 prósent í samanburði við 12 mánuði þar á undan samkvæmt tölum Hagstofunnar. Alls voru 940 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á tímabilinu, borið saman við 666 á fyrra tímabili.

3.

HÆSTA

Skattbyrði á Íslandi er sú þriðja mesta í Evrópu og er einungis meiri í Danmörku og Svíþjóð en hér á landi. Þetta má lesa út úr nýjum tölum frá Hagstofu Evrópu, Eurostat, að teknu tilliti til fyrirkomulags lífeyrisgreiðslna. Leiðrétt hlutfall nam 33,1 prósent árið 2015, samkvæmt útreikningum Samtaka atvinnulífsins en Morgunblaðinu greindi fyrst frá.

25.11.2016

Góð byrjun gæti þá verið að spyrja sjálfan sig; hvað legg ég til samfélagsins með mínu lífi og starfi, er það þjóðinni til jafn mikils gagns og starf bóndans, hvert er mitt hangilæri?

Próstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi



SEGÐU ER NÝTT FJÖLSKYLDUSPIL

FRÁBÆR SKEMMTUN!

ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN LEIKUR SÉR SAMAN!

SEGÐU ER SPIL SEM GENGUR ÚT Á AÐ HALDA SPILURUM GISKANDI ALLAN TÍMANNI! RENNDU PERSÓNUSPJALDI Í ENNISBANDIÐ ÞITT OG ÚTSKÝRANDINN REYNIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ SEGJA HVADA PERSÓNA ÞÚ ERT. VERIÐ FLJÓT AÐ GISKA FYRIR FLEIRI STIG!

KOMIÐ Í VERSLANIR

Málarar

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



S: 77 200 40
Húseigendur - Verkefnastjórnar
Fyrir jólin.
Nýtt eldhús - Nýtt bað
Nýsmíði - Viðhald
Flísalagnir - Gipsvinna
Uppsláttur - Öll smíði
www.smidaland.is

Getum bætt við okkur verkefnum úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. Nánari uppl veitir Bjarni í síma 8980226 eða skilaboð á trevidd@simnet.is

Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi. Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

FERÐAFÉLAGI ÓSKAST
Kona rúmlega 70 ára leitar að ferðafélaga og ekki skemmir að hann kunni að dansa. Áhugasamir sendi lýsingu í Skaftahlíð 24, merkt "Sól í sinni" fyrir 20.12.2016

HEIMILIÐ

Barnavörur



VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Bílskúr


Til leigu 25 fm bílskúr í Breiðavík 16, helst sem geymslurými. Uppl. í s. 698 1781

atvinna

Vísir hf óskar eftir vönum sjómanni til afleysingar á Kristínu Gk 457.

Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar gefur Njáll í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísir www.visirhf.is.



fasteignir



Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumálarí
867-3040

Grundarhvarf 3, 203 Kópavogur



Opið hús miðvikud. 30. nóv. kl. 17:30-18:00.

Glæsilegt parhús með bílskúr við Grundarhvarf í Kópavogi. Eignin er skráð 171,1 fm. Þar af er bílskúrin 34,4 fm. Ris er ekki inni í skráðum fermetrafjölda eignar. Stór garður með palli og heitum potti. Skemmtileg og vönduð eign. Mikil nálægð við fallega náttúru Elliðavatns og nágrennis. **Verð: 61,9m.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



ÓDINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Teigasel 2 - 3ja herbergja Suðursvalir

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 - 17.45



Góð 93,3 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í Seljahverfinu. Rúmgóð stofa með útgengi á suðursvalir. Tvö herbergi, bæði með skápum. Snýrtileg sameign. Eignin er vel staðsett í rólegri botnlagagötu og í göngufæri við skóla, íþróttasvæði og ýmsa þjónustu. **Verð 31,9 millj.**

tilkynningar



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Vogabyggð Fjöldi íbúða
Nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu
Breytt lega stíga

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 24. nóvember 2016, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi uppbyggingu í Vogabyggð.

Breytingartillagan nær til Vogabyggðar, svæðis sem markast af Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi til norðurs og Elliðaárvogi til austurs. Í tillögunni felst að fjöldi íbúða á svæðinu er aukinn úr 400 í 1300, ný lóð fyrir samfélagsþjónustu er skilgreind við Naustavog, legu stíga er breytt litlilega og forgangsröðun byggingarsvæða er endurskilgreind.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var kynnt samhliða tillögu að deiliskipulagssvæði 2 í Vogabyggð. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 19. ágúst til 30. september 2016. Frestur til að gera athugasemdir var til 30. september sl.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrir í vinnsluferli tillögunnar og tekið var tillit til og fjallað var um áður en tillagan fór í auglýsingu. Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni. Vegna ábendinga hefur verið bætt við eftirfarandi við skilgreiningu íbúðarbyggðar (ÍB58) í tillögunni: „...Við Dugguvog og nýja götu í framhaldi hans til norðurs, þ.e. þann hluta götunnar sem er innan íbúðarbyggðar, gilda sömu heimildir og á aðalgötum, sbr. skilgreiningu aðalगतna á bls. 204-205.“ Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Heimildir um veitingastaði á hafnarsvæði H1b í Örfirisey

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 24. nóvember 2016, tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Breytingin varðar heimildir um veitingastaði á hafnarsvæði í Örfirisey sem skilgreint er sem H1b. Í breytingunni felst að auk veitingastaða í flokki I og II, verður einnig heimilt að reka veitingastaði í flokki III á umræddu svæði. Ákvæði aðalskipulagsins um veitingastaði miða einkum að því að tryggja að við staðsetningu vinnuveitingastaða (flokkar II og III) og ákvörðun um opnunartími þeirra, sé tekið tillit til nálægðar við íbúðarbyggð. Umrætt svæði, H1b, er fjarri íbúðarbyggð og því er breytingin talin óveruleg. Sjá nánar um tillögu á vef Reykjavíkurborgar, aðalskipulag.is. Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Hraunbær-Bæjarháls Fjöldi íbúða
Breytt landnotkun

Þann 24.nóvember 2016 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varða landnotkun á svæði milli Bæjarháls og Hraunbæjar. Í fyrirhugaðri breytingu felst að opið svæði (OP) verður breytt í íbúðarbyggð (ÍB45) og skilgreindur verður ákveðinn fjöldi íbúða sem heimilt verður að byggja á svæðinu.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá aðalskipulag.is). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 6. janúar 2017. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar systur okkar, mágkonu og frænku,

Bjarkar Gunnarsdóttir

Lautarvegi 18.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lautarvegi 18 og heimahlyningar vegna veittrar umönnunar Bjarkar.

Margrét Ásta Gunnarsdóttir **Guðlaugur S. Helgason**
Páll Gunnarsson
og frændsystkini.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn S. Jónsson

rafeindavirki,
Stórateigi 40,

lést á heimili sínu síðastliðinn föstudag.

Útför fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 5. desember kl. 13.00. Blóm og kransar
vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins
látna er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi

Ólöf H. Friðriksdóttir

Sigríður Kristinsdóttir **Jóhannes E. Valberg**
Sesselja Mjöll Kristinsdóttir
og barnabörn.



Faðir okkar,

Ólafur Gíslason

Eyrarvík, Hörgársveit,

er látinn. Útför hans fer fram frá
Gleráarkirkju föstudaginn 2. desember
kl. 10.30.

Fjölskylda hins látna



Ástkær móðir okkar,
tengdamamma og amma,

Ásta B. Ágústsdóttir

lést laugardaginn 26. nóvember.

Ásthildur Helgadóttir
Bryndís Helgadóttir

Pétur Esrason
Halldór Vilhjálmsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Arndís Guðjónsdóttir

frá Bildudal, hjúkrunarheimilinu Eir,
áður Brautarlandi 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
14. nóvember. Útförin fer fram frá
Bústaðakirkju föstudaginn 2. desember kl. 13.00.

Guðjón Magnús Jónsson
Margrét Katrín Jónsdóttir
Hrónn Guðjónsdóttir
Magnea Ólöf Guðjónsdóttir
Arndís Guðjónsdóttir
Jón Þór Guðjónsson
Hrafn Eyjólfsson
Hrafnhildur Eyjólfsdóttir
Jón Örn Eyjólfsson

Sigríður Þorlákssdóttir
Halldór Kj. Björnsson
Kristján Már Atlason
Eva Björg Torfadóttir
Maria Tómasdóttir
Halldór Ingi Hákonarson
Særos Stefánsdóttir
og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Kvenskórungar á Skaganum. Regina Ásvaldsdóttir er fyrsti kvenbæjarstjórinn í 74 ára sögu Akraness, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir er fyrsti kvenkyns formaður ÍA, Hildur Karen er fyrsta konan til að gegna framkvæmdastjórnastöðu ÍA og Hulda Birna Baldursdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri knattspyrnufélags ÍA, er önnur konan í þeirri stöðu.

Konur valdamiklar í ÍA

Árið 2016 hefur verið tímamótaár hjá Íþróttabandalagi Akraness. Það átti sjötugsafmæli, íþróttahúsið varð fertugt og konur völdust til veigamikilla starfa innan þess.

Hjarta Akraness slær hjá ÍA. Við splæstum saman í 40 ára afmæli íþróttahússins við Vesturgötu og 70 ára afmæli ÍA og fögnuðum um síðustu helgi," segir Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness, sem tók við starfinu á þessu ári, fyrst kvenna. Tvær aðrar konur komust líka í efstu lög píramída ÍA því Helga Sjöfn Jóhannesdóttir varð fyrsta konan til að verða formaður bandalagsins í 70 ára sögu þess og Hulda Birna Baldursdóttir sem er nýráðinn framkvæmdastjóri knattspyrnufélags ÍA er önnur konan til að gegna þeirri stöðu. Hildur Karen segir þær allar vinna vel saman en hvað finnst körlunum um þessar breytingar? „Mér heyrir þeir vera ánægðir með okkur og standa algerlega við bakið á okkur. Við mætum bara virðingu og trausti þar.“ Hildur Karen segir síðustu vikur hafa

verið annasamar í hennar starfi, bæði vegna flutnings skrifstofu bandalagsins af Jaðarsbakkasvæðinu í íþróttahúsið við Vesturgötu og undirbúnings afmælishátíðarinnar sem hún segir hafa tekist vel. „Þetta var fjölskyldugleiddagur. Aðildarfélag ÍA buðu upp á sýningar og gáfu gestum kost á að spreyta sig í hinum ýmsu íþróttgreinum auk þess sem veitingar voru á borðum. Okkur reiknast til að 800 til 1.000 manns hafi komið í heimsókn.“

Aðildarfélag ÍA eru 18 talsins og iðkendur um 2.500 eða um 35% íbúanna. „Hvert félag er sjálfstæð eining en hefur aðgang að ýmissi þjónustu sem við veitum hjá ÍA. Svo vinnum við líka með afreksíþróttabraut Fjölbrautaskólans," segir Hildur Karen sem er grunnskólakennari að mennt, með íþróttir sem val. Hún hefur unnið í Grundaskóla frá 2000, fyrir utan eitt ár sem hún var framkvæmdastjóri Sundsambandsins.

Hið 40 ára íþróttahús við Vesturgötu á Akranesi var á sínum tíma næststærsta íþróttahús landsins á eftir Laugardalshöllinni. Það hefur þjónað Akur-nesingum vel og þar hafa verið haldnir viðburðir á íþróttasviðinu eins og sigurveikur við Dani í handbolta 1981. Einnig fjölmargir menningarviðburðir og má nefna tónleika bæði Ivans Rebroff og Kims Larsen en frægast er líklega þegar Black Sabbath og Jethro Tull spiluðu þar sömu helgina árið 1992.

Sund er bæði áhugamál hennar og keppnisíþrótt. Hún kveðst sjá um ungbarnasundkennslu og samflot á Akranesi. Það síðarnefnda þarf hún að útskýra betur. „Í samflotinu er fólk með flothettu á höfði og flotsett á lærum, liggur í heitri innisundlaug og slakar þar á við kertaljós og tónlist," lýsir hún. Það hljómar óneitanlega vel. gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Valgeir Bjarni Gestsson
rafvirkjameistari,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu
í Reykjavík miðvikudaginn
23. nóvember. Útförin fer fram
frá Vídalínskirkju, miðvikudaginn 7. desember kl. 13.00.

Kristín Erla Jónsdóttir

Jón Óskar Valgeirsson
Benný Guðrún Valgeirsdóttir **Vilhjálmur Karl Karlsson**
Jóhanna Ellen Valgeirsdóttir **Ingólfur Kristinsson**
Gestur Ingi Valgeirsson
Anna Lilja Valgeirsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og besti vinur okkar,

Guðmundur Ingimundarson

Furugrund 28,

lést þann 15. nóv. 2016.
Útför hans fer fram frá Grensáskirkju í
Reykjavík fimmtudaginn 8. des. kl. 13.00.

Rósa Einarssdóttir

Einar Þór Guðmundsson
Ingimundur K. Guðmundsson **Landysh Gilfanova**
Kristín Guðmundsdóttir **Steindór Aðalsteinsson**
Rakel Rósa Ingimundardóttir **Adelyia Gilfanova**
Diljá Líf Ingimundardóttir, Telma Steindórsdóttir,
Embla Steindórsdóttir, Dagur Steindórsdóttir,
Óðinn Einarsson

Það eru girnileg jól framundan í Hafinu

Allt sjávarfangið sem þú þarft fyrir jólin, áramótin og skötuveisluna




**Opnunartími
yfir hátíðarnar:**
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14



Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

Allir sem versla í Hafinu geta tekið þátt í jólaleiknum okkar, sett nafnið sitt í pott og unnið til veglegra verðlauna. Dregið verður 22. desember.

VINNINGAR:

- ★ 150 þúsund króna inneign í verslunum Hafsins.
- ★ Sansaire Sous Vide hitajafnari ásamt kennslu og fiskiveislu.
- ★ Vegleg gjafakarfa frá Hafinu Fiskverslun að andvirði 50 þúsund króna.


Við velkomin í dýrindis smakk í öllum verslunum okkar frá kl 15 alla mánudaga til jóla í desember. Frá 19. til 23. desember verður smakk alla daga.

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á 



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Hægur vindur og stöku skúrir eða él, en þurr á Austurlandi. Frost 0 til 7 stig, en hiti 0 til 5 stig sunnan heiða. Norðaustan 8-15 m/s og eljagangur við norðurströndina seint í dag.

Fimmtudagur

Reykjavík 3° ↙ 12	Ísafjörður -3° ← 8	Akureyri -5° ↙ 3
Egilsstaðir -6° ↗ 3	Kirkjubæjarkl. -1° ← 4	Hveravellir -3° ↑ 7

Föstudagur

Reykjavík 7° ↑ 8	Ísafjörður 4° ↑ 15	Akureyri 2° ↑ 8
Egilsstaðir 2° ↑ 4	Kirkjubæjarkl. 2° ↙ 3	Hveravellir 0° ↑ 12

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- leikur
 - á fæti
 - leyfi
 - gifti
 - hvort
 - mörk
 - helgitákn
 - óður
 - stykki
 - blaður
 - röð
 - heimsálfa
- LÓÐRÉTT**
- göngulag
 - frá
 - tæla
 - tilvist
 - sælgæti
 - yfirgaf
 - sóði
 - himna
 - orga
 - bókstafur

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. gsg, 2. af, 3. freista, 4. stf, 5. líf, 6. lakkris, 7. 10. LÁRÉTT: 2. tafi, 3. h, 4. í, 5. r, 6. í, 7. g, 8. í, 9. g, 10. í, 11. í, 12. skögl, 13. gos, 14. skán, 15. æpa, 16. í, 17. pí, 18. kross, 19. ær, 20. stf, 21. ástla.

Sudoku

LÉTT

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8			3				9
		6	7	5	2			8
3	7		8	2				

MIDLUNGS

		1		5		4		9
2				4	6			
9			7	8				
	6		2	9		5		
3	8		4			6	2	
		7		3	8			
		3				7	1	
		2	1					
				2	3			

ÞUNG

7			8				1	6
		6			7			9
				4				8
1				3				
	8	4	2	1				7
				5	3	2		
	1		7	8			6	5
	2	3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

2	4	9	6	7	1	5	8	3
3	7	5	8	9	2	6	1	4
8	1	6	3	4	5	9	7	2
5	3	4	7	1	6	8	2	9
9	6	7	2	3	8	1	4	5
1	8	2	4	5	9	3	6	7
4	2	1	5	8	3	7	9	6
6	9	3	1	2	7	4	5	8
7	5	8	9	6	4	2	3	1

Skák

Gunnar Björnsson
Lokaskák einvígis Carlsen (2.853) og Karjakíns (2.772). Eftir 30 leiki kom þessi staða upp og samið jafntefli.



Hvítur á leik
Langlitlausasta skákin hingað til. Í kvöld tefla þeir til þrautar með skemmri umhugsunartíma. Fyrst fjórar atskákir og verði enn jafnt, þá til þrautar í hraðskák. Upplýsingar um hvernig best sé að fylgjast með má finna á www.skak.is.
www.skak.is: Allt um heimsmeistarainvígið.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Fróde Óverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

JÓLAPÚÐAR OG JÓLASVUNTUR

Skoðaðu úrvalið á Strigaprent.is
Prentum einnig þinn eigin texta á svuntur og púða



Púði 50x50 cm
4.790

Svuntur 1 stærð
3.990

STRIGA Prent
STRIGAPRENT.IS 869 5020

strigaprent@strigaprent.is
Verslunarmiðst. Firði Hafnarfirði

LAUGARÁS BÍÓ

mid.is Miðsala og nánari upplýsingar

COCA COLA LAUGARÁS BÍÓ

BAD SANTA 2 12

FANTASTIC BEASTS 9

HACKSAW RIDGE 12

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BAD SANTA 2	6, 8
FANTASTIC BEASTS 3D	6, 9
HACKSAW RIDGE	8, 10, 45
TRÖLL 2D ISL.TAL	6

SAMBIÓN SAMBIO.IS

Frá J.K. Rowling, höfundu Harry Potter.

★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER THE GUARDIAN

IMDb 8.3 FRESH 88%

FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM

Stórkostleg og töfrandi fjölskylduskemmtun.

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5-8 - 10:45	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 8 - 10
FANTASTIC BEASTS 2D kl. 5-7 - 10	FANTASTIC BEASTS 2D kl. 5:10 - 7 - 10:40
FANTASTIC BEASTS 2D VIP kl. 5-8 - 10:45	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 5:10
THE ACCOUNTANT kl. 8 - 10:40	THE ACCOUNTANT kl. 8 - 10:40
SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL kl. 6	DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30 - 8 - 10:30
DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30 - 8 - 10:45	KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
JACK REACHER 2 kl. 10:45	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:45
THE GIRL ON THE TRAIN kl. 8	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 5:20 - 8 - 10:40
STORKAR ISL.TAL kl. 5	AKUREYRI
KEFLAVÍK	FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5:15 - 8 - 10:45
FANTASTIC BEASTS 3D kl. 5:15 - 8 - 10:45	THE LIGHT BETWEEN OCEANS kl. 5:30
BAD SANTA 2 kl. 8 - 10:10	THE ACCOUNTANT kl. 10:00
DOCTOR STRANGE 2D kl. 5:30	

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

Alt Smárabíó Háskólabíó Væntanlegt

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

Kaupa miða

Hvað? Hvenær? Hvar?
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

30. NÓVEMBER 2016

Tónlist

Hvað? Góðgerðartónleikar
Hvenær? 20.00
Hvar? Gym og Tonik, Kexi hosteli, Skúlagötu

Rauði krossinn í Reykjavík í samstarfi við Kexi hostel efnir til góðgerðartónleika á Kexi hosteli miðvikudagskvöldið 30. nóvember. Fram kemur einvalið tónlistarmanna en þarna verða Cheddy Carter, Omotrack, Berndsen, Emmsjé Gauti og Hildur. Tekjurnar af tónleikunum renna til verkefnisins Frú Ragnheiður – skaðaminnkun, sem er verkefni sem hefur það markmið að ná til jadarsettra hópa í samfélaginu, eins og heimilisslausra og fólks með fíknivanda. Frú Ragnheiður er sér-innréttaður gamall sjúkrabíll sem er ekið um götur höfuðborgarsvæðisins á kvöldin, alla virka daga. Miðaverð er 1.500 krónur

Hvað? Viva Hermeto!
Hvenær? 21.00
Hvar? Harpan

Viva Hermeto! er ný og spennandi tónleikadagskrá sem bassaleikarinn Sigmar Þór Matthíasson stendur fyrir. Leikin er tónlist eftir brasilíska tónskáldið Hermeto Pascoal og aðra fylgdarmenn hans. Tilefnið er 80 ára afmæli Pascoals á þessu ári en tónlistinni má lýsa sem nútímalegum brasilískum djassi sem blandar saman akústískum sólóhljóðferum og rafmagnaðri hrynsveit. Á dagskránni má heyrja ýmsar gerðir brasilískra stíla, m.a. samba, choro, baião, maracatu, marcha og frevo. Sveitina skipa Haukur Gröndal, Ólafur Jónsson, Ásgeir J. Ásgeirsson, Kjartan Valdemarsson, Sigmar Þór Matthíasson, Einar Scheving og Kristófer Rodríguez Svónuson.

Hvað? The Dark
Hvenær? 20.00
Hvar? Edinborgarhúsið, Ísafirði

Ástralsk-norska tríóð The Dark spilar á Ísafirði í kvöld. Meðlimir



Emmsjé Gauti ásamt Hildi, Cheddy Carter og fleirum spilar á góðgerðartónleikum Rauða krossins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

the Dark eru Ástralíumaðurinn Daniel Rorke á saxófóna og Norðmennirnir Aksel Jensen á kontrabassa og Ole Mofjell á trommur. Þeir kynntust fyrir nokkrum árum í námi við hina rómuðu djassdeild tónlistarháskólans í Þrándheimi. The Dark hefur nýlega gefið út sinn fyrsta geisladisk. Tónlistin er bæði litrik og óvænt. Hún sækir áhrif til norrænna meistara, fram-sækinna tónlistar frá New York og fjarlægjar heimstónlistar. Aðgangur ókeypis.

Hvað? DJ Beatmachine Aron
Hvenær? 21.00
Hvar? Píkið, Bankastræti

Taktavélin hann Aron verður með heitt á könnunni á Píkinu í kvöld. Vafalaust eitthvað ferskt sem fær að hljóma hjá honum.

Hvað? Þorvaldur Davíð og Skafrenningarnir
Hvenær? 20.30
Hvar? Berg menningarhús, Dalvík

Leikarinn Þorvaldur Davíð bregður sér í hlutverk djassöngvara sem tekur jölunum passlega fagnandi og með honum í för er einvalið hljóðfæraleikara sem óhætt er að segja að séu á meðal þeirra fremstu á Íslandi. Þessi hersing verður stödd á Dalvík í kvöld þar sem platan verður spiluð ásamt öðru efni. Miðaverð 2.500 krónur.

Hvað? Suð, Knife Fights og Jón Þór
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Naustunum

Indie-rokk veisla á Húrra í tilefni útgáfu nýjustu plötu Suðs. Þarna verða einnig Knife Fights og Jón Þór. 1.000 krónur inn.

Hvað? Gauks-Meistara keppnin í Beatbox
Hvenær? 20.00
Hvar? Gaukurinn, Tryggvagötu

Siggi Bahama heldur keppni fyrir fólk sem trommar með munninum.



Þorvaldur Davíð spilar jólaög með hljómsveitinni Skafrenningunum á Dalvík í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvað? Ferðamálaþing 2016
Hvenær? 13.00
Hvar? Harpa

Hið árlega ferðamálaþing verður haldið í dag. Yfirskriftin að þessu sinni er „Ferðapjónusta – afl breytinga.“

Hvað? Jóládanssýning
Hvenær? 17.00
Hvar? Salurinn, Kópavogi

Danssýning fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð 1.500 krónur.

Hvað? Kynning á nýrri deildaskiptingu menntavísindasviðs
Hvenær? 15.00
Hvar? Bratti, Stakkahlíð

Hvað? Can't Walk Away
Hvenær? 20.30
Hvar? Frystiklefinn, Sláturhúsinu

menningarsetri Heimildarmyndin Can't Walk Away fjallar um feril Herberts Guðmundssonar tónlistarmanns. Ýmislegt hefur drifið á daga Herberts og hér verður farið yfir það allt saman. Aðeins ein sýning og miðaverðið er 2.000 krónur.

Hvað? Bókakvöld Félags áhugamanna um heimspeki
Hvenær? 20.00
Hvar? Café Háiti, Geirsgötu

Stór þemu verða á bókakvöldi félagsins. Útópíur og dystópíur, flókin veruleiki manneskjunnar

sem oft virðist varla geta þrífist í samfélagi við aðra, en getur þó ekki annað. Björn Þorsteinsson mun kynna nýútkomna bók sína, Eitthvað annað, Eiríkur Gauti Kristjánsson mun kynna þýðingu sína á bókinni Útöpiu eftir Sir Thomas More, Gísli Magnússon mun kynna nýja þýðingu sína á verki Mary Wollstonecraft, Til varnar réttindum konunnar og Sigríður Hagalín Björnsdóttir mun svo kynna nýja skáldsögu sína, Eyland, en í henni tekur Íslands-sagan óvænta stefnu. Að loknum kynningunum munum við svo sitja áfram, fá okkur kaffi og ræða efni bókanna.

Námskeið

Hvað? DIY námskeið: Heilnæmar og heimagerðar lausnir
Hvenær? 18.30
Hvar? Gló, Fákafeni

Eva Dögg og Anna Sóley eru sjálfkrýndar DIY-drottningar Íslands. Þær eru búnar að vera að malla og mastera heimagerðar fegurðar- og heimilisremedíur síðan þær áttuðu sig á að heimur versnandi fer og ekkert er betra en góðar stundir með sjálfum sér eða hver annarri. Stakt kvöld kostar 5.900 kr. en sérstakt tilbodsverð er ef þú bókar þig á öll þrjú kvöldin, 14.900 kr.

BIO STAR PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Nahid	18:00
Rúnturinn	18:00
Innsæi	18:00
Slack Bay	20:00
Grimmd	20:00
Baskavigin	20:00
Captain Fantastic	22:30
Gimme Danger	22:15
Eiðurinn ENG.SJÞ	22:00



Strokkvartettinn Siggí, Sigurður, Þórunn Ósk, Una og Helga Þóra.

Hárbeitt spilamennska, misjöfn dagskrá

TÓNLIST



Verk eftir Finn Karlsson, Hauk Þór Harðarson, Atla Heimi Sveinsson, Penderecki og Bach.

Flytjandi: Strokkvartettinn Siggí.

Norðurljós í Hörpu

Sunnudagurinn 27. nóvember

Halda mætti að Strokkvartettinn Siggí sé einhvers konar grínþópur. Nafnið er svo kæruleysislegt, annað en maður á að venjast úr heimi kammertónlistar á Íslandi. En Sigga er full alvara með tilvist sinni! Tónleikar hópsins í Norðurljósum á sunnudaginn byrjuðu líka vel. Fyrst á efnisskránni var prýðileg tónsmíð eftir Finn Karlsson úr Errata hópnum sem bar nafnið Hrafnaþing. Hún var í þremur köflum. Upphafið var ihugult og leitandi, en smám saman óx tónlistinni ásmegin. Ferskleiki var í tónmálinu, það var vissulega afstrakt og ómstrítt, en innra samræmi var ávallt ríkjandi. Rödd tónskáldsins var heiðarleg og einlæg, útkoman hrifandi falleg.

Hljóðfæraleikurinn var framúrskarandi, hver hljóðfæraleikari var með allt sitt á hreinu. Spilamennskan var einbeitt og vel ígrunduð. Siggí samanstendur af valinkunnum hljóðfæraleikum, Unu Sveinbjarnardóttur, Helgu Þóru Björgvinsdóttur, Þórunni Ósk Marinósdóttur og Sigurði Bjarkasyni. Samspil þeirra var hárnákvæmt og öruggt.

Efnisskráin var skemmtileg blanda af gömlu og nýju. Nútímatónlistin var þó í öndvegi, en hún var fleyguð með tveimur fúgum úr Fúgulistinni svokölluðu eftir Bach. Þær sköpuðu einkar heillandi mótvægi við andrúmsloft tilraunamennsku og bylt-

ingu hefðbundinna forma. Fúgurarn voru meistaralega spilaðar, forneskjuleg stemningin var útfærð af smekkvísi. Þetta var tímalaus snilld.

Eftir fyrri fúguna virkaði Strengjakvartett nr. 1 eftir Penderecki frá árinu 1960 stórfurðulegur til að byrja með. Tónlistin samanstóð af taugaveikluðu strengjaplokki. En svo umbreyttist það í þrúgandi dulúð ofurveikra hljóma sem voru á mörkum hins heyranlega. Andstæðurnar voru áhrifamiklar og Siggí kom þeim áreynslulaust til skila.

Heldur syrti í álinn eftir hlé. Fúga eftir Bach var þó flott, en nýju verkin voru ekki að gera sig. Hið fyrra var Through the Whole Fabric of My Being eftir Hauk Þór Harðarson úr Errata. Það byggðist nánast eingöngu á ofurveiku strengjaglissi, þ.e. fingrum var rennt hægt eftir strengjunum. Glissid hljómaði eins og geispi; það var eins og fjórmenningarnir væru geispandi hver ofan í annan. Annað gerðist ekki í tónlistinni, sem var býsna slappt.

Strengjakvartett nr. 3 eftir Atla Heimi Sveinsson kom ekki heldur vel út. Hann var í sex köflum. Þeir voru sundurlausir innbyrðis, en ekki bara það: Tónlistin náði aldrei flugi, grunnhugmyndirnar voru sjaldnast meira en klisjur. Úrvinnslan var máttlil, heildarmyndin veik. Ljód eftir Goethe sem Tui Hirv sópran söng í einum kaflanum var eins og skrattinn úr saugarleggnum. Það gerði ekkert fyrir verkið. Þetta kom á óvart; Atli er jú mikilhæft tónskáld sem hefur samið ótalmargt áhugavert og spennandi. Verkið nú var því töluverð vonbrigði. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Tónleikarnir byrjuðu vel en enduðu illa.



„Einar er kannski einrænn einfaldningur og hrakfallabálgur en hann er klárlega með hjartað á réttum stað,“ segir í dómmum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Að finna jólin innra með sér

LEIKHÚS



Borgarleikhúsið

Leikari, leikstjóri og höfundur:

Bergur Þór Ingólfsson

Leikmynd og búningar: Móeiður

Helgadóttir

Lýsing og hljóðhönnun: Garðar

Borgþórsson

Leikgervi: Elín S. Gísladóttir

Einar heldur mikið upp á jólin. Einar er oftast ekki einn á jólinum. En Einari þykir það bara allt í lagi, hann er sjálfum sér nógur. Þó er hann ekki alveg tilbúinn til að eyða jólinum einn uppi á hálofti en þar festist hann óvart í leit sinni að jólskrautinu. Borgarleikhúsið býður áhorfendum á öllum aldri upp á litla jólasýningu á Litla sviðinu en Jólaflækja var frumsýnd um síðastliðna helgi.

Potturinn, pannan, jólskrautið og aðalsprautan í sýningunni er Bergur Þór Ingólfsson sem ekki einungis leikur Einar heldur skrifar líka handritið og leikstýrir. Ekki eru neinar ýkjur að kalla Berg Þór einn af fjölhæfustu og bestu sviðslistamönnum landsins um þessar mundir. Hér er hann í essinu sínu þar sem hann sleppir sínu innra barni lausu. Líkamsbeiting hans er

með eindæmum góð en hann geflar sig af öllum kröftum og nánast líður um sviðið, þarna kemur vinna hans með trúðleiki á síðustu árum sér vel. Góðri raddbeitingu hans í hlutverki vinalega sögumannsins sem hjálpar Einari ljúflega að komast úr hverri klípunni á fætur annarri verður líka að hrósa.

Þrátt fyrir að söguþráðurinn sé með einfaldasta sniði þá er uppbygging sýningarinnar virkilega vel úthugsuð, þó að endirinn hafi verið fremur endasleppur. Framvindan byggist á einföldu vandamáli og lausnir eru prufaðar með bráðfyndnum afleiðingum. Litlar senur springa út eins og litríkar jólastjörnur og Bergur Þór skilur að tímasetning er lykillinn að skopleik.

Jólaflækja er eins og heimboð með gömlum vinum þrátt fyrir að Einar sé eini heimilismaðurinn. Hér glittir oft í gamla takta frá klassískum kvikmyndastjörnum og hæfileikamönnum á borð við Buster Keaton, Charlie Chaplin og Gene Kelly. Slík menningarmenntun er börnum virkilega dýrmæt og verður vonandi til þess að kveikja áhuga þeirra á klassískum söngleikjum og grínmyndum þögla tímabilsins.

Móeiður Helgadóttir sér um bæði leikmynd og búninga af

sinni alkunnu lagni og hugviti. Þá eru leikmunirnir sérstaklega eftirtektarverðir en margir þeirra eru hannaðir til að sinna fleiri en einu hlutverki. Þarna skín góð samvinna hennar og Bergs í gegn: gömul Rafha-eldavél verður leiksvið, föðurland breytist í brúður og jólskreytingar umbreytast í glitrandi peysu, svo mætti lengi telja.

Tónlistin er í höndum Garðars og Bergs en söngtextarnir eru eftir leikarann. Löggin eru tvö og eru vel samín en hefðu jafnvel mátt vera fleiri. Hljóðmynd Garðars er fallega samansett og látlaus en dásamlegasta innslagið var þó endurtekning á lítilli laglínunni úr Hnotubrjóti Tsjaikovskijs sem bæði setti tóninn fyrir andrúmsloft sýningarinnar og var ljúf áminning um jólaandann.

Einar er kannski einrænn einfaldningur og hrakfallabálgur en hann er klárlega með hjartað á réttum stað. Hið argasta fúlegg getur ekki annað en brosað í návist hans. Jólaflækja er innileg án þess að vera of væmin, fimmaurabrandararnir eru aldrei ódýrir og boðskapurinn hollar áhorfendum á öllum aldri.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Jólaflækja bræðir skammdegið í burtu og býður gleðinni heim.

ÞRIGGJA DAGA ADVENTUBOMBA!



**KING KOIL
MORENA FIRM**

Fullt verð 388.407 kr.

TILBODSVERÐ 194.204 kr.


(Aðeins 11.572 kr. á mánuði miðað við 18 mánaða vaxtaláusan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi og fyrsta greiðsla í mars 2017)

rekkjan

HEILSURÚM

„Frábærlega skrifað.“

ÁRNI MATTHÍASSON



„Gríðarlega vel heppnuð skáldsaga.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILIAN

„Mjög vel gert og áhrifaríkt.“

DORGEIR TRYGGVASON / KILIAN

„... fallegt verk með óhugnanlegum undirtóni ...“

GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR / VÍÐSIÁ

„Hestvík sýnir hversu snjall höfundur Gerður Kristný er og leikin í því að skapa sögu sem hefur allt að því seiðandi aðdráttarafl á lesandann.“

VERA KNÚTSDÓTTIR / BÓKMENNTIR.IS

„Sagan er virkilega vel samin ...“

IÓHANNA MARÍA EINARSDÓTTIR / DV

„Marglaga og skemmtileg skáldsaga ...“

MAGNÚS GUÐMUNDSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þessi nýjasta bók Gerðar er ekki löng ... en rúmar mun stærri sögu en blaðsíðurnar gefa til kynna.“

Stíllinn er fallegur og meitlaður ...“

ÞÓRDÍS EDDA IÓHANNESDÓTTIR / HUGRÁS



DAGSKRÁ

Miðvikudagur



ÍSSKÁPASTRÍÐ

Nýr og stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



NÝTT Á STÖÐ 2



BLACK WIDOWS

Þrjár vinkonur sem allar eru orðnar leiðar á eiginmönnum sínum ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og öðlast langbráð frelsi en lygavefurinn sem þær hafa spunnið dregur þær inn í veröld svika og undirferlis sem erfið er að komast út úr! Hörkuspennandi skandinavískur sakamálaþáttur af bestu gerð.



DIVORCE

Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.



PURE GENIUS

Vandaðir þættir um James Hill sem fer ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu læknamiðstöð í heimi. Til þess að allt gangi upp þarf hann að fá færasta en jafnframt umdeildasta skurðlækni heims með sér í lið.



THE COMPANY YOU KEEP

Ungur blaðamaður kemst á snóðir um dvalarstað manns sem hefur verið á flotta undan yfirvöldum í mörg ár og einsetur sér að komast að sannleikanum.



STÖÐ 2

- 07.00 Simpson-fjölskyldan
- 07.25 Teen Titans Go!
- 07.50 Mindy Project
- 08.10 The Middle
- 08.35 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.20 Logi
- 11.10 Atvinnumennirnir okkar
- 11.50 Dallas
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Lögreglan
- 13.30 Besti vinur mannsins
- 13.55 Project Greenlight
- 14.40 Mr Selfridge
- 15.25 The Comeback
- 16.05 Anger Management
- 16.30 Simpson-fjölskyldan
- 16.55 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Íþróttir
- 19.05 Fréttir Stöðvar 2
- 19.20 Vikingalottó
- 19.25 Mom
- 19.50 Ísskápastríð
- 20.25 Black Widows
- 21.10 Divorce Gamansamur þáttur frá HBO þar sem Sarah Jessica Parker er í hlutverki Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmannsins. Skilnaðurinn gengur hins vegar ekki snurðulaust fyrir sig og oftast en ekki enda samverustundir þeirra með skrautlegum uppákomum. Með önnur aðalhlutverk fara Thomas Haden Church og Molly Shannon.
- 21.50 Pure Genius Vandaðir nýir þættir sem fjalla um James Hill en hann fer svo sannarlega ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingarkenndustu læknamiðstöð í heimi en þar ætlar hann að leiða saman nýjustu tækni og vísindi með úrvalsteymi með sér. Þar ætlar hann að nálgast viðfangsefnin á nýjan og framúrstefnulegan hátt en til þess þarf hann að fá færasta en jafnframt umdeildasta skurðlækni heims með sér í lið. Með aðalhlutverk fara Augustus Prew og Dermot Mulroney.
- 22.30 Nashville
- 23.15 NCIS
- 23.55 StartUp
- 00.40 High Maintenance
- 01.15 Stalker
- 02.00 Black Nativity
- 03.30 Battle Creek

STÖÐ 2 SPORT

- 09.40 Messan
- 11.10 Premier League Review
- 12.05 Formúla 1 2016 - Keppni
- 14.25 Football League Show
- 14.55 Premier League
- 16.35 Premier League World
- 17.05 Premier League
- 18.45 Premier League Review
- 19.40 League Cup
- 21.45 NFL
- 00.30 League Cup

STÖÐ 2 SPORT 2

- 09.40 Messan
- 11.10 Premier League Review
- 12.05 Formúla 1 - Keppni
- 14.25 Football League Show
- 14.55 Premier League
- 16.35 Premier League World
- 17.05 Premier League
- 18.45 Premier League Review
- 19.40 League Cup
- 21.45 NFL
- 00.05 League Cup

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

- 17.40 League
- 18.05 Mike & Molly
- 18.30 New Girl
- 18.55 Modern Family
- 19.20 Fóstbræður
- 19.55 Fangavaktin
- 20.30 Lögreglan
- 21.00 Josie: The Most Hated Woman in Britain?
- 21.50 Flash
- 22.35 Rome
- 23.30 Klovn
- 23.50 The Knick
- 00.45 Fóstbræður
- 01.15 Fangavaktin
- 01.50 Lögreglan
- 02.15 Josie: The Most Hated Woman in Britain?
- 03.05 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.24 Svampur Sveinsson
- 07.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 08.00 Kalli á þakinu
- 08.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 08.37 Stóri og Litli
- 08.49 Hvellur keppnisbill
- 09.00 Vikingurinn Viggó
- 09.13 Kormákur
- 09.25 Brunabilarnir
- 09.47 Mæja býfluga
- 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveinsson
- 11.49 Lalli
- 11.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 12.00 Kalli á þakinu
- 12.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 12.35 Stóri og Litli
- 12.47 Hvellur keppnisbill
- 13.00 Vikingurinn Viggó
- 13.13 Kormákur
- 13.25 Brunabilarnir
- 13.47 Mæja býfluga
- 14.00 Dóra könnuður
- 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveinsson
- 15.49 Lalli
- 15.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 16.00 Kalli á þakinu
- 16.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 16.35 Stóri og Litli
- 16.47 Hvellur keppnisbill
- 17.00 Vikingurinn Viggó
- 17.13 Kormákur
- 17.25 Brunabilarnir
- 17.47 Mæja býfluga
- 18.00 Dóra könnuður
- 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 19.00 Furðufuglar



Svampur Sveinsson:
07.24, 11.24 og 15.24

GOLFSTÖÐIN

- 09.00 Golfing World
- 09.50 DP World Tour Championship
- 14.55 CME Group Tour Championship
- 17.00 Golfing World
- 17.50 UL International Crown
- 19.50 Golfing World
- 20.40 Ryder Cup Official Film
- 21.55 Champions Tour Highlights
- 22.50 Golfing World

BÍÓSTÖÐIN

- 12.00 Ingenious
- 13.30 Frost/Nixon
- 15.30 Ivory Tower
- 17.00 Ingenious
- 18.30 Frost/Nixon
- 20.30 Ivory Tower Áhugaverð heimildarmynd frá 2014 sem fjallar um virði þess að stunda nám á efri stígi í Bandaríkjunum.
- 22.00 The Company You Keep
- 00.05 Colombiana Hörkuspennandi mynd frá 2011 um unga konu sem vex úr grasi sem ískaldur leigumorðingi eftir að hafa orðið vitni að því að foreldrar hennar voru myrtir þegar hún var barn að aldri í Bogotá í Kólumbíu. Hún vinnur á daginn fyrir frænda sinn sem leigumorðingi, en í frítíma sínum tekur hún lög in eigin hendur og drepur mann og annan. Lokamarkmið hennar er að drepa mafiósann sem er ábyrgur fyrir morðinu á foreldrum hennar.
- 01.55 Kill Your Darlings
- 03.35 The Company You Keep

RÚV

- 16.45 Andri á Færeyjaflandri
- 17.15 Eldað með Ebbu
- 17.45 Táknafréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Finnþogi og Felix
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.20 Gló magnaða
- 18.50 Krakkafréttir
- 18.54 Vikingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Bitlarnir að eilífu – Norwegian Wood
- 20.15 Kiljan
- 21.00 Á sama báti
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Það er ég
- 23.40 Kastljós
- 00.05 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 The McCarthys
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Biggest Loser
- 09.45 The Biggest Loser
- 10.30 Pepsi MAX tónlist
- 13.20 Dr. Phil
- 14.00 Younger
- 14.20 Jane the Virgin
- 15.05 The Grinder
- 15.25 The Odd Couple
- 15.50 Man With a Plan
- 16.10 Speechless
- 16.35 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
- 17.15 The Late Late Show with James Corden
- 17.55 Dr. Phil
- 18.35 Everybody Loves Raymond
- 19.00 King of Queens
- 19.25 How I Met Your Mother
- 19.50 American Housewife
- 20.15 Survivor
- 21.00 Chicago Med
- 21.45 Bull
- 22.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
- 23.10 The Late Late Show with James Corden
- 23.50 Jericho
- 00.35 Sex & the City
- 01.00 This is Us
- 01.45 MacGyver
- 02.30 Chicago Med
- 03.15 Bull
- 04.00 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
- 04.40 The Late Late Show with James Corden
- 05.20 Pepsi MAX tónlist

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

VILT ÞÚ BÍL Á BETRI DÍL?

KOMDU OG PRÓFAÐU

TOYOTA YARIS ÁRGERÐ 2016

AÐEINS KR.
1.990
ÞÚSUND

KAUPAUKI
AÐ VERÐMÆTI KR.
200.000

- ✓ NÝJAR ÁLFELGUR
- ✓ NÝ VETRARDEKK
- ✓ FILMUR Í AFTURGLUGGUM



26 ÞÚS.
Á MÁNUÐI*

- ✓ ALLIR BÍLAR YFIRFARNIR OG Í ÁBYRGÐ
- ✓ ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN
- ✓ TIL Í ÝMSUM LITUM
- ✓ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR (BLUETOOTH)
- ✓ GÓÐ ENDURSALA
- ✓ TÖKUM BÍLA UPPÍ
- ✓ ALLIR BÍLAR MEÐ USB OG AUX

NÝ SENDING
Á ÞESSU
FRABÆRA
TILBOÐI

Aukahlutir á mynd samlitir
speglar og húnar fylgja ekki.
Meðfylgjandi álfelgur eru
sambærilegar.

* Miðað við 20% útborgun
** Yaris 1,0 bensín eknir á bilinu 25-29 þúsund km
*** Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016

DACIA DUSTER 4 x4 Diesel Lítið notaðir árgerð 2016

- ✓ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- ✓ Allt að 90% fjármögnun
- ✓ Til í ýmsum litum
- ✓ Góð endursala
- ✓ Tökum bíla upp í



SÍÐUSTU BÍLARNIR
LÆKKAÐ VERÐ

3.190
ÞÚSUND

- Leðursæti
- Bluetooth
- Bakskynjari
- Álfelgur
- USB og Aux tengi
- Hiti í sætum
- Ofn

NÝ VETRARDEKK
FYLGJA Á AÐEINS
49.900

-FYLGIR ÖLLUM BÍLUM



Bílnir eru eknir á bilinu 20-26 þúsund km.
Eigum nokkra bíla til afgreiðslu strax

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan


opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

STÓRA BÍLASALAN

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



Erna Kristin Stefánsdóttir býr til skemmtilegar samverustundir með fjölskyldunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




„Ég hef undanfarin ár búið til dagatal þar sem ég leyfi hugmyndafluginu að ráða, og bý til samverustundir með fjölskyldunni, dagatalið hefur vakið mikla lukku og fjölskyldan eytt meiri tíma saman á aðventunni. Sem er auðvitað það sem skiptir mestu máli og börnin elska,“ segir Erna Kristin Stefánsdóttir, hönnuður og guðfræðinemi, en hún heldur úti Snapchat-rásinni Ernuland, þar sem hún deilir hugmyndum um skemmtilegt föndur fyrir jólin.

1 Ég bý til 24 samverustundir með fjölskyldunni sem kosta ekki mikinn pening, það getur verið allt frá því að föndra saman eða jafnvel bíóferð.


2 Útlitið má vera alls konar, ég hef pakkað miðunum inn í litlar öskjur eða blúndupoka og hengt upp á þráð.

3 Þeir sem hafa ekki tók á slíku geta einfaldlega merkt pakkana og sett í skál.



MYND/ERNA

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR



Jólatónleikar
fyrir alla fjölskylduna

Jólatjör með Góa

Stjórnandi og útsetjari: Haukur Gröndal

HARPA SILFURBERG

Sunnudag 4. desember kl. 14:00

Míðar á harpa.is, í miðasölu Hörpu og á tix.is

Styrkt af
Reykjavíkurborg Tónlistarsjóður



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR

Gluggarnir opnaðir á morgun

Undanfarin ár hafa hinar ýmsu tegundir að jóladagatölum litið dagsins ljós. Fréttablaðið tók saman nokkrar skemmtilegar hugmyndir að heimagerðum jóladagatölum en víða í nágrenna löndunum tíðkast að útbúa jóladagatal með litlum pökkum sem stórir og smáir geta notið góðs af.



Linnea Ahle býr til skemmtileg dagatöl og segir að það sem skipti mestu máli sé sjálfur jólaandinn. MYND/LINNEA

„Þegar ég var lítil stelpa og bjó í Svíþjóð, fékk ég alltaf jóladagatal sem var heimatilbúið. Þetta er virkilega góð lausn og skemmtileg upplifun fyrir börn. Dagatalið sem ég bjó til fyrir dóttir mína gerði ég sjálf og er aðferðin auðveld,“ segir Linnea Ahle, eigandi barnafataverslunarinnar Petit.

1 Ég kaup 24 litlar gjafir og það getur verið hvað sem er allt frá litilli karamellu upp í smátt dót.

2 Ég pakka inn gjöfunum og set þær í Bloomingville jóladagatalið sem ég er einmitt að selja í Petit.

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Saga jóladagatalsins

„Jóladagatalið er ein af þessum fjölmörgu aðferðum kaupmanna til að minna á jólasóluna sem fram undan er,“ segir Árni Björnsson þjóðháttafræðingur og bætir við að þetta sé ekki gömul hefð hér á landi.

„Ég man fyrst eftir jóladagatalinu eftir stríð og ég held að þetta hafi komið til landsins með aukinni verslun og einfaldlega til að minna fólk á að kaupa fyrir jólin,“ segir Árni.



MYND/LINNEA

STEVE-O

THE END OF THE WORLD TOUR

A NOT-SO-APOCALYPTIC COMEDY / VARIETY SHOW

Stjarnan, úr Jackass **jackass**



HÁSKÓLABÍÓ
22. DESEMBER
KL 20:00

Miðasala á midi.is

steveo.com - www.facebook.com/SteveO



Charlotte Julien
HEILSURÚM

STILLANLEG HEILSURÚM

25% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!

TEMPUR

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ STILLANLEG HEILSURÚM

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótur þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímaröfa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærd/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

STILLANLEGT RÚM - VERDDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Tilboð 442.350 kr.

OKKAR KLASSÍSKI

HEILSUINNISKÓR

Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið. **Ný og endurbætt útgáfa!**



3.900 KR.

NÝJUNG Í BETRA BAKI

SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. **Komdu og prófaðu!**



BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Sindri Freyr

- Fæddur 1994
- Hefur samið síðan hann var 14 ára
- Gaf út fyrsta lagið sitt 2013, Together You and Me
- Lagið Way I'm Feeling hefur verið spilað 433.344 sinnum á Spotify

Platan inniheldur fjögur lög en gripurinn hefur fengið góðar viðtökur hér á landi og í Svíþjóð og í Noregi. MYND/ADSEND

Stórstjarna í Skandinavíu

Sindri Freyr Guðjónsson gaf nýverið út sína fyrstu plötu. Lag hans Way I'm Feeling hefur verið spilað yfir 400 þúsund sinnum á Spotify. Langoftast hefur það verið spilað í Noregi og Svíþjóð.

Lagið Way I'm Feeling sem Eyjapeyinn Sindri Freyr Guðjónsson samdi hefur slegið í gegn í Noregi og Svíþjóð. Lagið er að finna á nýrri plötu hans sem ber sama nafn. Lagið hefur verið spilað yfir 400 þúsund sinnum á tónlistarveitunni Spotify og önnur lög á plötunni njóta einnig mikilla vinsælda.

Sindri tekur óvæntri frægð með stóiskri ró en ætlar sér að komast til Skandinavíu sem fyrst til að halda tónleika. Fyrst þarf hann að klára jólaprófin en hann er á öðru ári í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

„Þetta eru rosalegar tölur, sem er jákvætt,“ segir Sindri sem situr sveittur þessa dagana á Þjóðar-bókhöndunni og undirbýr sig fyrir próf. „Ég datt inn á einhvern stóran spilunarlista sem Spotify gerir og er vinsæll þarna úti. Það er fullt af fólki sem er áskrifendur að þessum listum og síðan hefur lagið haldið áfram að vera spilað.“

Eftir prófin ætlar Sindri að skoða hvort hann geti sótt löndin heim. „Maður þarf að fara að kíkja þarna. Ég er aðeins að átta mig á þessu. Þegar námið er búið þá fer maður að skoða hvernig þessar Spotify-tekjur virka,“ segir hann léttur.

Sindri gaf út sína fyrstu plötu, Way I'm Feeling, í október en hann hefur samið sín eigin lög frá því hann var aðeins 14 ára. Hann er Eyjapeyi í húð og hár, fæddist



Sindri er Eyjapeyi í húð og hár, fæddist þar 1994. Hann spilaði á Þjóðhátíð í sumar sem var mögnuð upplifun að hans sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þar 1994. „Ég hélt útgáfutónleika á Rosenberg og spilaði líka í fyrsta sinn á Airwaves. Svo kom ég fram á Þjóðhátíð í sumar sem var ótrúlega skemmtilegt. Það var eiginlega klikkað. Ég hef spilað áður á Þjóðhátíð en þá var ég ekki að spila mín

eigin lög og það voru fáir í brekkunni. Í sumar fékk ég þetta pláss og það var í einu orði klikkað.“

Sindri segist ætla að einbeita sér að prófunum en vonast til að geta spilað á einhverjum tónleikum eftir áramót. benediktboas@365.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ÍSSKÁPA
STRÍÐ

MIÐVIKUDAGA KL. 19:50

TILIPPO
BERIÐ

HAGKAUP



**MOUNT
HEKLA**

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12



Bakpankar

Bjarna Karlssonar



Sveltum smalann

Tryggvi Emilsson lýsti því í bókinni Fátæku fólki hvernig það var að vera smalastrákur í sveit kringum aldamótin þar-síðustu. Þá þótti dyggð að svelta smalann. Soltinn smali bar vott um ráðdeildarsemi í búrekstri. Síðan hafa liðið hundrað ár og allt er breytt. Nema ekki þetta með smalann. Við viljum hafa fátækt fólk í landinu, ekki sist börn. Annað þykir vart ábyrgt.

Okkur tókst nokkurn veginn að komast í gegnum nýfstaðnar kosningar án þess að ræða tvö aðal-hagsmunamál barna, loftslagsmál og fátækt. Svo kom skýrsla Rauða krossins og minnti okkur á það sem allir vita og enginn deilir um að hundruð barna í landi okkar „búa við ómurlegar aðstæður og eru alin upp til varanlegrar fátæktar“. Það liggja líka fyrir nýlega uppfærðar tillögur frá Velferðarvaktinni byggðar á vinnu margra sérfræðinga um árabíl þar sem því er lýst hvernig megi vinna bug á fátækt í landinu. Þær má finna með því að gúgla: „Skýrsla velferðarvaktarinnar 2015. Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt.“

En nú er aðventan með sínum föstu liðum; það þarf að ræða mannréttindi barna varðandi adventuheimsóknir í kirkjur og svo þarf að sýna myndir af fátæku fólki í röðum að biða eftir mat í poka. En allir vita að við ætlum ekki að hætta að eyðileggja æsku barna með því að bjóða þeim upp á fátækt. Jafnvel þótt tiltölulega auðvelt sé að slá á sárustu hörmungina með nokkrum markvissum kerfisbreytingum og þótt vitað sé að slíkar aðgerðir myndu margborga sig til baka í peningum innan fárra ára þá veljum við að gera ekkert svoleiðis. Enn skal svelta smalann og í besta falli beita aumingjagæsku en forðast skynsemi og réttlæti.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

Hátíðarstund í Fríkirkjunni í Reykjavík

Jólatónleikar til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans fimmtudaginn 8. desember kl. 12



Hanna Dóra Sturludóttir, mezzosópran
Einar Clausen, tenór

Ágúst Ólafsson, barítón

ásamt hljómsveit og kvennakórnum Heklurnar.

Miðasala á tix.is

SALZBURG

BRATTAR OG BROSANDI BREKKUR

frá **10.999kr.***

Tímabil: des. til jan. 2017

SKÍÐIN FLJÚGA FRÍTT MEÐ WOW!

WOW air kemur þér og þínum í almennilegan snjó og alvöru skíðabrekkur í austurrísku Ölpunum. Skíðin fljúga frítt með í desember og janúar ef þú bókar fyrir 5. desember.

Valsaðu til Salzburg og skelltu þér á skíði.

WOW
air